

Innikróuð í eyðimörkinni
LÍFIÐ Í AL-WALEED FLÓTTAMANNABÚÐUN-
UM, ÞAÐAN SEM ÞRJÁTÍU PALESTÍNSKAR
KONUR OG BÖRN KOMA OG FÁ HÉR HÆLI.



KRYDDSMJÖR
gerir grillmat að hreinu lostæti!

FRÉTTABLAÐIÐ

17. maí 2008 – 132. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR



„Ég skildi ekki af hverju Gerður og þulirnir almennt á RÚV voru svona mæðuleg.“

Eva María Jónsdóttir og Gerður G. Bjarklind.


HELGARVIÐTAL 28



heimili & hönnun

HEIMILI & HÖNNUN

VEÐRIÐ Í DAG



STYTTIR UPP SYÐRA Í dag verður yfirleitt hæg suðlæg átt. Rigning á vesturhelmingi landsins en stýttir að mestu upp sunnan til eftir hádegi. Hiti 5-12 stig, hlýjast inn til landsins vestan til.

VEÐUR 4

E S E D R A



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16



DORGÆÐ VIÐ HÖFNINA Á tímum hækkanði matvælaræðs er gott að vita til þess að hægt er að ná sér kvótalaust í spriklandi fisk með því að renna spúni í sjóinn, eins og þessir menn gerðu við Reykjavíkurbörn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Óseljanlegu áfengi fargað:

Oft fargað meira áfengi

ENDURVINNSLA Starfsmenn endurvinnslufyrirtækisins Hringrásar unnu hörðum höndum í gær við að farga víni.

Um var að ræða þúsundir af flöskum og dósnum með áfengi sem ýmist var komið fram yfir síðasta sóludag, hafði skemmst eða orðið innlyksa í tolli. Einnig var fargað þarna áfengi sem smyglað hafði verið til landsins og gert upptækt.

Hringrás fargar áfengi tvisvar til fjórum sinnum á ári að sögn Jóhanns Karls Sigurðssonar, rekstrarstjóra spilliefnadeildar. „Magnið sem þarf að farga helst í hendur við efnahagsástandið í þjóðfélaginu. Þegar ástandið er gott er meira um þetta en þegar illa horfir. Það hefur oft verið meira magni fargað en í dag,“ segir Jóhann.

- kg

Ferðapjónustan kastar krónunni

Ferðamenn geta í sumar valið í hvaða mynt þeir borga sé greiðslukort notað. Nú er hægt að velja á milli evru og íslensku krónunnar. Katla Travel greiðir ekkert nema laun í krónum.

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðapjónustufyrirtæki hafa boðið ferðamönnum að greiða í evrum ef greitt er með kreditkort. Jóhannes Ingi Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Kortapjónustunnar, segir að farið hafi verið af stað með þessa tækni í fyrrasumar og nokkur fyrirtæki hafi þegar tekið hana í þjónustu sína.

„Sum ferðapjónustufyrirtæki eru með lán í evrum. Ferðapjónustan auglýsir sitt verð í evrum og erlendri mynt á heimasíðum erlendis. Þegar ferðamaður kemur til Íslands veit hann ekkert hvað hefur verið að gerast með íslensku krónuna og vill hafa bara sína gjaldskrá í evrum og setja á kortið,“ segir Jóhannes Ingi og bætir við að tæknin sé tilbúin hafi íslenskt atvinnulíf áhuga á að evruvæða greiðslukerfið.

Sú tækni sem um ræðir gerir ferðamönnum kleift að velja í hvaða mynt þeir greiða. Þeir renna þá kreditkortinu sínu í gegnum posa sem hefur innbyggða gengistöflu og sýnir upphæðina bæði í krónum og erlendri mynt. Söluaðilinn fær síðan greitt í þeirri mynt sem verður fyrir valinu.

Um tvenns konar posa er að ræða. Ef posinn er stilltur á evrur í staðinn fyrir íslenskar krónur gerir hann upp í evrum og þá fær söluaðilinn greitt í evrum inn á sinn reikning. Hinn posinn gefur möguleika á því að greiða í mynt viðkomandi viðskiptavinar.

Norðursigling á Húsavík ætlar að bjóða viðskiptavinum sínum upp á að greiða í erlendum gjaldreyri í posa í sumar. Hörður Sigurbjarnarson framkvæmdastjóri segir að viðskiptavinurinn geti greitt í þeim gjaldreyri sem hann kjósi þó að áhersla verði lögð á evru.

„Þetta eru fyrst og fremst þægindi fyrir ferðamennina en líka fyrir fyrirtæki sem eru með lán í erlendri mynt,“ segir hann.



Þetta eru fyrst og fremst þægindi fyrir ferðamennina en líka fyrir fyrirtæki sem eru með lán í erlendri mynt,

HÖRÐUR SIGURBJARNARSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI

„Á síðustu árum höfum við verið að taka lán í erlendri mynt frekar en í íslensku krónu eins og flest fyrirtæki og þess vegna er það kærkomin breyting að fá gjaldreyri fyrir okkar þjónustu.“

Katla Travel er í hópi þeirra fyrirtækja sem taka upp nýju posana í sumar. Pétur Óskarsson, einn eigenda, segir að Katla greiði ekkert nema laun í íslenskum krónum. Tveir þriðju ferðapjónustunnar í landinu fá þegar greitt í erlendri mynt.

- ghs

Sigurður G. Guðjónsson segir ákæru á hendur veðmálafyrirtæki fráleita:

Betsson ákært vegna auglýsinga

DÓMSMÁL Gefin hefur verið út ákæra á hendur veðmálafyrirtækinu Betsson með vísan til laga um happdrætti með það fyrir augum að stöðva auglýsingar frá veðmálafyrirtækinu.

Híð erlenda Betsson hefur um nokkurt skeið auglýst fjárhættuspil og veðmál á vefsíðu sinni í íslenskum fjölmiðlum.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Betsson hér á landi, segir málið til marks um forræðishyggju og telur málatilbúnaðinn allan fráleitan. Sem dæmi um vandræðagang hins opinbera hafi það átt í

nokkrum vandræðum með að boða menn í yfirheyrslu vegna málsins.

„Þeir boðuðu mig í yfirheyrslur en ég hef bara veitt lögfræðilega ráðgjöf og fráleitt að ég sé yfirheyrður um það.“

Eini maðurinn sem þeir gátu hugsanlega ákært reyndist sómamaðurinn Þórmundur Bergsson hjá MediaCom. Það er fyrirtæki sem veitir ráðgjöf um hvar best er að koma auglýsingum fyrir með tilliti til ákveðinna markhópa,“ segir Sigurður.

- jbg/sjá síðu 58

**NÆSTUM NÝIR
NOTAÐIR BÍLAR**

www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

Klettháls 11 | Laugavegur 174

OPIÐ

til **20**

alla daga

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



LITIR, LÍF & ENDALAUST ÚRVAL

Sumarið er tími endurnýjunar, allt blómstar og springur út í litadýrð og gleði. Verlanir Kringlunnar eru fullar af nýjum og spennandi sumarvörum sem gera lífið skemmtilegra. Komdu og finndu eitthvað sumarlegt til að gleðja þig eða aðra.

Opið 10-18 í dag



Mán til mið 10-18.30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18

www.kringlan.is / skrifstofa 568 9200

Kringlan

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	73,88 74,24
Sterlingspund	143,94 144,64
Evra	114,22 114,86
Dönsk króna	15,307 15,397
Norsk króna	14,518 14,604
Sænsk króna	12,224 12,296
Japanskt jen	0,7047 0,7089

SDR	119,44	120,16
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	147,7172	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Eftirskjálftar valda frekara tjóni í Kína og torvelða björgunarstörf:

Reiði almennings brýst út

KÍNA, AP Stjórnvöld í Kína áttu í gær í mestu vandræðum með að svara spurningum frá reiðum almenningi um það hvers vegna svo margar skólabyggingar hefðu hrundið eins og spilaborgir þegar jarðskjálftinn mikli reið yfir á mánudaginn.

Loforð voru gefin um að rífa skólabyggingar, sem vitað er að standast ekki sterka jarðskjálfta, og byggja nýjar.

Stjórnvöld hafa einnig verið gagnrýnd fyrir að vara fólk ekki við hugsanlegum skjálfta. Sagt er að stjórnvöldum hafi borist í tæka tíð spá frá jarðfræðingum, sem töldu miklar líkur á stórum



FÓLKI BJARGAD Í BEICHUAN Kínastjórn er sökuð um að hafa þaggað niður spá jarðfræðinga um jarðskjálftann mikla í Sechuan-héraði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

skjálfta á þeim slóðum þar sem hann svo varð. Þessar upplýsingar eru sagðar hafa verið þaggaðar niður.

Björgunarfólk hefur nú loksins komist til allra þeirra svæða sem urðu illa úti í jarðskjálftanum. Gríðarleg eyðilegging blasir við í Beichuan-sýslu, þar sem björgunarfólk hefur átt erfitt með að komast leiðar sinnar vegna skemmda á vegum.

Nánast engar heilar byggingar eru í sýslunni og rústirnar gnæfa víða við himin. Um tíu manns var bjargað á lífi úr rústunum í gær, fjórum dögum eftir að skjálftinn varð.

Nokkrir sterkir eftirskjálftar öllu enn frekara tjóni í gær og skriðuföll lokuðu á ný vegum, sem ruddir höfðu verið.

- gb

Grunnframfærslan hækkar: Nýjar úthlutunarreglur LÍN

MEINTUN Nýjar úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir næsta skólaár taka gildi 1. júní næstkomandi.

Fela nýju reglurnar í sér meiri breytingar milli ára en viðskiptavinir sjóðsins hafa átt að venjast undanfarin ár. Meðal breytinga er að í stað kröfu um tiltekna námsframvindu á hverju misseri eða hverri önn er nú litið á skólaárið heildstætt. Þá hækkar grunnframfærsla um 7 prósent, eða úr 94.000 í 100.600 krónur, og námsmenn erlendis öðlast nú sama rétt og námsmenn á Íslandi til lána vegna skólagjalda.

- ovd



STARFSGREINASAMBANDIÐ TIL FUNDAR FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Starfsgreinasambandið:

Vilja meiri kraft í viðræður

KJARAMÁL Forystusveit Starfsgreinasambandsins, SGS, átti fund með forsætis-, utanríkis-, félagsmála- og fjármálaráðherra í gærmorgun og var farið yfir stöðu kjaraviðræðna við samninganevnd ríkisins. Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri SGS, sagði að fundurinn hefði verið jákvæður.

Samninganevnd SGS og ríkisins hittast í dag. Skúli segir að ekki hafi verið mikil alvara í viðræðunum fram að þessu en vonir standi til að nú komi meiri kraftur í þær.

- ghs

Magnús Pétursson:

Til ráðgjafar í félagsmálaráðuneytinu

STJÓRNSÝSLA Magnús Pétursson, fyrrverandi forstjóri Landspítalans, hefur verið ráðinn til tíma-bundinna starfa í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Verður hann ráðgefandi við stefnumótun og samskipti ráðuneytisins við stofnanir þess.

Magnús, sem er ráðinn til félagsmálaráðuneytisins til áramóta, lét af starfi forstjóra Landspítalans 1. apríl síðastliðinn. Hann var áður ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins.

- bps

Frost í hagkerfinu má ekki verða of mikið

Bankarnir þurfa erlendan gjaldeyri að láni frá Seðlabankanum til að stuðla að frekari styrkingu krónunnar. Verðbóluskotið gæti nú gengið yfir með eðlilegum hætti. Horft er til fleiri samninga Seðlabankans um gjaldeyrisriskipti.

EFNAHAGSMÁL Með aðgerðum Seðlabanka Íslands í gær batna forsundur til að verðbóluskotið, sem nú stendur yfir, gangi yfir með eðlilegum hætti, að mati Ólafs Ísleifssonar, lektors við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. „Hins vegar er ekki annað að sjá en hagkerfið hafi kólnað mjög og verkefnið fram undan kannski ekki einungis að gæta að verðbólgu, heldur að því að hagkerfið kólni ekki um of,“ bætir hann við og bendir á að teikn séu um að margt sé þegar tekið að frjósa fast.

Helsta vandamál krónunnar um þessar mundir er skertur vaxtamunur á gjaldmiðlaskiptamarkaði, segir greiningardeild Kaupþings. Vandinn kemur meðal annars fram í að kaup á krónum í framvirkum samningum bera enga vexti og gera hana að lakari fjárfestingarkosti. Greiningardeildin bendir á að kjör á gjaldmiðlaskiptamarkaði hafi ekki batnað í kjölfar kynningar á gjaldeyrisriskiptasamkomulagi Seðlabanka Íslands við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs í gær. „Enda hafa aðgerðirnar ekki bein áhrif á aðgengi bankanna að gjaldeyri,“ segir í skrifum greiningardeilarinnar. Helsta forsenda þess að gjaldmiðlaskiptamarkaðurinn komist í betra horf er sögð vera að aðgangur bankanna að erlendum gjaldeyri batni.

„Samningarnir sem Seðlabankinn kynnti í gær hafa að meginmarkmiði að gefa Seðlabankanum færi á að lána bönkunum



DAVÍÐ ODDSSON Við kynningu á nýju samkomulagi Seðlabanka Íslands við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um gjaldmiðlaskipti í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samningarnir sem Seðlabankinn kynnti í gær hafa að meginmarkmiði að gefa Seðlabankanum færi á að lána bönkunum laust fé í erlendri mynt ef aðra kosti þrýtur og að því leyttinu til skapar þetta auknið traust á fjármálakerfinu.

ÓLAFUR ÍSLEIFSSON LEKTOR VIÐ VIÐSKIPTAÐEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

laust fé í erlendri mynt ef aðra kosti þrýtur og að því leyttinu til skapar þetta auknið traust á fjármálakerfinu. En þetta er verkefni á sviði fjármálastöðugleika,

ekki allsherjarinnlegg við lausn efnahagsvanda,“ segir Ólafur Ísleifsson og bætir við að hér hafi ríkisvaldið horft upp á mikinn uppgang bankakerfisins og með glöðu geði tekið við tugum milljarða skatttekna úr því í ríkissjóð án þess þó að hreyfa legg eða lið til að bæta starfsumhverfi atvinnugreinarinnar. „Aðgerð Seðlabankans nú er því mjög jákvæð og menn hljóta að mega vænta þess í ljósi yfirlýsinga bankans og forsætisráðherra að sambærilegir samningar við Seðlabanka Evrópu og Englandsbanka líti dagsins ljós,“ segir hann, og í sama streng tekur greiningardeild Kaupþings.

olikr@markadurinn.is / sjá síðu 12



ÁÐSTOÐ Kínverski Rauði krossinn fær 7,8 milljónir frá Íslendingum.

Jarðskjálftinn í Kína: Íslendingar veita aðstoð

NÁTTÚRUHAMFARIR Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að veita Kínverjum aðstoð að andvirði 7,8 milljóna íslenskra króna vegna náttúruhamfaranna í Sichuan-héraði, segir í fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.

Féð rennur til hjálparstarfs kínverska Rauða krossins sem hefur sinnt neyðarhjálp í kjölfar jarðskjálftans, sem sagður er sá mannskæðasti í landinu í þrjá áratugi.

Kínversk stjórnvöld telja líklegt að yfir 50.000 manns hafi farist í hamförumum í suðvesturhluta landsins. Einnig er talið að tugir þúsunda annarra séu grafnir lifandi undir húsarústum.

- kg

STJÓRNSÝSLA

Átta sóttu um embætti

Átta umsóknir bárust um embætti sýslumannsins í Keflavík. Dómsmálaráðherra mun skipa í embættið frá 1. júní til fimm ára í senn. Umsækjendur eru: Árni Haukur Björnsson, Ásgeir Eiríksson, Brynjar Kvarn, Halla Bergþóra Björnsdóttir, Halldór Frímannsson, Úlfar Lúðvíksson, Þórólfur Halldórsson, og Þuríður Árnadóttir.

ostur.is

Grill og ostur

– ljúffengur kostur!

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson Veðurfræðingur

VÆTUSAMT NORÐVestan til Það er nokkuð ákveðið úrkomusvæði á leiðinni yfir á norðvestanvert landið. Þetta þýðir að fyrir hádegi má gera ráð fyrir vætu á öllum vesturhelmingi landsins, en eftir hádegi styttrir að mestu upp syðra en þá verður farið að blotna austan til á Norðurlandi, allt austur að Eyjafirði.

Á MORGUN Hæg, SA-læg átt.

MÁNUDAGUR 5-13 m/s, hvassast með suðurstöndinni

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	15°
Ósló	6°
Stokkhólmur	10°
Gautaborg	16°
London	15°
Paris	19°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	18°
Berlín	22°
Alicante	22°
Mallorca	22°
Basel	18°
Eindhoven	17°
Las Palmas	23°
New York	22°
Orlando	31°
San Francisco	18°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Stjúpur
10 stk.
599

Sumarblómahátíð í Blómavali



Hengilóbelía
499



Snædrífa
699



499

Rabarbaraplanta



Tóbakshorn
399

Í garðinum í Skútuvogi, í Grafarholti og á Selfossi verður boðið upp á pylsur

Milli kl. 12:00 og 14:00



ÍS á
10 kr
í Skútuvogi



Ný sending
af sumarblómum

Soldis
Silkitré & silkiblóm



blómaval

Heillandi heimur



Vilt þú að Íslendingar taki á móti erlendum flóttamönnum?

Já	40,7%
Nei	59,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að ESB á þessu kjörtímabili?

Segðu þína skoðun á visir.is



Hæstiréttur Kaliforníu felldi úr gildi bann við hjónabandi samkynhneigðra: Áköf fagnaðarlæti brutust út

KALIFORNÍA, AP Samkynhneigðir íbúar í Kaliforníu fögnuðu ákaft þegar hæstiréttur ríkisins felldi á fimmtudag úr gildi bann við því að samkynhneigðir gangi í hjónaband.

„Ríkisvald okkar viðurkennir nú að geta einstaklings til þess að stofna til kærleiksríks og langvarandi sambands við annan einstakling og að sinna og ala upp börn af fullri ábyrgð fer ekki eftir kynhneigð hans,“ sagði Ronald George, yfirdómari hæstaréttar Kaliforníu.

Í Kaliforníu er þó enn að finna harða andstæðinga þess að samkynhneigðir gangi í hjónaband.



DANSABÍ SAN FRANCISCO Samkynhneigðir fögnuðu ákaft þegar niðurstaða hæstaréttar lá fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þeir ætla nú að krefjast þess að stjórnarskrá Kaliforníu verði breytt, þannig að í hana verði sett ákvæði sem banni slík hjónabönd.

Arnold Schwarzenegger ríkisstjóri hefur þó sagst ætla að berjast gegn slíkri stjórnarskrárbreytingu.

Í Rússlandi sendu samkynhneigðir beiðni í gær til Dimitrís Medvedev, arftaka Vladímírs Pútín á forsetastóli, um að fá að halda gleðigöngu í Moskvu í lok mars. Júrí Lúskov, borgarstjóri í Moskvu, hefur ítrekað bannað þeim að ganga stoltir um götur borgarinnar, og segist líta svo á að samkynhneigð sé frá djöflinum komin.

Benedikt XVI páfi í Róm ítrekaði í gær andstöðu sína við hjónabönd samkynhneigðra. -gb

Vörurkarfa ASÍ: Verðið breyttist lítið milli vikna

MATARVERÐ Verð á vörurkarfu ASÍ breyttist lítið í flestum verslunum milli síðustu viku aprílmánaðar og annarrar viku maí. Mest hækkaði verð vörurkarfunnar í Nóatúni, eða um 1,9 prósent, um 1,5 prósent í 11-11 og um tæplega eitt prósent í Samkaupum-Úrvali.

Mest lækkaði verð körfunnar í Nettó, eða um 2,7 prósent. Lækkunina má að mestu leyti rekja til lækkunar á verði kjötvöru í vörurkarfunni en aðrir vöruflokkar hækkuðu almennt. Þetta kemur fram á fréttavef ASÍ.

Litlar breytingar urðu á verði í öðrum verslanakeðjum. -ghs

FJÁRFESTINGARBANKI

Ert þú í eignastýringu?

sérþekkt árangur persónuleg

EIGNASTÝRING MP
óháður aðili - virk stýring

Kynntu þér málið og hafðu samband - við tökum vel á móti þér

www.mp.is Sími 540 3200

2 fyrir 1 til

Barcelona

23. maí

frá kr. **19.990**



Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum til Barcelona 23. maí. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástíðni við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu öllu því úrvali fjölbreyttra verslana sem eru í borginni. Griptu þetta frábæra tækifæri - órfá sæti laus!

Verð kr. **19.990**

Netverð á mann. Flugsæti með sköttum, m.v. útflug 23. maí og heimflug 30. maí eða 6. júní.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Umræða um Evrópumálin er á villigötum

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir segir samhljóm í þingflokki Sjálfstæðisflokksins um Evrópumál. Hins vegar séu skiptar skoðanir um hvernig nálgast skuli þetta mikilvæga mál. Hún segir umræðuna á villigötum og skila engu svona.

EVROPUMÁL „Það er samhljómur í þingflokkinum en menn eru hins vegar með skiptar skoðanir á því hvernig á að nálgast viðfangsefnið,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, spurð hvort ágreiningur sé á milli hennar og annarra ráðherra Sjálfstæðisflokksins um Evrópumál.

„Ég fagna því að við erum að dýpka umræðuna og það er gott fyrir alla. Ég hef engar áhyggjur af því þó það sé einhver ágreiningur um Evrópumálin, hvort sem það er innan Sjálfstæðisflokksins eða í samfélaginu. Mikilvægast er að það fari fram forðumalaus umræða og ég er orðin þreytt á því ofstæki sem er á báða bóga, hvort sem menn eru Evrópusinnar eða andstæðingar aðildar.“

Þorgerður Katrín lýsti þeirri skoðun sinni á fundi í Kópavogi í vikunni að þjóðaratkvæðagreiðsla kæmi til greina á næsta kjörtímabili um hugsanlegar viðræður um ESB-aðild. Eins að gerðar verði nauðsynlegar stjórnarskrárbreytingar í því sambandi. Undir þessa skoðun hafa aðrir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal Geir H. Haarde forsætisráðherra, ekki tekið.

„Ég tel að mikilvægt sé að breyta stjórnarskránni svo við höfum þann möguleika að fara með málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er alveg rétt að það eru ekki allir þeirrir skoðunar en ég segi það óhikað engu að síður. Í því er ekki fólgið að menn fari sjálfkrafa í aðildarviðræður en menn verða tilbúnir og það er ekki búið að loka leiðum ef menn komast að málefnalegri niðurstöðu eftir kosningar“, segir Þorgerður.



niðurstöðu eftir kosningar“, segir Þorgerður.

Þorgerður og Björn Bjarnason hafa bæði sagt að umræðan um Evrópumál sé hálfgerður blekkingarleikur.

Spurð um málflutning Samfylkingarinnar segir Þorgerður að þeim orðum sé ekki beint að samstarfsflokkinum í ríkisstjórn. „Við verðum að gera okkur grein fyrir að Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur þetta

á stefnuskránni en það er líka ljóst að þessi ríkisstjórn hefði aldrei verið mynduð ef aðild að ESB hefði verið uppi á borðinu.“

Björn Bjarnason hefur lýst þeirri skoðun sinni að Evrópumálið sé þess eðlis að deilur gætu klofið Sjálfstæðisflokkinn. Því samsinnir Þorgerður ekki. „Við erum þá sterk að við getum tekið á við umræðuna. Mín afstaða er skýr. Ég er mótfallin því að ganga í Evrópusambandið en ég vil sjá umræðuna þróað með öðrum hætti en hingað til.“

svavar@frettabladid.is

Ríkisskattstjóri og Skattrannsóknarstjóri ríkisins stofnanir ársins að mati SFR:

Varla galdrar hjá Skúla Eggert

VINNUMARKAÐUR Ríkisskattstjóri og Skattrannsóknarstjóri ríkisins eru stofnanir ársins 2008, samkvæmt niðurstöðum könnunar SFR, stéttarfélags í almannabágu.

SFR birti í gær niðurstöður úr viðamikilli könnun á íslenskum ríkisstofnunum, þriðja árið í röð.

Stofnunum var nú í fyrsta skipti skipt í tvo flokka. Í flokki stofnana með 50 eða fleiri starfsmenn fékk Ríkisskattstjóri hæsta einkunn, og hækkar sig um 45 sæti milli ára.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins fékk bestu einkunnina í hópi smærri stofnana, en stofnunin var valin stofnun ársins síðustu tvö ár.

Árangur Ríkisskattstjóra vekur athygli, segir Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri SFR, í leiðara SFR-blaðsins. Þar er fjallað um niðurstöður könnunarinnar.

Skúli Eggert Þórðarson tók við embætti Ríkissaksóknara á síðasta ári, en hafði þar á undan gegnt starfi Skattrannsóknarstjóra. Þórarinn spyr hvort þessi góði árangur stofnana undir stjórn Skúla sé tilviljun.

„Varla eru þetta galdrar,“ skrifar Þórarinn. „Líklegri skýring er sú að viðkomandi forstöðumaður beiti þeim áherslum í stjórnun sinni sem kallar fram það besta í starfsmönnum og það skili sér í þessari niðurstöðu.“ -bj



SIGURSÆL Þau Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri ríkisins, tóku í gær við viðurkenningum fyrir að stýra stofnunum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**DAGSKRÁ Í GÖNGUGÖTU
FRÁ KL. 14.00 Í DAG**

- ★ **INGÓ** úr Veðurguðunum kynnir og syngur „Bahama“
- ★ Krakkatískusýning
- ★ Lalli töframaður

**OPIÐ
11-18
Í DAG**

KRAKKADAGAR

Nú höldum við Krakkadaga í Smáralind. Verslanir okkar eru troðfullar af glænýjum sumarvörum fyrir krakka á öllum aldri.

Ekki missa af Krakkadögum í Smáralind – fjör fyrir alla fjölskylduna!

★ **Andlitsmálarar og blöðrugerðarfólk á vappi í göngugötu**

★ **Hoppukastalar í Vetrargarði**



Opið: Mán, þri, mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18
sími 528 8000 / smaralind.is

Sumarferð til Barcelona



13.-16. júní

Fararstjóri: Halldór Stefánsson

Verð á mann í tvíbýli

65.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hesperia-hótelinu með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.



Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Proskapjálfafræði B.A.

Proskapjálfafræði starfa við ráðgjöf og stefnumótun vítt og breitt í samfélaginu. Nemendur geta sérhæft sig í starfi með börnum og unglingum eða í þjónustu við fullorðna.

MENNTAVÍSINDASVIÐ

www.khi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Umsóknarfrestur er til **5. júní** / Skráning og upplýsingar á www.khi.is

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Guðlaug Kristjánsdóttir kjörin formaður á aðalfundi BHM:

Lítið þokast í samningum

KJARAMÁL Aðalfundur BHM lýsti í gær yfir áhyggjum vegna pattsstöðu í samningaviðræðum við ríkið og sagði óviðunandi að samninganefndir mættu á fundi án þess að nokkrar eiginlegar viðræður ættu sér stað.

Kyrrstaða væri „alfarið“ á ábyrgð fjármálaráðherra. Aðildarfélögum BHM er enn boðið upp á samning með forsenduákvæði sem þegar er brostið og því er það skýlaus krafa aðalfundar að fjármálaráðherra veiti samninganefnd sinni umboð til að ræða um samningsmarkmið sem sátt gæti náðst um“, segir í ályktun aðalfundarins.

Guðlaug Kristjánsdóttir, Stéttarfélagi sjúkráþjálfa, var kjörin formaður BHM á aðalfundinum. Páll Halldórsson, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, var kjörinn varaformaður.

Samninganefnd BHM hitti samninganefnd ríkisins á fundi í fyrradag en Páll Halldórsson, varaformaður BHM, segir að lítið hafi þokast í viðræðunum. Fundur sé boðaður aftur í næstu viku. BHM hafi sem bandalag verið upptekið af sínum málum upp á síðkastið en nú sé komin lausn á þeim og þá sé hægt að ræða hvernig taka skuli á samningamálunum.



NÝR FORMAÐUR Guðlaug Kristjánsdóttir sjúkráþjálfi var kjörin nýr formaður BHM í gær.

Enginn veit hvernig ástandið er í Búrma

Herforingjastjórnin í Búrma getur varla lengur reitt sig á eigin hersveitir. Útlendingum enn ekki hleypt inn á neyðarsvæðin. Hjálpargögn skila sér enn hægt til nauðstaddir. Mesta ógnin er skortur á hreinu drykkjarvatni.

BÚRMA Alþjóðlegar hjálparstofnanir hafa enn ekki hugmynd um hvernig ástandið á hamfarasvæðunum í Búrma er í raun. Herforingjastjórnin hefur ekki hleypt útlendingum á svæðið til að kynna sér ástandið.

Í veffréttamiðlinum Irrawaddy, sem flytur fréttir frá Búrma og öðrum Suðaustur-Asíuríkjum, er haft eftir fyrrverandi yfirmanni í her Búrma að ólíklegt sé að herinn færi að berjast gegn erlendu herliði sem kæmi til að hjálpa landsmönnum, jafnvel þótt yfirstjórn hersins skipaði svo fyrir.

Hermennirnir og fjölskyldur þeirra hafa farið jafn illa út úr hamförunum og aðrir landsmenn.

Í sama miðli segir að almenníngur í landinu geri sér fulla grein fyrir því að Búrma sé eitt fátækasta land í heimi eftir nærri hálfri aldar stjórn herforingjaklíkunnar.

Herforingjastjórnin viðurkennir óbeint að erlend hjálpargögn hafi ekki öll skilað sér til nauðstaddir. Fréttir hafa borist af því að yfirmenn í hernum hafi tekið hjálpargögn og selt á markaði.

Þá hafa borist fréttir af því að herforingjastjórnin hafi rekið flóttafólk úr klastrum, þar sem það hafði leitað skjóls, af ótta við að munkarnir hafi „slæm áhrif“ og innræti fólkinu andstöðu við stjórnvöld.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, var óvenju harðorður í vikunni þegar hann sagði það „gjörðsamlega óviðunandi hve hægt viðbrögðin



TEKIÐ TIL MATAR SÍNS Þessi börn í einu úthverfa Rangún nutu í gær góðs af matargjöfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

við þessu alvarlega ástandi“ hefðu verið.

Hann sagði þó ekki rétt að einstök ríki færu upp á sitt eindæmi að senda herlið inn í landið með hjálpargögn í óþökk stjórnvalda. Það væri verkefni öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna að taka afstöðu til aðgerða af því tagi.

Sameinuðu þjóðirnar telja að allt að tvær milljónir manna séu í nauðum staddir vegna ástandsins. Einungis lítill hluti þessa hóps hefur fengið minnstu aðstöð. Nánast öruggt er að æ fleiri

þeirra veikjast úr farsóttum og deyja berist þeim ekki hjálp hið fyrsta.

Thomas Gurtner, sem er yfirmaður hjá Rauða krossinum, segir að skortur á hreinu neysluvatni muni valda flestum dauðsföllum á næstu dögum.

„Að útvega hundruðum þúsunda manna á óshólmavæðinu hreint vatn krefst meiriháttar aðgerða, sem við höfum hvorki efni, leiðir né mannafla til að sinna,“ sagði hann.

gudsteinn@frettabladid.is

Þú slærð í gegn

með Siemens



SIEMENS

Eldunartæki,
kælitæki,
og uppvottavél
í eldhúsið þitt.
Sannarlega
góð hugmynd!

**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

200%

AFSLÁTTUR

af ÖLLU
á dömuna;
fatnaði, undirfötum
& skóm

föstudag, laugardag og sunnudag

Nýtt
kortatímabil!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Bensínið á snekkjuna of dýrt þetta árið?

En þú kemst samt í sólina með Plúsferðum :)

Draumaeyjan Lanzarote

Verð frá:

43.117 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn á Playa Flamingo íbúðarhótelinu með 1 svefnherbergi í 7 nætur. Verð frá 53.135 kr fyrir 2 fullorðna í 7 nætur. Verðdæmin miðast við brottför 26. ágúst.

Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is



PLÚSFERDIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

www.plusferdir.is

Premur BT-verslunum lokað á næstunni:

Sex starfsmönnum sagt upp

VIÐSKIPTI Stjórn Árdegis, sem er eigandi verslana BT á Íslandi, hefur ákveðið að loka verslunum BT á Akranesi, Hafnarfirði og á Ísafirði á næstunni. Sex starfsmönnum hefur verið sagt upp en öðrum verið boðin önnur störf innan fyrirtækisins.

Versluninni á Akranesi verður lokað í þessari viku að sögn Ingvaldar Einarssonar, framkvæmdastjóra BT, en hinar munu loka um næstu mánaðamót. Öllu starfsfólki í Hafnarfirði og flestum á Akranesi hafa verið boðin önnur störf.

„Þetta eru tiltölulega óarðbærar einingar,“ segir Ingvaldur. „Það var því aðeins um tvennt að velja;

annaðhvort að hækka verð eða loka og við tókum seinni kostinn. Við erum nú að vinna í því að uppfæra vef okkar og stefnum að því að gera fólki á landsbyggðinni kleift að nýta sér þjónustu okkar, helst án nokkurs aukakostnaðar.“

Í vetur sameinuðust BT og Merlin sem verið hefur með fjölda verslana í Danmörku. „Eftir sameiningu höfum við lokað tíu verslunum Merlin en opnað aðrar fjórar.“ Þeirra á meðal er ein sem opnuð var á Vesturbrú í Kaupmannahöfn í gær. Merlin rekur 42 verslanir, allar þar í landi, en BT mun eftir næstu mánaðamót reka sjö verslanir, allar hérlendis. -jse



NÝ VERSLUN MERLIN OPNAR Í KAUPMANNAHÖFN Merlin, sem rekið er af sama fyrirtæki og BT, opnaði nýja verslun í Kaupmannahöfn. Verslunum Merlin hefur fækkað undanfarið og eins verslunum BT sem lokar nú verslunum á Ísafirði, Akranesi og í Hafnarfirði.

Ríkið sýknað af bótakröfu:

Kona smitaðist við blóðgjöf

DÓMSMÁL Hæstiréttur sýknaði á fimmtudaginn ríkið af bótakröfum konu sem smitaðist af lifrabólgu C við blóðgjöf á Landspítalanum. Með dómnum er dómi héraðsdóms frá mars 2007 snúið.

Konan lagðist inn á sjúkrahús árið 1990 vegna nýrnasjúkdóms og þurfti þá á blóðgjöf að halda. Premur árum síðar kom í ljós að blóðið hún hafði fengið var sýkt af lifrabólgu C en konunni var ekki gerð grein fyrir sýkingunni fyrir en sex árum síðar.

Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að konan hafi ekki sýnt fram á að athafnaleysi starfsmannanna Landspítalans hafi verið orsök vanlíðunar hennar. Var ríkið því sýknað af bótakröfu konunnar.

- ovd



TÓK VEL Í ERINDIÐ Katrín G. Einarisdóttir skrifstofumaður óskaði eftir því við Heilsumverndarstöðina að sjúkráfravistum hennar yrði eytt úr grunni stöðvarinnar. Teitur Guðmundsson sviðsstjóri tók því vel og kvaðst myndu kalla í hana til að staðreyna þetta. Það myndi þó taka nokkurn tíma. Ekki hefur enn verið haft samband við Katrínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ætlar að eyða sjúkráfravistum

Heilsumverndarstöðin ætlar að eyða upplýsingum um veikindafjarveru starfsmanns úr gagnagrunni sínum. Heilsumfarsmælingar starfsmanna eru skráðar og þeim má eyða „ef fólk vill,“ að sögn sviðsstjóra.

HEILBRIGÐISMÁL Heilsumverndarstöðin ætlar að eyða veikindaskráningum starfsmanns úr gagnagrunni sínum en hefur ekki enn, tæpum þremur vikum síðar, hringt í starfsmanninn til að láta sannreyna að gögnunum hafi verið eytt. Teitur Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Heilsumverndarstöðinni,



KATRÍN G. EINARSDÓTTIR

segir að líka sé hægt að eyða heilsumfarsmælingum þó að þær upplýsingar séu í sjúkraskrárkerfinu. Katrín G. Einarisdóttir skrifstofumaður óskaði eftir því að skráningum um veikindafjarveru hennar frá vinnu í Fríhöfninni yrði eytt úr tölvukerfi Heilsumverndarstöðvarinnar nú þegar hún er hætt hjá Fríhöfninni. Katrín fékk útprentað yfirlit yfir veikindafjarvistir sínar og skrifaði undir móttöku. Hún biður nú eftir að vera kölluð á Heilsumverndarstöðina til að sannreyna að skráningum hafi verið eytt.

Teitur Guðmundsson, sviðsstjóri forvarnarsviðs, gekk frá formlegri beiðni þess efnis að upplýsingum um veikindaföröll Katrínar yrði eytt. Hann sagði að veikindafjarvistir væru skráðar í

aðskilinn gagnagrunn frá sjúkraskýrslunum og ekkert mál að fá þeim eytt. Það gæti hins vegar tekið nokkra daga og haft yrði samband við Katrínu þegar upplýsingum hefði verið eytt úr grunninum og þá gæti hún látið fletta sér upp til að sannreyna að það hefði verið gert.

Katrín starfaði áður hjá Fríhöfninni á Keflavíkflugvelli og þar var starfsfólk skyldað til að tilkynna veikindaföröll til Heilsumverndarstöðvarinnar. Þá var starfsfólkinu gefinn kostur á að fara í almenna heilsumfarskoðun, mælingu á til dæmis hæð, þyngd og blóðþrýstingi, og voru þessar upplýsingar skráðar í grunn hjá Heilsumverndarstöðinni án þess þó að starfsfólkið væri látið vita.

Teitur segir að þessar upplýsingar séu skráðar í sama sjúkraskrárkerfið og notað er á Landspítalanum og hjá heilsumgæslunni. Einungis heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að þessum upplýsingum og „ef fólk vill láta eyða þeim þá er það í sjálfu sér hægt. Við notum þennan gagnagrunn vegna þess að hann er öruggur og viðurkenndur,“ segir Teitur.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að gögn verði ekki að sjúkraskrárkerfi þó að sjúkraskrárkerfi sé notað þar sem þau séu ekki notuð til að veita lækni meðferð. Ekkert virðist því mæla gegn því að þeim verði eytt.

ghs@frettabladid.is

Ný verslun í Borgartúni



Nú höfum við opnað nýja Vínbúð í Borgartúni 26 og aukum þar með þjónustu okkar við viðskiptavini.

VÍNBUÐIN

vinbudin.is

Merkið sem allir eru að tala um



Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2008

Rúmlega **10.000 starfsmenn í 500 fyrirtækjum** tóku þátt í stærstu vinnumarkaðskönnun landsins og hlutu alls 40 fyrirtæki nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2008**.

Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum mældust afar vel og óskum við þeim innilega til hamingju. Kynntu þér niðurstöðurnar í heild á www.vr.is.

Stærri fyrirmyndarfyrirtæki:

- | | |
|-----------------------------|---------------------------------------|
| 1. Fjarhitun | 11. Þrek (World Class) |
| 2.-3. Línuhönnun | 12. Icepharma |
| 2.-3. Logos | 13. VGK-Hönnun |
| 4. Kraftvélur | 14. Verkfæðistofa Sigurðar Thoroddsen |
| 5. Fosshótel | 15. Maritech |
| 6. Háskólinn í Reykjavík | 16. Sjóvá |
| 7. Raftækning | 17. Applicon |
| 8. Össur | 18. CCP |
| 9. PricewaterhouseCoopers | 19. Íslensk-ameríska verslunarfélagið |
| 10. Íslenskir aðalverktakar | 20. Deloitte |

Minni fyrirmyndarfyrirtæki:

- | | |
|----------------------|------------------------|
| 1. Vélfang | 11. dk hugbúnaður |
| 2. Gróco | 12. Sigurborg |
| 3. Miracle | 13. Járn og gler |
| 4. Vinnuföt | 14. Teymi |
| 5. Servida | 15. VSB verkfræðistofa |
| 6. Microsoft Íslandi | 16. Auglýsingamiðlun |
| 7. Alskil | 17. Annata |
| 8. Birtingahúsið | 18. Fálkinn |
| 9. Sensa | 19. Skattur og bókhald |
| 10. Fastus | 20. Hvíta húsið |

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
4.863 +1.35%Fjöldi viðskipta: 615
Velta: 9.270 milljónir

MESTA HÆKKUN

BAKKAVÖR +9,45%
SPRON +4,77%
FL GROUP +3,57%

MESTA LÆKKUN

SKIPTI -5,14%
ICELANDAIR -3,25%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,11 +0,42% ... Bakkavör 35,90 +9,45% ... Eimskipafélagið 20,60 +0,49% ... Exista 10,34 +2,38% ... FL Group 6,67 +3,57% ... Glitnir 17,55 +1,45% ... Icelandair Group 20,85 -3,25% ... Kaupþing 788,00 +0,64% ... Landsbankinn 26,00 +0,39% ... Marel 94,00 +0,32% ... SPRON 5,61 +4,77% ... Straumur-Burðarás 11,59 +2,03% ... Teymi 3,49 +0,29% ... Össur 96,20 +0,42%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Jákvætt innlegg

Óhætt er að segja að aðilar á markaði, og raunar í íslensku viðskiptalífi almennt, hafi tekið vel tíðindum gærmorgunsins af gjaldeyrisskiptasamningnum Seðlabankans við norræna systurbanka, að þeim finnska frátöldum. Krónan styrktist umtalsvert; gengi félagi í Kauphöll hækkaði, skuldatriyggingarálag féll og almennt var fólk létt, enda hefur lengi verið beðið eftir tíðindum sem þessum. Ekki þykir spilla fyrir, að forsætisráðherra og formaður bankastjórnar Seðlabankans sögðu báðir að frekari aðgerða væri að vænta innan tíðar.

Dagurinn hans Davíðs

Fremstur í flokki í aðgerðum gærdagsins fór Davíð Oddsson. Hann þótti sýna gamalkunna takta á blaðamannafundi Seðlabankans sem og í hádegisviðtali Stöðvar 2. Hann sagðist meðal annars skilja vel þá sem hefðu verið orðnir langeygir eftir aðgerðum sem þessum, en tiltók að allt tæki þetta tíma og mikilvægt væri að leita ávallt bestu kjara og hagfelldustu skilyrða. Í máli hans kom einnig fram, að ekki þyrfti að biða jafnlengi eftir næstu skrefum; þau væru á næsta leiti.



Olíudropinn aldrei dýrari

Heimsmarkaðsverð á hráolífu fór í tæpa 128 dali á tunnu á bandarískum fjármálamarkaði í gær eftir að bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sachs sagði í nýrri spá að mikil eftirspurn eftir olíu í Kína gæti keyrt verðið frekar upp. Olíudropinn hefur hækkað um rúm 25 prósent á árinu og hefur aldrei verið hærri en nú. Í spá Goldman Sachs segir að Kínverjar muni þurfa á mikilli olíu að halda seinni hluta árs til að vege upp á móti tjóni sem varð á rafstöðvum í jarðskjálftanum í Sichuan-héraði í vikubyrjun. Megi því búast við að olíutunnan fari upp í allt að 141 dal á tunnu.

- jab

VSÓ RÁÐGJÖF

50 ÁRA 1958 - 2008

Parfnast náttúruverndarlögin endurskoðunar?

Morgunverðarfundur um 37. grein náttúruverndarlaga

Í tilefni af 50 ára afmæli VSÓ Ráðgjafar býður fyrirtækið til síns þriðja morgunverðarfundar **Þriðjudaginn 20. maí kl 8:30 - 10:00 í Háteigi B á Grand Hótel, Reykjavík.**

Í 37. grein náttúruverndarlaga nr. 44/1999 segir að vernda skuli ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi svo sem eldvörp, gervigiga og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóa, fossa, hverir og aðrar heitar uppsprettur, sjávarfítjar og leirur.

Auður Magnúsdóttir umhverfisstjórnunarfræðingur og Sigríður Dr. Jónsdóttir umhverfisfræðingur starfa hjá VSÓ Ráðgjöf. Þær hafa nýlengi rannsókn á vægi þessarar lagagreinar í matsverkefnum og áhrifum hennar á ákvarðanir um matsskyldu, úrskurði í mati á umhverfisáhrifum, útfærslu framkvæmda og skilgreiningu mót-vægisáðgerða. Rannsóknin var styrkt af rannsóknasjóði Vega-gerðarinnar.

Dagskrá:

- **Forsendur 37. gr. náttúruverndarlaga og staða ákvæðisins í lagakerfinu, Sigrún Ágústs dóttir, lögræðingur hjá Umhverfisstjórnuneytinu.**
- **Friðun, verndun og 37. gr. náttúruverndarlaga, Ólafur Páll Jónsson, lektor í heimspæki við Kennaraháskóla Íslands.**
- **Hefur 37. grein náttúruverndarlaga tilætluð áhrif? Auður Magnúsdóttir, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá VSÓ ráðgjöf.**
- **Umræður, spurningar og svör.**

Fundarstjóri: Stefán Gunnar Thors, umhverfissagfræðingur hjá VSÓ ráðgjöf.

Fundurinn er ætlaður opinberum aðilum, framkvæmdaraðilum, ráðgjöfum og öllum þeim sem láta sig umhverfismál varða.

Aðgangur er í boði VSÓ

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir hádegi
19. apríl nk. á netfangið: bergny@vso.is.

VSÓ RÁÐGJÖF

50 ÁRA 1958 - 2008

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Norrænir seðlabankar styðja við bakið á okkur

Seðlabanki Íslands getur fengið allt að 1,5 milljarða evra að láni hjá seðlabankum Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur samkvæmt nýju samkomulagi sem kynnt var í gær. Í kjölfarið styrktist gengi krónunnar um þrjú prósent og lánakjör bæði ríkis og viðskiptabanka bötundu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.



Á KYNNINGU SEÐLABANKANS Í GÆR Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri og Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, kynntu í gær samkomulag þar sem norrænir seðlabankar heita því að lána allt að 500 milljónir evra hver, fari Seðlabankinn hér fram á það.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ef útkastarinn er nógu sterklegur þá fer enginn í hann,“ segir Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands. Þar sagðist hann vísa til ævaforrnar reynslu sinnar af dansleikjahaldi og notaði dæmið til að sýna fram á mikilvægi nýs samnings sem Seðlabankinn kynnti í gær.

Í gærmorgun var boðað til fundar í Seðlabankanum þar sem kynntur var tvíhliða gjaldeyrisskiptasamningur bankans við seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur. Með samningnum tryggir Seðlabanki Íslands sér aðgang að 1,5 milljörðum evra gegn greiðslu í íslenskum krónum. Seðlabankinn getur nýtt sér samningana þegar og ef nauðsyn krefur. Davíð segir samningana ígildi gjaldeyrisskiptasamninga, en þeim fylgi enginn kostnaður nema bankinn kjósi að

nýta sér þann möguleika að taka lán. Þá yrðu kjörin aukin heldur í samræmi við lánakjör seðlabanka í milli og kostnaður því mun minni en ef taka þyrfti lán á almennum markaði.

Eftir samningana hefur Seðlabankinn aðgang að gjaldeyri sem nemur 4,3 milljörðum evra, að sögn greiningardeildar Kaupþings. Í tilkynningu Seðlabankans kemur fram að auka eigi enn þann aðgang á næstunni. Davíð segir hins vegar ekki hæfa að upplýsa nánar um þær aðgerðir eða tímasetningar þeirra. Hann bendir hins vegar á að með samningnum sem kynntur var í gær hafi lánakjör ríkisins batnað mjög.

Viðbrögð markaðarins voru afar

jákvæð. Þegar eftir tilkynningu Seðlabankans um samninginn í gærmorgun tók gengi krónunnar að styrkjast og lánakjör bæði ríkis og banka að batna á alþjóðlegum tilboðsmörkuðum.

„Þessi tilkynning frá Seðlabankanum er mjög jákvætt skref sem og að þeir gefa í skyn að meira sé væntanlegt,“ segir Ingvar H. Ragnarsson, framkvæmdastjóri fjárfestingar Glitnis, og bendir á að skuldatriyggingarálag íslensku bankanna hafi lækkað um 30 til 40 punkta í gær og um 50 punkta hvað íslenska ríkið varðar. „Svo sendi líka lánshæfismatsfyrirtækið Fitch frá sér tilkynningu um að þeir líti þetta jákvæðum augum.“

„Þetta eru mjög jákvæðar fréttir og mjög gott skref,“ segir Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi. „Þetta er mjög hagkvæm leið fyrir Seðlabankann og styrkir mjög stöðuna án þess að auka skuldir. Um leið met ég þetta samkomulag sem ótvíræða stuðningsyfirlýsingu við Seðlabankann og íslensku bankana,“ bætir hann við. Hann kveðst þó engu vilja spá um tímasetningu næstu aðgerða. Ingólfur telur að menn verði þolinmóðari nú þegar fyrstu skrefin liggja fyrir. Seðlabankinn og stjórnvöld þurfi tíma og mikilvægt sé að virða það.

olirik@markadurinn.is

LENGRI HENGINARÓL SEGIR AFTENPOSTEN

„Gjaldyrisskiptasamningurinn miðar að því að styðja Seðlabanka Íslands í viðleitni til að viðhalda stöðugleika í hagkerfi og fjármálalífi landsins,“ sagði Stefan Ingves, seðlabankastjóri Svía, í tilkynningu í gær. „Á tímum óvissu og óróa ber seðlabönkum skylda til að starfa saman.“

Töluvert var fjallað um samning seðlabankanna í erlendum miðlum í gær. Víða var bent á að samningurinn væri til marks um traust á íslensku fjármálakerfi. Sums staðar kvað þó við annan tón. Í netútgáfu Aftenposten í Noregi var haft eftir þarlendum hagfræðingi að Íslendingar „hefðu fengið lengra reipi til að hengja sig í“. Í hádegisviðtalinu á Stöð 2 í gær sagði Davíð að viðbúið hefði verið að fréttatiltalningur yrði misvísandi. Um leið áréttaði hann að þau skref sem Seðlabankinn og viðskiptabankarnir sjálfir hefðu stigið gæfu auknar líkur á að hér gengi vel.

Samkomulagi Seðlabanka fagnað

Viðskiptaráð fagnar samkomulagi Seðlabanka Íslands við Seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur í tilkynningu sem samtökin sendu frá sér í gær. Sama gerði forsætisráðuneytið.

„Tvíhliða gjaldeyrisskiptasamningar sem þessir eru mikilvægt fyrsta skref í eflingu trúverðugleika Seðlabanka Íslands og íslensks hagkerfis,“ segir í tilkynningu Viðskiptaráðs.

Jafnframt er áréttað að vegna þess hve vöxtur íslensku bankakerfisins hafi verið mikill undanfarin ár sé afar mikilvægt að innviðir og stofnanaumgjörð innanlands taki mið af því. „Í kjölfar aukinna lánalína telur Viðskiptaráð skynsamlegt að ríkis-



BÁÐIR ÁNÆGÐIR Geir H. Haarde forsætisráðherra og Erlendur Hjaltason formaður Viðskiptaráðs Íslands á Viðskiptaþingi 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sjóður leitist eftir erlendri lántöku í samstarfi við Seðlabanka Íslands til að auka gjald-

eyrisforða verulega.“ Geir H. Haarde forsætisráðherra kveðst jafnframt fagna samkomulaginu. Í tilkynningu kemur fram að ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafi að undanfögnu undirbúið margvíslegar aðgerðir til að styrkja aðgang Seðlabankans að erlendu lausafé og efla traust á fjármálakerfi og efnahagslífi hér.

„Til þess að bæta virkni peningamálastefnunnar mun ríkisstjórnin meðal annars þegar undirbúa og birta trúverðuga áætlun um umbætur og breytingar á skipulagi Íbúðalánasjóðs,“ segir hann.

Viðskiptaráð fagnar sérstaklega fyrirhuguðum breytingum á Íbúðalánasjóði.

- óka



Í dag er opunarhátíð Fitja í Reykjanesbæ. Nú skartar verslunarmiðstöðin úrvali nýrra verslana og fjölda bílastæða.

Landic Property óskar verslunareigendum til hamingju með nýja og glæsilega verslunarmiðstöð.

LANDIC
PROPERTY

BONUS**BONUS****BONUS**

FERSKUR ÍSLENSKUR KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**NÝTT
KORTATÍMABIL****40%
AFSLÁTTUR 1679**Holta ferskar kjúklingabringur
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR**Holta ferskir kjúklingabitar blandaðir
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR**Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR**Holta fersk kjúklingalæri með legg
449 kr./kg. MERKT VERÐ 748 KR./KG.


998
**DANSKAR frosnar
KJÚKLINGALUNDIR**
700g **998 kr. pokinn.**







79 Bónus flatökur 5 stk
79 kr.

1798 Bónus hangiálegg
1798 kr./kg.

198 Bónus nýbakaðir kleinuhringir
2 stk. 198 kr. SÚKKULADI & VANILLU.

98 Bónus nýbakað baguette
98 kr.

Bónus ís 2 ltr. **198 kr.**
SÚKKULADI OG VANILLU**198**Bónus ís bragðarefur 1 ltr. **198 kr.****198**Bónus íspinnar 24 stk **498 kr.****498**Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.**BONUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BONUS**BONUS****BONUS**

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

**1198**KS frosnar lambalærisneiðar
1198 kr./kg. KRYDDIÐ SJÁLF**2498**KS ferskt lambafillet
2498 kr./kg. KRYDDIÐ SJÁLF**879**KS frosin lambalæri
879 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.**498**Nautaat ferskir ungnautahamborgarar
4 stk með brauði 498 kr.**FERSKT***Ali***SVÍNAKJÖT****30%**
AFSLÁTTURAli ferskt svínaríf
769 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.**30%**
AFSLÁTTURAli ferskar svínahnakkasneiðar
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.**40%**
AFSLÁTTURAli ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.**498**

Ali ferskur svínabógur 498 kr./kg.

**98**Bónus appelsín
2 ltr 98 kr.**BONUS BÝÐUR BETUR**Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

STOFNANIR ÁRSINS 2008

Ríkisskattstjóri og Skattrannsóknarstjóri ríkisins

SFR – stéttarfélag í almannajónustu stendur enn á ný fyrir könnuninni Stofnun ársins. Könnunin náði til SFR félaga og einnig til annarra starfsmanna óháð stéttarfélögum, þar sem stjórnendur leituðu eftir því að allir starfsmenn tækju þátt. Þátttakendur voru spurðir út í vinnutengda þætti eins og trúverðugleika stjórnenda, sjálfstæði í starfi, vinnuálag, vinnuskilyrði, álag og kröfur, sveigjanleika í starfi og fleira.



FYRIRMYNDASTOFNANIR SFR 2008

Stærri stofnanir

1. Ríkisskattstjóri
2. Umferðarstofa
3. Sjálfsbjargarheimilið
4. Landbúnaðarháskóli Íslands
5. Reykjalundur

Minni stofnanir

1. Skattrannsóknarstjóri ríkisins
2. Sýslumaðurinn í Vík
3. Skattstofa Austurlands
4. Skattstofa Vestfjarða
5. Búnaðarsamtök Vesturlands

HÁSTÖKKVARI ÁRSINS

Sýslumaður Snæfellinga

SFR – stéttarfélag í almannajónustu þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Ítarlegri upplýsingar er hægt að fá á vef SFR www.sfr.is.



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU

**ÉG, LÝÐUR ODDSSON
ER ORÐINN
40 ÁRA
ÖLLUM SEM VILJA
SAMGLEÐJAST MÉR
ER BENT Á
AÐ NÚ ER HÆGT
AÐ VELJA TÖLUNA
40 SEM
LOTTÓTÖLÚ**

Nú hafa tvær tölur bæst við Lottóið. Meiri spenna og möguleiki á hærri vinningum. Veldu happatölurnar þínar á bilinu 1-40. Fyrsti útdráttur er 17. maí. Lottó 5/40. Töluvert meira fjör!



Taktu Lottó í áskrift!



lotto.is



580 2500



Sölustaðir

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI



Barnshafandi konum sem neyta fíkniefna fjölgar

segir Jóna Dóra Kristinsdóttir, yfirljósmóðir Mæðraverndar.

Hver er Andrés Önd og Mína Mús Íslands?

Í tilefni af 25 ára íslenskuafmæli Andrésar andar velja álitsgjafar Andabæjarsónur landsins.

Menning

Menning fylgir Fréttablaðinu á sunnudag

Þorlátur dreki á Ólympíuleikum. Umhverfisslysið í Peking. Íslenski dansflokkurinn og Carte Blanche frá Björgvin. Táknatréd í Urriðaholti. Karriere í Kaupmannahöfn. Viðtal við Albert Maysles kvikmyndahöfund. Viðburðir á Listahátíð og margt fleira.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



Listrænn dugnaðarforkur með ríka réttlætiskennnd

Karen Jónsdóttir hefur mikið verið í umræðunni í vikunni eftir að hún gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn á Akranesi.

Karen var kosin í bæjarstjórn fyrir F-lista Frjálslynda flokksins og óháðra. Hún stóð utan flokka, en var í Frjálslynda flokknum um nokkra mánaða skeið í fyrra. Karen er forseti bæjarráðs og með inngöngu hennar í Sjálfstæðisflokkinn komst flokkurinn í hreinan meirihluta.

Karen er menntaður vörustjórnumarfræðingur og starfar hjá Íslenska járnblendifélaginu. Þar sér hún um stækkunarmál ásamt öðru. Vinum og ættingjum ber saman um að rík réttlætiskennnd sé aðalsmerki hennar.

Karen hafði ekki verið áberandi í pólitísku starfi áður en hún tók efsta sæti á F-listanum. Hún hefur hins vegar alltaf haft sterkar skoðanir á hlutunum og verið pólitísk, þótt hún hafi ekki flaggað því.

Samstarfsfólk hennar segir að hún hafi verið eldfljót að setja sig inn í málefni bæjarins. Sem forseti bæjarstjórnar þarf hún að vera vel að sér um öll mál og hún hafi á undraskömmum tíma náð því. Gott sé að vinna með henni og jafnt samherjar sem andstæðingar segja að mannúðin skipi ríkan sess í hennar pólitík.

Faðir Karenar lést árið 1995. Jón var ættaður frá Kúludalsá í Hvalfjarðarsveit. Anna Jóna, móðir hennar, er hins vegar af þekktari Skagaætt, kennri við Gísla Vill.

Ákvörðun Karenar um að söðla um og ganga í Sjálfstæðisflokkinn hefur verið nokkuð umdeild. Félagar í Frjálslynda flokknum hafa gagnrýnt hana en aðrir hafa stutt hana og víst er að einhverjir munu fylgja henni alla leið.

Samherjar hennar í bæjarstjórn Akraness bera samstarfi við hana mjög vel söguna. Hún hafi komið lítt reynd í pólitíkina en vaxið hratt og örugglega.

Viðmælendum ber saman um að trú sé orð sem lýsi Karen vel. Hún sé trú sinni sannfæringu og trú og traust vinum sínum og fjölskyldu. Engu skipti þótt lítið samband hafi verið haft um þó nokkurt skeið, næst þegar rætt sé við hana sé eins og viðkomandi hafi hist síðast í gær. Hún er vinur vina sinna og reynist þeim vel.

Karen er listræn og sem barn hafði hún mjög gaman af því að mála og teikna. Enn þann dag í dag grípur hún í pensilinn til að slaka á og málar eitt og

eitt málverk. Hún kynntist hefðbundnum sveitastörfum í sveitinni hjá afa sínum á Kúludalsá og hefur æ síðan verið vinnuþjarkur. Hún var ekki

uppátækjasamt barn, var frekar róleg og dundaði sér frekar en að göslast um allt.

Karen er elst fimm systkina og reyndist þeim vel. Hún hafði ekkert sérstaklega gaman af þeim leikjum sem gjarnan eru kenndir við stúlknaileiki; dúkkum og barnavögnum. Hún var strákastelpa og hafði meira gaman af leikjunum sem strákarnir voru í en að passa litlu systkini sín.

Karen líður best þegar hún hefur nóg að gera og stundum hefur hún lítinn tíma fyrir áhugamál. Samhliða því að vera forseti bæjarráðs og í nýju starfi hjá

Járnblendifélaginu, hefur hún verið að taka heimili þeirra Kristjáns í gegn. Hún er afskaplega handlagin og getur smíðað, málað og lagað nokkurn veginn hvað sem er. Hún er mjög einbeitt og getur gleymt sér í því sem hún er að gera þá stundina. Þá verður hún stundum nokkuð utan við sig, beinir allri athygli sinni að viðfangsefninu þangað til hún hefur leyst það.

Vísindi skipa stóran sess í áhugasviði Karenar. Hún hefur gaman af vísindaskáldskap og hefur gaman af því að lesa um nýjar vísindauppgötvanir. Náttúru-lækningar heilla hana og hefur hún kynnt sér þær. Hún fer þó ekki á grasafjall ennþá, hefur yfirleitt of mikið að gera.

Karen er óhrædd við að prófa nýja hluti og hún ákvað að skella sér norður á Sauðárkrók og klára stúdentinn þar. Þar kynntist hún Kristjáni og bjuggu þau á Króknum fyrstu sjö ár sambúðar sinnar. Heimahagarnir toguðu þó í hana og þau fluttu á Akranes.

Karen þykir vera ákveðin og beinskeytt en umfram allt heiðarleg. Ákvörðun hennar um að gefa kost á sér í sveitarstjórnarkosningum kom þeim sem nálægt henni standa nokkuð á óvart. Engu að síður fannst þeim það mjög eðlilegt þar sem hún

hefur ætíð haft sterkar skoðanir á hlutunum, þrátt fyrir að hafa ekki tekið þátt í flokksstarfi. Þetta hafi því í raun verið eðlilegt skref fyrir hana. Í bæjarstjórn geti hún enn frekar unnið að sínum hugðarmálum og staðið við sína sannfæringu.

Þrátt fyrir að vera Skagamaður hefur Karen ekki áhuga á íþróttum. Hún sýnir þó íþróttáhuga annarra skilning, annað er nú varla hægt á Akranesi.

KAREN EMILÍA JÓNSDÓTTIR



ÆVIÁGRIP

Karen Jónsdóttir vörustjórnumarfræðingur er fædd 22. maí árið 1967 á Akranesi. Foreldrar hennar eru Anna Jóna Gísladóttir skrifstofumaður og Jón Þórgímsson bifvélavirki. Hann lést árið 1995. Sambýlismaður Karenar er Kristján Baldvinsson pípuþingamaður og eiga þau tvö börn. Soninn Baldvín fjórtán ára, og dótturina Jónbjörgu sem er níu ára. Fjölskyldan er búsett á Akranesi.

Karen ólst upp á Akranesi og varð stúdent á hagfræðibraut frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki árið 1991. Síðar stundaði hún nám við Tækniháskóla Íslands og lauk þaðan prófi í iðnrekstrarfræði árið 2001 og síðan BS-prófi í vörustjórnumarfræðum (logistics) ári seinna.

Á námsárunum starfaði Karen meðal annars á Dvalarheimilinu Höfða á Akranesi, við verslunarstörf og hjá Rafmagnsveitum ríkisins á Sauðárkróki. Eftir að námi lauk starfaði Karen um árabíl sem skrifstofustjóri hjá Klafa ehf. á Grundartanga, sem sér meðal annars um uppskipun og útskipun stóriðjufyrirtækjanna. Nú starfar Karen hjá Íslenska járnblendifélaginu.

Karen skipaði efsta sæti F-listans, Frjálslynda flokksins og óháðra, fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar og varð forseti bæjarstjórnar að þeim loknum. Hún gekk í Frjálslynda flokkinn í janúar 2007 en úr honum aftur í mars sama ár. Hún gekk síðan í Sjálfstæðisflokkinn nú í vikunni.

HVAÐ SEGIR HÚN?

„Ég lít svo á að ég hafi enn fullt umboð kjósenda. Ég kem til með að vinna mín störf á sama hátt og áður. Mínar skoðanir og ég sjálf breytist ekki þótt ég hafi tekið þessa ákvörðun.“ Karen Jónsdóttir í samtali við Skessuhorn.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Karen hefur verið mjög vaxandi í pólitík og er tilbúin að leita sátta. Hún hefur reynt mér mjög vel og því ákvað ég að fylgja henni yfir í Sjálfstæðisflokkinn. Hún áttar sig þó stundum ekki á þeim refskað sem viðgengst í stjórnmálum.“ Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi.

5125050 Auglýsingasími



NÝ VERSLUN Á NÝJUM STAÐ GLÆSILEGRI EN NOKKRU SINNI FYRR



Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði

Opið 10-19 mán-mið, 10-21 fim, 10-19 fös, 10-18 lau og 12-18 sun. **Te & Kaffi** opið alla daga.

habitat 

HOLTAGÖRDUM

Hummer í stað úlfalda

Í dagbók **Práins Bertelssonar** er gerð tillaga um nýja biblíuþýðingu. Einnig er minnst á eilífa rómantík, augnbotna í sundlaugargestum, kínverska glæpasögu, geisla vorsólarinnar og tvennar langþráðar framfarir á vegum Reykjavíkurborgar.



KÆRA DAGBÓK

Práinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 9. MAÍ.

Spænsk póst-rómantík

Venjulegur dagur. Hið fullkomna atburðaleysi og tíðindaleysi sem fylgir því að sitja við skriftir hefur bæði góðar og slæmar hliðar.

Af slæmu hliðunum er einsemdin sem fylgir því að sitja og kraka tilfinningar og hugsanir upp úr undirvitundinni, færa í orð og festa á blað kannski erfiðust. Maður dæmir sjálfan sig til einveru og veit að fyrir utan dyrnar hoppur og skoppar veröldin og maður er ekki beinn þátttakandi í neinu sem gerist fyrir utan eigin höfuðkúpu.

Góðu hliðarnar eru reyndar margar þegar maður er farinn að venjast starfinu. Það er kyrrlátt og

friðsælt á ytra borði en undir krauma hugsanir, skoðanir, tilfinningar og jafnvel hugsjónir svo að maður getur orðið löður-sveittur af æsingi – og jafnvel barnlega uppnuminn í þá veröld sem maður er að lýsa.

Maður þarf að vera heilsugóður til að geta setið graffkyrr við lyklaborðið marga klukkutíma á dag. Það segir konan mín og tekur mig með sér í sund í sundlauginu á Seltjarnarnesi.

Í kvöld nennti ég engu, hugsaði með mér að ég væri kominn í hvítasunnufri og horfði á Viggo Mortensen í myndinni Alatríste á DVD.

Það er dýrasta stórmynd sem Spánverjar hafa gert og er byggð á sögum frá sautjándu öld, Gullöld Spánar, eftir Arturo Pérez-Reverte.

Mér fannst gaman að þessari mynd, hún var fallega tekin, bún-ingarnir og leikmyndingurlega flott og Viggó er prýðilegur leikari. Tempóið eða frásagnarhraðinn í



Hollywood-mynd hefði verið helmingi meiri, en hjartað í mér slær á evrópskum hraða.

Pérez-Reverte hefur skrifað nokkrar sögur um Alatríste, óbreyttan hermann sem lifir á því að bregða sverði sínu fyrir föðurlandið – og þess á milli fyrir aðila sem þurfa á aðstoð atvinnu-drápara að halda. Sem rithöfundur er Pérez-Reverte bráðflinkur svo að persónan Alatríste er mun margslungnari en starfslýsingin

gefur til kynna og líður miklar samvisku- og ástarkvalir.

Nokkrar skáldsögur eftir þennan vinsæla spænska höfund hafa verið þýddar á íslensku. Mér er minnisstæðust frábær þýðing Kristins R. Ólafssonar í Madrid á „Bríkinni frá Flandri“. Sögurnar um Alatríste eru nútíma-vinkill á hina rómantísku skáldsögu nítjándu aldar eftir meistara eins og Victor Hugo og Alexandre Dumas eldri, nokkurs konar „póst-rómantík“ sem brennur eins og eilífur logi meðan móðernismi er eins og blossi af eldspýtu.

LAUGARDAGUR, 10. MAÍ.

Kínverskur krimmi

Ekki eins vætusamt og ráð hafði verið fyrir gert. Maður fer ekki fram á að veður sé gott heldur dugir ágætlega að það sé ekki beinlínis vont.

Var að lesa ljóm-andi skemmtilega skáldsögu um glæp: „Jaði augað“ eftir Diane Wei Llang, kínverska konu sem býr í Bandaríkjunum eða Kanada. Ég

keypti þessa bók á ensku á Kasturp-flugvælinum og uppgötvaði svo að hún er nýkomin út á íslensku hjá Forlaginu).

„Jaði augað“ gerist vitanlega í Kína og gefur lesandanum notalega innsýn í framandi menningarheim – án þess að börnum sé nauðgað, eins og í peninga- og tilfinningaplokkis bókinni „Flugdrekahlauparanum“ sem Sólveigu minni finnst góð bók en mér ógeðfæld og útspekúleruð.

SUNNUDAGUR, 11. MAÍ. HVÍTASUNNU-DAGUR.

Hummer í stað úlfalda

Svona eiga frídagar að vera. Engar skyldur. Bara frí. Góður dagur í Reykjavík.

Í kvöld var rausnarlegt matarboð hjá Jóhönnu og Ingólfi fyrir eftirlegukindurnar sem af einhverjum ástæðum komust ekki til að samgledjast þeim hjónum á sextugs-afmæli Ingólfs í síðustu viku. Megi Ingó verða sextugur sem oftast!

Við matborðið var margt spjallað og allt gáfulegt.



MEISTARANÁM Í FORYSTUFRÆÐUM OG NÝSKÖPUN Á HEILBRIGÐISSVIÐI

Nýtt og spennandi meistaranám fyrir stjórnendur og leiðtoga sem vilja starfa við nýsköpun, rekstur, þjónustu og stjórnun á sviði heilbrigðismála. Unnið er í náinni samvinnu við þrjá erlenda háskóla: Columbia University í New York, McGill University í Montreal og Mayo Clinic í Rochester.

Námið miðar að því að þátttakendur öðlist afburðaþekkingu og færni í stjórnun stofnana og fyrirtækja.

MPH Executive er kennt í lotum tvær helgar í mánuði og sniðið að þörfum þeirra sem stunda atvinnu með námi.

MPH Ex-nám (Master of Public Health Executive) er fyrir

- framsækna stjórnendur í heilbrigðismálum
- frumkvöðla sem vilja öðlast þekkingu til að koma hugmyndum sínum í verk
- metnaðarfulla einstaklinga sem ætla sér hlutverk í þeim breytingum sem framundan eru í heilbrigðismálum Íslendinga

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hris.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Ólafur Haukur Símonarson og ég vorum sammála um að það þyrfti að endurreisa biblíuna, þýða hana á lifandi íslensku en ekki þetta útvatnaða, pólitískt rétta þýðingarnefndartungumál.

Til dæmis er allt tal um að koma „úlfalda gegnum nálarauga“ fullkomlega óskiljanleg líking fyrir þá sem ekki ferðast á úlföldum að staðaldri og eiga leið inn um það af borgarhlíðum Jerúsalem sem bar nafnið Nálaraugað – ef það hlið er þá til ennþá.

„Að fara á „Hummer upp Fischeressund“ værimiklu skiljanlegri þýðing,“ sagði Ólafur Haukur.

Vona að hann og fleiri málhagir menn verði fengnir til að þýða valda kafla úr biblíunni á kjarngóða, innihaldsríka íslensku.

MÁNUDAGUR, 12. MAÍ. ANNAR Í HVÍTASUNNU.

Lost í sjónkanum

Sundferð með börnin. Góður matur. Lost í sjónvarpinu. Frábær þáttur. Ég hef ekki fylgst með þessu áður en ég heillaðist af þessu fólki sem var ýmist skipreika á eyðiey eða flakkaði um milli nútíðar, fortíðar og framtíðar og miðaði skammbyssum hvert á annað.

Mér þykja það góðar myndir sem eru svo haganlega upp byggðar að maður getur staðið upp og sótt sér eitthvað gott í ísskápinn og komið aftur án þess að hafa misst af neinu því að það er alltaf eitthvað óskiljanlegt og óútskýranlegt að gerast eins og í lífinu sjálfu.

ÞRIÐJUDAGUR, 13. MAÍ.

Augnbotnar sundlaugar-gesta

Í Seltjarnarneslauginni er kominn upp augnskanni við innganginn eins og maður sé að fara í WorldClass, Fort Knox eða Pentagon.

Þetta er eflaust fínt sístem fyrir einkarekna líkamsræktarstöð en ég hef miklar efasemdir um að það sé góð þjónusta hjá sundstað í almenningseigu að heimta að fá að skanna augnbotnana í kúnum sínum og geyma um þá upplýsingar í tölvutæku formi.

Miðað við hvað fréttir eru yfirleitt vondar og dapurlegar fékk ég góðar fréttir í dag.

Forlagið sem gaf út Valkyrjur í Þýskalandi vill líka fá rétt til að gefa út „Engla dauðans“. Það hlýtur að þýða að þeir hjá útgáfurisnum DTV hafi selt góðan slatta af Valkyrjum og hún hafi gengið vel í bókaklúbbnum hjá frænda mínum Bertelsmann. Og svo sendu þeir líka úrklippur með ótrúlega flottri gagnrýni. Þýðingin eftir Tinu Flecken var líka ákaflega fín, enda er Tina hestakona.

MÍÐVIKUDAGUR, 14. MAÍ. FARDAGAR AÐ VORI.

Fardagar

Ég man að í þeim sífelldu flutningum milli ómögulegs húsnæðis sem áttu sér stað svo oft og títt í æsku minni var faðir minn sérlega ánægður ef hann gat hagað hlutum svo til að flutningarnir færu fram á þessum degi.

Hann sagði að þetta hefði verið vinnuhjúaskildagi hér áður fyrr. Vinnufólkið þrammaði milli sveitabæja í leit að skárrí húsbændum en aðallega þó í leit að einhverri tilbreytingu í lífi sem hefur nálgast fullkomið tilbreytingarleysi fyrir margt verkafólk hér á öldum áður.

Sjálfur ætla ég að flytja á næstu dögum í einangrunarvist meðan ég reyni að ljúka við bókina mína.

FIMMTUDAGUR, 15. MAÍ.

Framfarir á vegum borgarinnar

Með nægilega einbeittum vilja er vel hægt að fara í sólbað á íslenskum vordegi. Reyndar eru það bara

milljarðamæringar og rithöfundar sem ráða sínum vinnutíma og geta leyft sér þann munað að liggja á plastbekk undir steinvegg til að sleikja veikburða geisla vorsólarinnar.

Alveg burtséð frá því hver er borgarstjóri í Reykjavík langar mig til að þakka fyrir þær góðu framkvæmdir sem átt hafa sér stað í Grjótaþorpinu að undanfögnu.

1. Það er búið að reisa við stóran kantstein sem var keyrður niður fyrir tveimur árum og ganga fallega frá honum.

2. Það er búið að setja hlemm úr steypujárni í staðinn fyrir plasthlemm yfir skólpræsið bak við Hótel Plaza (áður Hlaðvarpinn). Það hafðist að ná þessu í gegnum borgarkerfið áður en börn eða fyllirútar styngjust ofan í klóakið og drukknudu vegna þess að ég hitti af tilviljun gamla góða Villa og



kvartaði við hann. Daginn eftir var hlemmurinn kominn.

Mér finnst borgarstjórn Reykjavíkur vera orðin eftirþun af Alþingi.

Privat og persónulega er mér nákvæmlega sama í hvaða stjórnmalaflokki borgarstjórnin er ef hann er notaleg og hugulsöm manneskja

sem skilur að borg er ekki pólitískur leiksoppur eða Leikfangaland handa fullorðnum heldur stórt framtíðarheimili og vinnustaður margra.

Þær eru misþungar

- en við skrifum þær allar



Lagadeild

www.lagadeild.hi.is

Kennarar við lagadeild Háskóla Íslands skrifa nánast allar kennslubækur í lögræði sem notaðar eru í landinu. Við byggjum framsækið og krefjandi nám á 100 ára hefð við langöflugasta háskóla landsins.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsóknarfrestur til 5. júní

**30%
afsláttur**



GODI

398 kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar - 2x 175 gr.

**40%
afsláttur**



GODI

659 kr/kg áður 1.099 kr/kg.
Goða blandað hakk

**30%
afsláttur**



GODI

1.749 kr/kg. áður 2.498 kr/kg.
Goða grísalund meistarans

**50%
afsláttur**



99 kr/pk. áður 198 kr/pk.
Pykkvabæjar franskar - Tilboð 700 gr.

**45%
afsláttur**



98 kr/stk. áður 179 kr/stk.
Toppur 2 ltr. - 3 tegundir

**50%
afsláttur**



99 kr/pk. áður 198 kr/pk.
Nettó samlökubrauð - gróft

**35%
afsláttur**



77 kr/stk. áður 119 kr/pk.
Brazzi 1 ltr. - 4 tegundir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 15. maí til 18. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

TÓNLISTARKONAN ENYA ER 47 ÁRA.

„Ég get aðeins verið sú sem ég er.“

Írská söngkonan Enya söng bakraddir með hljómsveitinni Clannad í upphafi níunda áratugarins, en sló í gegn á heimsvísu í kjölfar tónlistar sem hún samdi og söng í sjónvarpsþáttum BBC um Kelta árið 1987.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

BETTA GERÐIST: 17. MAÍ 1970

Á papírusbáti yfir Atlantshafið

Það var þennan dag fyrir 38 árum að hinn merki, norsk landkönnuður Thor Heyerdahl náði að sigla papírusbát yfir Atlantshafið.

Heyerdahl hafði látið smíða tvo báta úr papírusefi á árunum 1969 og 1970 og freistaði þess að komast á þeim yfir Atlantshafið frá ströndum Marokkó í Afríku, en bátarnir voru byggðir á teikningum og líkönum Forn-Egypta.

Fyrsta bátinn, sem Heyerdahl nefndi Ra, smíðuðu bátasmiðir í Lýðveldinu Chad úr reyri sem þeir fengu úr Tana-vatni í Eþíópíu og settu á flöt við strendur Marokkó. Eftir fáeinir vikur í leiðangri sínum yfir hafið tók Ra á sig sjó eftir að áhöfnin gerði á bátnum smábreytingar og tók



fljótlega að svigna og brotna. Báturinn var yfirgefinn, en ári síðar komst á flöt Ra II, sem byggður var úr papíruseyri úr Titicaca-vatni í Bólívíu, og í þetta sinn með afbragðs árangri. Ra II náði ströndum Barbados og sýndi fram á að sjófarendur hefðu getað komist yfir Atlantshafið með því að sigla meðfram Kanaríeyjstraumnum.

Megintilgangur ferðanna var að sannreyna sjófærni fornra skipa sem smíðuð voru úr flothæfum reyri og þeim verið siglt milli fjarlægja þjóða og menningarheima á forsögulegum tímum.

Lesi má um leiðangra Thors Heyerdahls í bókinni The Ra Expeditions, eða sjá viðfræga heimildarmynd um ferðalög Ra-skipastólsins.

MERKISATBURÐIR

- 1724 Mývatnseldar hefst og standa með hléum í fimm ár.
- 1756 Bretland lýsa yfir stríði við Frakkland, sem stendur yfir í sjó ár.
- 1846 Antoine Joseph Sax fær einkaleyfi á saxófóni.
- 1916 Breskur sumartími er kynntur til sögunnar í fyrsta sinn.
- 1920 Hollenska flugfélagið KLM er stofnað.
- 1940 Breskir hermenn koma til Akureyrar með varðskipinu Ægi, viku eftir upphaf hernámsins.
- 1949 Bresk stjórnvöld viðurkenna Lýðveldið Írland.
- 1997 Sylvester Stallone kvænir Jennifer Flavin í Lundúnum.

Borgarstjórar í öld

„Kæri borgarstjóri“ er yfirskrift sýningar sem opnar í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í dag kl. 15.00. Tilefnið er að öld er liðin frá því fyrsti borgarstjórinn var kjörinn í embætti í Reykjavík. Embætti borgarstjóra var auglýst laust til umsóknar í Ingólfi hinn 23. febrúar 1908 og sóttu þeir Knud Zimsen bæjarfulltrúi og Páll Einarsson, sýslumaður í Hafnarfirði, um stöðuna. Páll var kjörinn borgarstjóri til sex ára og hann réðst meðal annars í ýmsar mikilsverðar framkvæmdir á borð við vatnsveitu, hafnargerð, holræsi og gasstöðvar sem áttu sinn þátt í því að breyta Reykjavík úr smábæ í borg.

Síðastliðin 100 ár hafa hafa nítján manns setið á borgarstjórstóli. Ellefu þeirra eru á lífi í dag og leggja sitt af mörkum til sýningarinnar og koma meðal annars fram í stuttri heimildarmynd. Þar segja þeir í stuttu máli frá samskiptum sínum við borgarbúa í embættistíð sinni auk þess sem myndir af þeim við sína uppáhaldsstaði í borginni verða til sýnis. Áhersla er lögð á að varpa ljósi á þróun sambands borgarbúa við borgarstjóra í gegnum tíðina. Meðal annars með bréfum sem borgarbúar hafa sent borgarstjórum og eru nú geymd á Borgarbókasafni Reykjavíkur. Auk þess prýða sýninguna ýmsir munir, viðtöl og ljósmyndir úr sögu Reykjavíkur. Sýningin er opin almenningi og stendur til 25. maí næstkomandi.



Ó BORG MÍN BORG Öld er síðan fyrsti borgarstjóri var kjörinn í embætti í Reykjavík. Af því tilefni opnar í dag sýningin „Kæri borgarstjóri“ í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur.



Elskulegur faðir og tengdafadur,
Jock Kim Tan (Jimmy)

er látinn.

Minningarathöfn verður auglýst síðar.

Júlija Tan Kimsdóttir
Alex Tan Kimsson
Kristján Arnar.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafadur, afi og langafi,
Jón Ingvarsson

bóndi, Skipum, Stokkseyrarhreppi,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi 8. maí. Útför hans fer fram frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 17. maí kl. 14.00.

Ingigerður Eiríksdóttir

Gísli Vilhjálmur Jónsson Herdís Hermannsdóttir
Móeiður Jónsdóttir Ólafur Benediktsson
Ragnheiður Jónsdóttir Vilhjálmur Vilmundarson
barnabörn og barnabarnabörn.



ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGUR Per R. Landrø er menningarfulltrúi Norska sendiráðsins á Íslandi, en sendiráðið ásamt Félagi Norðmanna stendur fyrir fjölbreyttum hátíðahöldum frá morgni til kvölds í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NORÐMENN Á ÍSLANDI: HALDA ÞJÓÐHÁTÍÐARDAG NOREGS HÁTÍÐLEGAN Í DAG

Heimþrá, söngur, ís og pylsur

Þjóðhátíðardagur Norðmanna er í dag. Af því tilefni stendur norska sendiráðið og Félag Norðmanna á Íslandi fyrir hátíðahöldum frá morgni til kvölds, en alls búa á Íslandi um 300 norskir ríkisborgarar sem öllum er árnað heilla á þessum degi.

„Félag Norðmanna á Íslandi var stofnað 1933 og ári síðar er haldið fyrsta 17. maí-ballið í Reykjavík,“ segir Per R. Landrø, menningarfulltrúi norska sendiráðsins á Íslandi.

„Hátíðahöldin tóku á sig formlegri blæ á stríðsárunum, en síðan 1943 hefur dagskráin hafist í Fossvogskirkjugarði og frá árinu 1947 við minnisvarða þeirra 36 norsku hermanna sem fórust hér á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Þar leggjum við blómsveig í minningu látinna, syngjum þjóðsönginn og þjóðarsálminn og hlustum á hátíðarræðu Margit F. Tveiten sendiherra. Að því loknu göngum við að öðrum minnisvarða í Nauthólsvík, þar sem norsk flugsveit hafði aðsetur á stríðsárunum,“ segir Per sem búið hefur á Íslandi í árafjöld.

„Fjöldi Norðmanna hérlendis hefur haldist svipaður í mörg ár og er lít-

ill í samanburði við þá mörgu Íslendinga sem búsettir eru í Noregi, en þeir eru vel á fimmta þúsund. Flestir flytjast hingað út af ástinni og vissulega auðvelt fyrir Norðmenn að flytjast búferlum til Íslands. Við erum jú náskyldar þjóðir og norskt blóð í æðum Íslendinga og í Landnámabók segir að hér hafi norskir kóngar og hefðarfólk hafið landnám,“ segir Per brosmildur.

„Í Noregi er 17. maí ávallt tileinkaður börnunum. Hátíðahöld eru mun stórtækari en á þjóðhátíðardegi Íslendinga og mikið lagt upp úr barnaskrúðgöngum sem ganga tímumum saman fram hjá konungshöllinni þar sem kóngafólkið stendur og veifar frá svölum sínum allan tímann. Við gerum vitaskuld líka vel við norsku börnin okkar með leikjum, söng, pylsum og ís, að norskum síð, í Norræna húsinu klukkan hálfellefu og göngum svo fylktu liði með lúdrablæstri yfir í Dómkirkjuna þar sem séra Hjálmar Jónsson prédikar í þjóðhátíðarmessu klukkan tvö. Þar flytur hátíðarræðu frú Björg Juhlin, sem er móðir Sivjar Friðleifsdóttur, sem flutti ræðuna í fyrria, en Björg er 100 prósent norsk

en Siv er 50 prósent norsk,“ segir Per kátur og rifjar upp tilurð þjóðhátíðardagsins. „Stjórnarskrá Noregs var undirrituð 17. maí 1814 og þá losnuðum við undan Dönum. Áfram vorum við undir konungsveldi Svíþjóðar til ársins 1905 að Noregur var gefinn til baka af Svíum,“ segir Per, sem eftir messuhlé fer til hátíðarmóttöku norska sendiráðsins í Norræna húsinu klukkan fimm og þaðan á samkomu Hjálpræðishersins í Herkastalanum klukkan sjö, en tengls Noregs og hersins eru rótgróin og sterk.

„Deginum fylgir alltaf mikil og sérstök stemning, og þeir sem eiga norska þjóðbúninga í fórum sínum skarta þeim í tilefni dagsins. Heimþrá og söknudur eftir fósturjörðinni lætur vissulega á sér kræla; ekki síst eftir að auðveldara var að ná útsendingum norska ríkissjónvarpsins og sjá frá 17. maí-skrúðgöngum héðan og þaðan í Noregi. Það hríslast óneitanlega um mann geðshræring að fylgjast með prúðunum börnum ganga framhjá konungshöllinni og sumir fá eflaust ljúfsár tár á hvarminn.“

thordis@frettabladid.is

Legsteinar

í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• Sími 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

REIN

AFMÆLI



ÞORGILS ÓTTAR MATHIESEN viðskiptafræðingur er 46 ára.



GUNNLAUGUR STEFÁNSON prestur er 56 ára.

ego dekor



Stækkanleg borð,
fáanleg í þremur stærðum:
160x100(248)

Verð: 128.000,-
200x110(288)

Verð: 139.000,-
140x140(230)

Verð: 146.000,-

Borðstofuskenkur
Stærð: 180cmX45cmXH: 125cm

Verð: 118.000,-



Paris leðurstóll

Bakhæð: 106cm

Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu leðri

Verð áður: 17.500,-

-20%

Verð nú: 14.000,-



Vegghengdur skenkur

Eik-hvítt háglans

Fáanlegur í þremur stærðum:
120cmX40cmXH: 60cm

Verð: 76.000,-
180cmX40cmXH: 60cm

Verð: 98.000,-
240cmX40cmXH: 60cm

Verð: 128.000,-



Sófaborð m/skúffu

Einnig fáanlegt m/sandblásnu gleri

Stærð: 130cmX70cm

Einnig fáanlegt í stærð: 90cmX90cm

m/sandblásnu gleri

Verð: 58.000,-

NÝ SENDING AF STÆKKANLEGUM EIKARBORÐUM



Stækkanlegt borð
Stærð: 160X100X(248)

Verð: 89.000,-



VIP leðurstóll

Bakhæð: 102cm

Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu leðri

Verð áður: 15.800,-

-20%

Verð nú: 12.640,-

MIKIÐ ÚRVAL AF STÓRUM OG MJÚKUM SÓFUM



Fatcat tungsófi

Stærð: 320X165

Fáanlegur í nokkrum litum

Færanleg tunga

Verð áður: 187.000,-

-15%

Verð nú: 158.950,-



Romeo leðursófasett 3+1+1

Verð: 295.000,-

Einnig fáanlegur í tungsófa eða 4 sæta sofa

Verst að lesa í boðhætti

Gerður G. Bjarklind skilur ekkert í því af hverju **Eva María Jónsdóttir** vill þúka upp á gömlu húsin við Laugaveg. Evu Maríu fannst Gerður hljóma mæðulega þegar hún var yngri og skildi ekki af hverju fólk var ekki frekar að hlusta á glaðar raddir. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hitti þjóðarraddirnar tvær sem þykir báðum notalegast að lesa dánartilkyningar og jarðarfari.

Hver er ykkar fyrsta minning um hvor aðra?

Eva: Ég skildi ekki af hverju Gerður og þulirnir almennt á RÚV voru svona mæðuleg. Mér fannst alltaf svo skrítið að allir skyldu vera að hlusta á þetta mæðulega fólk. Af hverju enginn var að hlusta á eitthvað glatt fólk. Þetta var auðvitað fyrir Rás 2.

Gerður: En fyndið.

Eva: Já, þetta er allavega svona fyrsta minning mín almennt um þulina. Og ég ruglaði ykkur auðvitað öllum saman á þessum aldri.

Gerður: Manni var alltaf sagt að vera kurteis í orðum og tali þannig að Evu Maríu hefur fundist það sem okkur var kennt að væri kurteis vera mæðulegt. Ég man hins vegar fyrst eftir Evu Maríu í sjónvarpinu. Ég man að ég sagði við manninn minn að þessi ætti eftir að verða eitthvað og hann var alveg sammála mér. Enda kemur alltaf einhver svona þægilegur svipur yfir andlit hans þegar hún birtist á skjánum og ég heyri hann tauta við sjálfan sig: Mikið er hún lagleg, mikið er hún falleg.

Öll í hafragrautum

Hvað vitið þið um persónuhagi og áhugamál hvor annarrar?

Eva: Oh, ég veit svo ógeðslega mikið um Gerði.

Gerður: Ég veit að Eva María hefur óskaplega mikla þörf fyrir að berjast fyrir þessum gömlu ljótu húsum á Laugaveginum. Þessi elska er öll í því að reyna að varðveita þessi hús sem byggð voru af vanefnum og úr vondum við en ég ætla ekki að leggja stein í götu hennar. Hins vegar væri gaman að geta gengið niður Laugavegin án þess að finnast hann ræfilslegur. Þú verður að fyrirgefa mér Eva María mín. Svo held ég að Eva María sé jurtaeta. Nei? Ó, en þú ert allvega öll í heilsufaðunni og hafragrautum. Og það er bara fínt. En ég, þetta tutugu árum eldri en hún, er í öðru.

Eva María: Ertu í Kókópöfssinu?

Gerður: Já, nei, nei. En ég dett stundum í kók og Prins Póló. Ég viðurkenni það. Svo veit ég að Eva María á alveg ægilega skemmtilegan karl, hann Óskar, sem hefur meðal annars búið til frábæra þætti fyrir sjónvarpið. Eva María er líka alltaf ákaflega fallega klædd. Og þegar hún kemur stundum upp í Efstaleitið með dóttur sína elstu yfir vetrartímann eru þær jafnvel í svipuðum kápum. Eins og var hér oft fyrr á tímum. Meira veit ég ekki um þessa elsku.

Eva María: Gerður á líka rosalega góðan karl sem hún segir að þoli

Á RÖKSTÓLUM

sig eftir öll þessi ár. Síðan er hún mjög dugleg og flínk í höndunum og alltaf að fönndra en hún er mesta jólabarn sem ég veit um. Gerður er mjög góð og hlý við fólk og hefur greinilega áhuga á að rækta þá hlið því annars væri hún varla með Óskalagaþáttinn sinn – Óskastundina. Aðrir persónulegir hagir, bíddu nú við. Ertu ekki stundum í hjólhýsi?

Gerður: Nei, aldrei verið í hjólhýsi. Við ákváðum bara að búa okkur til lítinn sætan sumarhústað, við hjónin.

Eva María: Já, það var eitthvað vissi ég. Og hann hlýtur þá að vera allur úti í fönndri?

Gerður: Já og nei. Sveini finnst nefnilega stundum eins og þetta sé orðið einum of og þá tek ég eitthvað niður.

Eva María: Þetta er nefnilega svoltið skemmtileg ófgafull hlið á henni.

Ópolandi barn

Að upphafinu. Hvert var ykkar fyrsta opinbera verkefni í fjölmiðlaheiminum?

Eva María: Það fyrsta? Manst þú þitt Gerður?

Gerður: Ætli það séu ekki Lög unga fólksins. Þá var ég búin að



HAFRAGRAUTUR OG HJÓLHÝSI Eva María Jónsdóttir hélt að Gerður G. Bjarklind ætti hjólhýsi og Gerður hélt að Eva María væri grænmetisæta. Hvorugt reyndist rétt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Stundinni okkar leit út fyrir að ég væri algjörlega óhæf í hópi barna. Það varð einnig annar skandall í þessu innslagi. Andrés Indriðason, sem var upptökustjórinn, spurði mig: Hefurðu skrifað einhverjar aðrar sögur? Og ég svara: „Já, ég skrifaði söguna um hana Föu feykirófu.“ Og þrátt fyrir að

sem hægt væri að mæta til vinnu í útvarpið hefði maður ekki röddina annars öllu jafna. 28 starfsmenn. Ég hugsa hins vegar að rödd sé fyrst og fremst guðsgjöf. Að kunna að anda rétt. Svo þarf líka að kunna að láta fólk ekki irritera sig, ef einhver er að angra mann rétt fyrir útsendingu verður

leikritið Þíkusögur var á fjölnum. Ég roðnaði í hvert einasta skipti sem ég þurfti að lesa þetta og það lá við að ég hvíslaði titilinn. Svo venst maður að vísu öllu en allt sem lýtur að því að vera þínulítið dónó finnst mér alltaf erfitt.

Eva María: Það er kannski ekki „skemmtilegast“ að lesa dánarfregnir og jarðarfari en það er samt hápunktur vaktarinnar. Það er svo mikil virðing, samkennd og væntumþykja fólgin í þeim lestri. Og fyrst þú ert að tala um Þíkusögur Gerður, finnst mér reyndar oft dálítið hressandi þegar maður er að lesa auglýsingar og það kemur eitthvað óviðeigandi í tilkyningarnar.

Gerður: Ég man einmitt eftir öðru slíku, þegar hljómsveitin Sarðnaggar auglýsti tónleika. Við Ragnheiður neituðum að lesa þetta og ég fékk svoleiðis í hausinn hvers lags aumingjar við værum frá þeim sem var í forsvari fyrir hljómsveitina. Ég var kölluð pempía og allt í þessum dúr. Okkur fannst þetta bara svo asnalegt einhvern veginn.

Ef þið mættuð velja ykkur tvo Íslendinga í útvarpið með fallegar og þægilegar raddir, sem ekki hafa unnið í útvarpi áður – hverja mynduð þið fá?

Gerður: Ég get strax nefnt einn mann sem mér finnst með svo fallega rödd. Sigurður Jónsson hjá Kaupmannasamtökunum. Ég hef heyrt í honum í Laufskálanum og ég man að ég sagði við hann þegar hann kom fram að hann ætti nú að



Mér finnst oft dálítið hressandi þegar maður er að lesa auglýsingar og það kemur eitthvað óviðeigandi í tilkyningarnar.

vinna í nokkur ár á auglýsingadeildinni. Fyrsta lagið sem ég kynnti getur vel hafa verið Hey Paula.

Eva María: Mitt fyrsta verkefni í fjölmiðlum hefur verið saga sem ég sendi í Stundina okkar. Í kjölfarið var ég beðin að koma og lesa hana upp og þátturinn kom einnig á leikskólann sem ég var á til að taka upp myndefni með. Þeir fylgdust með mér leika og það var hryllilegt. Í þessu broti sem þeir sýndu var ég nefnilega svo leiðinlegt barn að ég skil ekki að nokkur hafi viljað leika við mig. Ég var búðarkonan í búðinni og krakkarnir sem reyndu að versla af mér kökur og annað fengu alltaf sama svárið, sama hvað spurt var um: „Þetta er ekki til sölu.“ Þannig að í

hann segði við mig að hún sé nú þegar til held ég mínu til streitu og svara: „Nei, nei, ég skrifaði hana.“ Ég hugsa alltaf um þetta þegar ég sé Andrés Indriðason, sem er mjög oft þar sem hann vinnur eiginlega á næsta bás við mig.

Egglos fegrar röddina

Hver er galdurinn á bak við góða útvarpsrödd? Hvað er skemmtilegast að lesa og hvað er leiðinlegast að lesa í þulastarfínu í útvarpinu?

Eva María: Mér skilst að allar konur séu með nokkuð góða útvarpsrödd þegar þær eru með egglos.

Gerður: Já, ég heyrði það um daginn. Það yrði þá á 28 daga fresti

maður bara að gleyma því þar til heim er komið og þá má alveg gráta í sturtunni.

Eva María: Ég hef tekið eftir því að ef maður er stressaður eða feiminn eða eitthvað svona, þá er ekki gott að hlusta á mann. En ef maður er alveg pollrólegur þá gengur þetta. Mér finnst leiðinlegast að lesa auglýsingar í boðhætti. Komdu, gerðu þetta, kaupu, og svo framvegis. Og notalegast er að lesa dánarfregnir.

Gerður: Við erum nákvæmlega eins þarna Eva! Að lesa dánarfregnir finnst mér afskaplega gott. Og þessar auglýsingar um að þú eigir að gera þetta og fara þangað geta virkað svo ókurteisar og hreinlega óþægilegar. Ég gleymi því heldur aldrei þegar

vera í útvarpinu.

Eva María: Ég nefni Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Mér finnst hún með afskaplega gott smitgen frá Gunnari pabba sínum. Er með góðan róm og talar skýrt. Svo náttúrulega dauðsé ég eftir Kristjáni Kristjánssyni og röðinni hans.

Gerður: Hann er með afskaplega fallega rödd.

Eva María: Og skemmtilega fúllynda.

Gerður: Já, hann gat snúið svolítið upp á sig. Og var kúl.

Eva María: Ég elskaði það.

Komdu á Píkusögur

Íslendingum finnst alltafskemmtilegast þegar einhver gerir eitthvað af sér. Hver eru eftirminnilegustu mistökkin ykkar úr vinnunni hingað til?

Eva María: Það er örugglega eitthvað hræðilegt sem maður reynir að gleyma. Ég lenti til dæmis í svipuðu og Lára Ómarsdóttir en þá fór ég í loftið þar sem ég var að æfa mig fyrir beina útsendingu frá einhverri þrettándabrennu. Ég stóð þarna og var að æfa hvað ég ætlaði að segja, ruglaðist eitthvað og byrja að blóta svona svakalega: „Nei, hver andskotinn, djöfulsins ruglið í mér...“, ekki vitandi að ég var í útsendingu.

Gerður: Þetta er nú allt öðruvísi í útvarpinu en maður getur samt mismælt sig og sumir eru á því að það megi aldrei mismæla sig en auðvitað hefur maður lent í því. Ég er kannski svona gömul eins og guð má sjá en mismæli eru að mínu mati allt í lagi og geta fengið fólk til að hlæja aðeins, svo lengi sem maður er ekki bara að bulla.

Eva María: Manst þú ekki eftir skandalnum Gerður sem mér hefur bara verið sagt frá, þegar þú varst ungur þulur og þú ert að biðja einhverja bátsmenn að láta vita af sér samkvæmt tilkynningarskyldu. Svo segirðu svona í lokin: „Elsku strákar mínir, lát-iði nú vita af ykkur.“ Og þjóðin stóð á öndinni!

Gerður: Sagði ég þetta? Það getur vel verið. Ég man hins vegar vel eftir því þegar Arnar Jónsson hafði eitt sinn nýlengið lestri á miðdegissögunni og hún var svo flott lesin hjá honum að ég segi svona í lokin að þarna sé lokið þessari frábærlega vel lesnu sögu og í kjölfarið stoppaði síminn ekki. Ég hefði ekki leyfi til að dæma um það hvort að sagan væri góð eða vond eða hvort Arnar læsi hana vel eða illa. Þetta myndi ég flokka undir þegar maður er búinn að vera að hlusta á eitthvað stórkostlegt og þarft svo í kjölfarið að segja yfirveguð: Jóna Jónsdóttir lék pianókonserert eftir Beethoven – þegar þú ert alveg í skýjunum.

Þrjár mínútur og tuttugu sekúndur

Að lokum. Ef þið ættuð að skipta um hlutverk og þú Gerður ættir að velja viðmælanda í Sunnudagsþátt Evu Maríu, hvern myndir þú velja? Og ef þú Eva María ættir til dæmis að velja löggin í Óskastundina – hvaða þrjú lög myndir þú setja á fóninn?

Gerður: Á ég að verða hún? Þá myndi ég sko vilja hafa einhvern ægilega huggulegan mann. Mér finnst nefnilega betra að tala við karla. Og ég hugsar að ég fengi jafnvel komment fyrir það að vera kannski með of marga karla hjá mér.

Eva María: Já, þeir verða sem sagt að vera huggulegir?

Gerður: Já, þeir verða nú að vera sætir. Ég man til dæmis aldrei eftir því að hann Óskar Jónsson, þinn Eva María, hafi verið í viðtali. Ég myndi bara tala við hann.

Eva María: En lög sem ég myndi velja. Ég myndi bara velja alveg ofboðslegar klisjur. Maríu Callas, Casta Díva líklega.

Gerður: Hvað er það lag langt aftur? Er það ekki alveg sex mínútur?

Eva María: Jú, það er svolítið langt. Ég myndi líka velja Þetta kvöld með Ellý Vilhjálm.

Gerður: Það er 3 mínútur og 21 sekúnda.

Eva María: Og ég myndi velja Björt mey og hrein með Hallbjörgu.

Gerður: Það er bara 2:52 minnir mig. Þetta er flott val, Eva.

→ VISSIR ÞÚ AÐ...

...á milli Evu Maríu og Gerðar eru 29 ár.

...þær tilheyrja báðar íhaldssömum stjórnmerkjum; Eva María er naut og Gerður er meylla.

...Eva María á í augnablikinu ekki sjónvarpstæki sem virkar og ætlar ekki að fá sér nýtt sjónvarp fyrr en í haust.

...Gerður horfir alltaf á fréttir og góða viðtalsþætti en finnst bíómyndirnar sem sjónvarpið býður upp á ekki nógu góðar.

...Eva María á það til að skamma börnin á dönsku, því þeim þykir danska svo skemmtileg.

...Gerður er afskaplega hrifin af súpum og koniáklöguð nautakjötssúpa í mötuneyti RÚV sló nýlega í gegn hjá henni.



JÓNSSON & LEMMINGS • HILIS • SÍA



Opinn dagur á gamla varnarsvæðinu í dag 17. maí kl. 14 – 17

OPINN DAGUR

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, Kadeco, Reykjanesbær og Háskólavellir vinna saman að uppbyggingu háskóla- og þekkingarsamfélags á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurlugvelli. Í dag verður opinn dagur milli kl. 14 og 17 þar sem starfsemin á svæðinu verður kynnt.

- Keilir kynnir nám næsta vetrar í höfuðstöðvum sínum og við Menntaveg (Akademían)
- Rúmgóðar og vel búnar námsmannaíbúðir svæðisins til sýnis
- Starfsemi Kadeco kynnt
- Reykjanesbær kynnir þjónustu sveitarfélagsins
- Leikskólinn Völlur, sem rekinn er af Hjallastefnunni, verður opinn
- Samkaup bjóða börnum upp á djús og ís
- Langbest opnar nýjan veitingastað og býður upp á vöflur og kaffi
- Línuskautahöllin opin, hoppukastalar og innileikvöllur í boði Háskólavalla
- Goða pylsur og iskalt kók fyrir alla



Keilir
Atlantic Center
of Excellence

Innikróaðir í eyðimörkinni

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að bjóða allt að 30 manna hópi palestínkra flóttamanna hæli hér á landi, einstæðum mæðrum og börnum þeirra sem dvelja í flóttamannabúðum í Írak. *Auðunn Arnórsson* skrifar um ástandið í búðunum.

Þessir flóttamenn hafa frá því í desember síðastliðnum dvalið í hinum svenefndu Al-Waleed-flóttamannabúðum, sem eru nærri landamærum Íraks að Sýrlandi. Í frétt á vef Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, lýsir stofnunin miklum áhyggjum af þeim aðstæðum sem fólkið í búðunum býr við.

„Við erum einkum og sér í lagi áhyggjufull yfir skortinum á lækniástoð,“ er þar haft eftir Jennifer Pagonis, talsmanni UNHCR í Genf. „Margir af þeim 942 manns sem í búðunum dvelja hafa brýna þörf fyrir lækniástoð, þar á meðal móðir sjö barna sem þjáist af hvítblæði og sykursjúkur unglingspiltur,“ segir hún.

Hættulega bágar aðstæður

Sendinefnd á vegum UNHCR fór í heimsókn í Al-Waleed-búðirnar síðastliðinn sunnudag til að kynna sér aðstæður þar og meta þarfir flóttamanna. Þeir fengu staðfest að Palestínumennirnir þar, sem hröktust þangað

undan ofsóknum í írösku höfuðborginni Bagdad, lifðu við hættulega bágan kost.

Nefndin komst að því að búðirnar, sem eru tjaldbúðir reistar í Anbar-eyðimörkinni, eru yfirfullar af fólki og margir sem þar dvelja þjáast af öndunarfærarjúkdómum og öðrum kvillum sem þarfnast víðeigandi meðferðar. En næsta heilsugæslustöð í Írak er í fjögurra akstursstunda fjarlægð og vegurinn liggur um hættuleg svæði þar sem arásir og tilræði hafa verið tíð. Frá því búðirnar voru opnaðar í lok síðasta árs hafa að minnsta kosti þrjár af flóttamönnum dáði úr sjúkdómum sem auðveldlega hefði verið hægt að lækna, þar á meðal hálf árs gamalt barn.

Hjálparstarfsmenn fjarri

Alþjóðlegum hjálparstofnunum er ekki leyft að vera með varanlega viðveru í búðunum af öryggisástæðum. Liðsmenn slíkra stofnana geta því aðeins farið í stakar heimsóknir þangað að degi til, að jafnaði frá Sýrlandi. Alþjóða Rauði krossinn hefur lagt búðunum til tjöld, vatn og annan búnað.



MANNÚÐARHEIMSÓKN Angelina Jolie, Hollywoodstjarna og mannúðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna, hlustar á aldraða konu í Al-Waleed-flóttamannabúðunum í Írak segja frá. Jolie heimsótti búðirnar í ágúst í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

Vegna viðvarandi ofsókna sem Palestínumenn í Bagdad sæta er búist við að straumur flóttamanna í búðirnar muni halda áfram. Minnst 1.400 Palestínumenn eru taldir hafast við í Al-Waleed og fleiri flóttamannabúðum við landamærin að Sýrlandi, í von um að komast yfir þau einn góðan veðurdag. Stjórnvöld í Sýrlandi telja sig þegar eiga nóg með þau hundruð þúsunda íraskra og palestínkra flóttamanna sem þegar eru í landinu og hleypa ekki öðrum yfir landamærin að svo stöddu nema þeim sem hafa gild vegabréf og nægt fé til að framfleyta sér.

Auk Al-Waleed eru eldri búðir með hundruðum palestínkra

flóttamanna þarna við landamærin. Þær nefnast Al-Tanf, en sérstaða þeirra er sú að þær eru á „einskismannslöndun“ á milli landamæra Íraks og Sýrlands. Þeir sem þar dvelja hafa yfirgefið Írak en ekki fengið að fara inn í Sýrland. Þangað er ekki fleiri flóttamönnum hleypt. Því liggur straumur hinna ofsóttu Palestínúmanna frá Bagdad til Al-Waleed.

Ofsóttir gestaverkamenn

Talið er að um 34.000 Palestínúmenn hafi dvalið og starfað í Írak árið 2003, þegar innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra hófst. Þetta fólk er margt fætt í byggðum þeim sem palest-

ískir flóttamenn hafa búið í frá því árið 1948 í löndunum í kringum Palestínu. Til Íraks fór það flest sem „gestaverkamenn“ í stjórnartíð Saddams Hussein. Síðan stjórn Saddams féll hefur fólk úr þeirra hópi æ oftast orðið fyrir árásum, mannránum, nauðgunum og morðum.

„Heimili Palestínúmanna í Írak hafa orðið stöðug skotmörk sprengjuárása, mannrána, misþyrminga, hótana, pyntinga og drápa. Það eru ekki til neinar áreiðanlegar tölur

FYRIRHEITNA LANDIÐ: STOFNUN ÍSRAELSRÍKIS

Uppruna Ísraelsríkis má rekja aftur til 2.000 ára gamallar óskhyggju gyðinga, sem voru dreifðir um heimsbyggðina, um að snúa aftur til „fyrirheitna lands“ Biblíunnar. Hún hlaut byr undir báða vængi í sionistahreyfingunni á 19. öld. Í reynd varð Ísraelsríki nútímans til sem málamiðlun byggð á fyrirheitum stórvelda 20. aldar um að skapa gyðingum gríðastað í Landinu helga. Til framkvæmda komu þau fyrirheit ekki fyrr en eftir tvær heimsstyrjaldir og hælfr sem útrýmdi stórum hluta gyðinga.

1915 MCMAHON-HUSEYN-ÁÆTLUNIN Til að afla stuðnings Mið-Austurlandabúa gegn Tyrkjaveldi Ottómana leggja Bretar til sjálfstætt ríki araba, að undanskildu „Vestur-Sýrlandi“.

1916 SYKES-PICOT Breskfrönsk áform um ríki araba – Palestína yrði áfram undir stjórn bandamanna.

1917 BALFOUR-YFIRLÝSINGIN Bretar viðurkenna ósk sionista um „að stofna í Palestínu þjóðarheimili fyrir gyðinga“ – án þess að gefa fyrirheit um sjálfstætt ríki.

1922 UMBØÐSSTJÓRN BRETA Palestína: Hersetin af Bretum árið 1918. Undir umböðsstjórn Frakka. Trans-Jórdanía. Írak. Þjóðabandalagið felur Bretum umböðsstjórn yfir Palestínu og Trans-Jórdaníu til að búa í haginn fyrir gríðasvæði gyðinga. Lokuð fyrir aðflutningi gyðinga árið 1922. EGYPTALAND. HEJAZ (síðar Sáði-Arabía). Svæði opið fyrir aðflutningi gyðinga.

1937 PEEL-SKÝRSLAN Fyrsta skiptingar-áætlunin.

1939 HVÍTBÓK Uppreisn araba 1936-39. Bretar leggja til sameinað ríki araba.

1947 SKIPTINGAR-ÁÆTLUN SP Uppreisn sionista 1939-48. Takmarkanir settar við aðflutningi gyðinga er flóttamenn streyma frá Evrópu undan ofsóknum nazista. Bretar láta af umböðsstjórn. Allsherjarþing SP samþykkir skiptingu. Borgarastrið brýst út.

SIÁLFSTÆÐI 1948-49 Bretar vikja: Ísrael lýsir yfir sjálfstæði. Herir Egyptalands, Jórdaníu, Sýrlands, Íraks og Líbanon gera innrás en er hrundið.



Gyðingar: Íbúar gamla gyðingabyggða í Jerúsalem, á Vesturbakkanum og á Gazaströndinni flýja. Hundruð þúsunda gyðinga í grannlöndunum eru líka hrakin á flotta og þeir leita hælís í Ísrael.



ÖRLAGAÁR Palestínurabi á útifundi í bænum Nablus á Vesturbakkanum þar sem atburði ársins 1948 var minnst í vikunni. Samhliða fögnuði Ísraela yfir sjálfstæðisafmæli sínu minnst Palestínúmenn þess sem þeir kalla „nakba“ eða „hörmunganna“ sem yfir þá dundu með því að þurfa að gerast landflótta.

Ísraelsríki sextugt

Í vikunni voru rétt 60 ár frá því að Ísrael lýsti yfir sjálfstæði. Það gerði Davíð Ben-Gurion, forsætisráðherra fyrstu ísraelsku bráðabirgðastjórnarinnar, þann 14. maí 1948, daginn áður en umboð Breta frá Þjóðabandalaginu og síðar Sameinuðu þjóðunum til að stjórna Palestínu rann út.

Sjálfstæðisyfirlýsing bráðabirgðastjórnar gyðinga í Palestínu byggði á samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 29. nóvember 1947, en hún kvað á um skiptingu Palestínu milli gyðinga og Palestínuraba. Framsögumaður um skiptingartillögu SP var Thor H. Thors, þáverandi sendiherra Íslands hjá SP.

Abba Eban, erindreki Palestínugyðinga hjá SP og síðar utanríkisráðherra Ísraels, talar mjög lofsamlega um hlut Thors í stofnun Ísraelsríkis í æviminningum sínum sem út komu árið 1977. Hann segir þar fullum fetum, að fulltrúi smáríkis í yztu höfum hafi ráðið örlogum heimsbyggðarinnar þennan dag. Íslendingar studdu málstað gyðinga þótt Thor tæki fram að ekki væri að

reæða um endanlega lausn á deilu gyðinga og araba um yfirráð yfir landi í Palestínu.

Eftir sjálfstæðisyfirlýsinguna voru Bandaríkin, Sovétríkin og mörg önnur lönd fljót til að viðurkenna Ísrael. En það gerði ekkert nágrannaríkjanna. Strax næstu dagana eftir 15. maí réðust hersveitir frá Sýrlandi, Líbanon, Jórdaníu, Írak og Egyptalandi inn í Palestínu með það að markmiði að hindra stofnun Ísraelsríkis. Í yfirlýsingu frá Arababandalaginu 15. maí 1948 segir að arabaríkin stefni að því að stofna „Sameinað ríki Palestínu“ í stað tveggja-ríkja-lausnarinnar sem áætlun SP gerði rétt fyrir. Ráðamenn arabaríkjanna töldu það verða léttan leik að yfirbuga hinn fámenna sjálfboðaliðaher gyðinga, Haganah. En gyðingar voru svo staðráðnir í að láta ekki „reka sig í sjóinn“ að þeir reyndust innrásarlöndu yfirsterkari. Vopnahlé var samið snemma árs 1949. Í stríðinu hröktust yfir 700.000 Palestínurabar á flotta frá því svæði sem Ísraelar náðu á sitt vald. Í kjölfarið hröktust enn fleiri gyðingar frá arabaríkjum til Ísraels.

ÚT UM ALLT

Íslenska námsmenn er að finna víða um heim og þó að flestir sæki í nám til Norðurlandanna og Evrópu fjölgar þeim sem fara til Asíu.

FERÐIR 3



BERGMÁL TÍSKUNNAR

Kvennablaðið Le Petit Echo de la Mode hóf göngu sína í París árið 1880. Í því voru meðal annars leiðbeiningar um saumaskap, þrjónauppskriftir og innanhússkreytingar.

TÍSKA 4



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



Fit•Pilates

Fjögurra vikna námskeið hefst 19. maí. Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga klukkan 12.05. Aðgangur að tækjasal fylgir.

HREYFI GREINING

SJÚKRÁPJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



„Svona græja leggur sig á bilinu 100-150 þúsund dollara úti í Bandaríkjunum og er metnaðarfullsta verkefni sem ráðist hefur verið í af þessum toga hér á landi,“ segir Jakob Ingi Jakobsson um Gladiatorinn góða.

MYND/VÍKURRETTIR.

HÚSGAGNA LAGERSALA

Engar Verðhækkningar!
Allar vörur á gamla **genginu**

LEÐUR SÓFASETT

TAU SÓFASETT

LEÐUR HORNSÓFAR

TAU HORNSÓFAR

TUNGUSÓFAR

TUNGUHORNSÓFAR

STAKIR SÓFAR

BORÐSTOFUSTÓLAR



BORÐSTOFU-
HÚSGÖGN

ELDHÚSBORÐ

RÚMGAFLAR JÁRN

RÚM 120-150-180X200

FRAMLEIÐUM

Sófasett, hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl. ATH. verðið kemur á óvart

Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur

Kíkið á nýja heimasíðu okkar

www.patti.is

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

Gladiator á götuna

Handsmíðaða mótorkjól hans Jakobs Inga Jakobssonar laganema nefnist The Gladiator og er enginn venjulegur gæðingur. Það hannaði Jakob algjörlega sjálfur í skyldingaprælastíl og skreytti með um 200 myndum.

„Ég hef haft óbilandi mótorkjóladelu um áratuga skeið en hugmyndin um að smíða hjól frá grunni eftir eigin höfði kviknaði vorið 2005. Mér fannst það töff því engin fordæmi voru fyrir því hér á landi. Hins vegar er það alþekkt í Bandaríkjunum og þangað sótti ég vísu,“ segir Jakob glaðlega. Hann er að leggja lokahönd á hjól sem á engan sinn líka. Það er af gerðinni 8ball H.D. Softail Chopper og allt í Gladiator-stíl. Tankurinn, stýrið og felgurnar eru til dæmis eftirlíking af sverðshjöltum. Nafnið, The Gladiator, er grafið í hjólið og eiginhandaráritun eigandans er þar líka.

Mótorinn er Ultima 127 cc sem skilar 140 hestöflum í afturdekk. „Það er orka á við tvö venjuleg Harley,“ segir Jakob. Hann kveðst hafa fengið grindina gerða í USA eftir sinni forskrift en afganginn hafi hann og Óli Indian smíðað í bílskúr í Hafnarfirði og margir hlutar þess séu skornir út í vatnsskurðarvél. „Orlando myndskreytti svo græjuna fyrir mig,“ segir hann og sýnir listaverk á hjólinu sem sýnir fallna skyldingapræla. Auk þess eru um 200 hauskúpur málaðar í hjólið og sextán umferðir af glæru lakki yfir. „Það var ansi mikil vinna í þessu enda var vand- að geysilega til verka,“ segir eigandinn og ber lof á félagana sem lögðu fram ómælda vinnu. „Samböndin í mótorkjólabransanum eru góð og margir lögðu hönd á plóg svo að útkoman yrði á heimsmeilivarða og hjólið hæft til að fara á hvaða mótorkjólásýningu sem er.“

gun@frettabladid.is

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



Upplýsingar og skráning á netinu:
www.ulfljotssvatn.is

- Kassaklifur - GPS ratleikir - Bátasiglingar - Vatnaleikir - Frumbyggjastörf -

Fyrir stráka og stelpur 8-12 ára - skipt í hópa eftir aldri
„**Krassandi útilífsævintýri - fjör og hópeflisandi!**“

INNDRITUN ER HAFIN - Opnið virka daga kl. 10-16 - sími 550 9800 - sumarbudir@ulfljotssvatn.is



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

**VILTU VERÐA
RIDDARI GÖTUNNAR?**

VERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ!
BÓKLEGT BÍFHJÓLANÁMSKEIÐ Á NETINU!
www.ekill.is

ekill

www.ekill.is • upplýsingar í síma 894 5985

Í sífelldum breytingum

Gunnar Ingi Arnarson er stoltur jeppaeigandi og hefur verið lengi. Jeep Wrangler var fyrsti bíll Gunnars en í hann fóru allir fermingarpeningar hans.

Gunnar hefur farið á flesta jökla á Íslandi á jeppanum og einnig í hálendisferðir. „Það má segja að þetta hafi verið ást við fyrstu sýn þegar ég sá hann. Ég varð hreinlega að eignast þennan bíl og ég sló til og á hann enn í dag,“ segir Gunnar stoltur.

Jeppinn hans Gunnars hefur tekið stórtækum breytingum frá því hann fékk hann fyrst í hendurnar enda Gunnar mikill áhugaður um bíla og hefur eytt miklum tíma í að breyta jeppanum. „Jeppinn hefur verið lengi í bílskúr en það er ekki vegna bilana, heldur vegna sífelldra bætinga. Þegar ég fékk jeppann var hann óbreyttur, bara með blæju og helmingi minni vél en er í honum núna. Jeppinn er með valsáðar felgur svo hann affelgi ekki í uppi á fjöllum. Ég skipti um afturhásingun og smíðaði nýja gormafjöðrun bæði að framan og aftan. Það má segja að hann hafi verið eins hrár og hægt er,“ útskýrir Gunnar.

„Ég hef fengið nýju hlutina héðan og þaðan. Nýju vélina fékk ég til dæmis hjá manni sem braskar í vélum þannig að ég hef verið heppinn með allt sem ég hef fengið í jeppann.“



Jeppinn er vígalegur að sjá á 38 tommu dekkjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jeppinn er 1.600 kíló og hefur verið breytt með léttleika í huga. Gunnar er ekkert á því að selja jeppann enda hafa þeir fylgst að í mörg ár og segir Gunnar að bíllinn sé ekki falur fyrir neina upphæð.

„Jeppinn er í toppstandi og verður bara betri og hann hefur nú svo mikið gildi fyrir mig að ég mun aldrei selja hann. Ætli sonur minn Jökull taki ekki við honum þegar hann fær bílpróf,“ segir Gunnar.

mikael@frettabladid.is



Mýrdalsjökull er einn þeirra jökla sem Gunnar hefur ekið um á jeppanum sínum.

Bremsuhlutir

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar

í alla jeppa og pickupa

Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

Próa rafmagnsbíla

SAMKVÆMT ERLENDA FRÉTTA-TÍMARITINU AUTOMOTIVE NEWS EUROPE VELTIR BMW ÞVÍ FYRIR SÉR HVORT FRAMLEIÐA EIGI OG PRÓA RAFMAGNSBÍLA.

Vitað er með vissu að stærstu borgir heims munu halda áfram að stækka og að leysa verður þau samgönguvandamál sem skapast í kringum stækkandi borgir. BMW telur að rafmagnsbílar geti verið góð lausn á styttri vegalengdum og þéttbýlum svæðum. Undanfarið ár hefur BMW verið leiðandi í þróun vetnisbíla. Mikilvægi Kaliforníu sem markaðar fyrir lúxusbíla þýska bílarísans þýkir auka líkurnar á því að rafmagnsbílar bætist í hóp jeppa- og fólksbílalínu BMW.

- mmm

24 mörk skoruð í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar

„Ég sá það fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is

www.alorka.is

Sumardekk – hjólbarðapjónusta

Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.
Hagstætt verð og traust þjónusta.

BRIDGESTONE
Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða

Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!

ALORKA

Reykjavík
Tangarhöfða 15 : 587 5810
Vagnhöfða 6 : 577 3080

Akureyri
Réttarhvammi 1 : 464 7900



Bandaríkin og Asía eru meðal svæða sem njóta aukinna vinsælda meðal íslenskra skiptinema á háskólastiginu, að sögn Karitasar Kvaran, forstöðumanns Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Nám á Svalbarða og við strendur Afríku

Nám erlendis heillar flesta Íslendinga og landann er að finna víða um heim. Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands kemur við sögu hjá mörgum sem fara í víkinginn enda að ýmsu að huga fyrir brottför.

Háskóla Íslands, þjónar öllu menntastiginu sem landsskrifstofa fyrir Menntaáætlun Evrópusambandsins og Nordplus menntaáætlunar norrænu ráðherranefndarinnar. Menntaáætlunir ná til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og fullorðinsfræðslu. Auk þess er hér rekin upplýsingastofa um nám erlendis sem er opin fyrir almenning, en þangað sækja margir sem eru í leit að háskólanámi erlendis. Meginverkefni eru þó stúdenta- og kennara skipti fyrir Háskóla Íslands og formlegt samstarf við erlenda háskóla,“ segir Karitas Kvaran, forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands.

Aðsóknin er mjög góð að hennar sögn og árlega fara á milli tvö og þrjú hundruð utan. „Flestir frá okkur eru í grunnnámi en síðan er að færa sig í vöxt að fólk í framhaldsnámi taki hluta náms erlendis og það er mjög hvatt til þess. Ástæðan fyrir því er fjölbreyttara framboð námskeiða erlendis auk þess sem það styrkir framhaldsnámið hér,“ útskýrir Karitas og segir flesta fara til Norðurlandanna og Evrópu, en einnig sé aukinn áhugi á Bandaríkjunum, Kanada og Asíu. „Háskóli Íslands hóf kenningu í japönsku fyrir nokkrum árum og það er alltaf töluverður

hópur sem fer til Japan árlega. Einnig tókum við á móti nemendum þaðan í staðinn, enda er það forsendan fyrir skiptináminu. Kennsla í kínversku hófst við Háskóla Íslands síðst liðið haust og núna erum við að þreifa fyrir okkur með skiptinámi til Kína,“ segir Karitas.

Flestir sem fara í skiptinámi eru úr hugvísinda- og félagsvísinda-deild, en einnig úr viðskipta- og hagfræðideild, lagadeild, verkfræði- og raunvísinda-deild. Auk þess segir Karitas nemendur úr heilbrigðisvísindum velji þessa leið í auknum mæli.

Hún segir skólann vera með samning við ákveðna skóla víðsvegar um heiminn sem bjóða skiptinámi og nefnir nokkra óvenjulega staði. „Svalbarði í Noregi er alltaf vinsæll staður, helst meðal nemenda í raunvísindum, gjarnan jarðfræði og landafræði. Síðan erum við einnig með samning við skóla á franskri eyju í Indlandshafi sem nefnist Reunion. Einnig má nefna staði í Suður- Ameríku sem þykja alltaf spennandi,“ segir Karitas, sem bætir við Ísland sé nú vinsælla en nokkru sinni fyrr. „Í dag tókum við á móti mun fleiri skiptinimum en fara héðan. Ísland þykir áhuga-vert land og hér er boðið upp á gott nám. Síðan er líka mikið kennt á ensku og það er lykllinn að námi fyrir erlendra skiptinema hérlendis.“

Kröfur til íslenskra skiptinema eru mismunandi eftir löndum og að sögn Karitasar borgar sig að kanna málið vel hjá Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands með góðum fyrirvara. <http://www.ask.hi.is>

rh@frettabladid.is

BÍLALEIGUBÍLAR SUMARHÚS Í DANMÖRKU

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfþyrgð. (Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter
Sumarhús

Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum



LALANDIA - Rødby

Lágmarksleiga 2 dagar.

LALANDIA - Billund

Nýtt frábært orlofshúsaferfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is



Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

Stökktu til Costa del Sol

22. maí
frá kr. **39.990**



Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol 22. maí. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Griptu tækifærið og njóttu vorsins á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. **39.990**

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi/stúdíó/íbúð í 7 nætur, m.v. stökktu tilboð. Aukavika kr. 14.000



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



Halló pabbi! Halló mamma!

Ég er á leiðinni ...

48 erlendir skiptinemar koma til Íslands í ágúst nk. Þeir bíða spennir eftir að heyra frá íslensku fósturfjölskyldunum sínum.

Er fjölskylda þín ein af þeim?

Viljið þið kynnast
... nýjum viðhorfum?
... framandi menningu?
... nýrri sýn á land og þjóð?

Ef svo er gefst ykkur færi á að taka á móti erlendum skiptinema næstu 5-10 mánuði.



AFS á Íslandi
Alþjóðleg fræðsla
og samskipti

Ingólfsstræti 3, 2. hæð
Sími 552 5450 • www.afs.is



Ný uppgötvun

BIOThERM HEFUR UPPGÖTVAÐ MEIRI VIRKNI Í VÖRUM SÍNUM.

Snyrtivörurnar frá Biotherm innihalda allar hreint „thermal plankton“ sem er náttúrulegt efni sem hefur róandi og græðandi áhrif á húðina. Nýlega komst fyrirtækið að því að þetta efni hefur enn betri og meiri virkni en áður var haldið. Í hreinu formi styrkir það frumuvarnir húðarinnar gegn öldrun og dregur úr sólbruna allt að áttatíu prósent.

Tvö ný krem Biotherm innihalda mikið magn af hreinu „thermal plankton“ og örva endurnýjun húðfrumna og gefa góðan raka. Þau koma úr „source therapie“-línunni og heita Pure SPA concentrate skin perfector og Perfecting and correcting eye care. - kka



„Pure SPA concentrate skin perfector“ má nota daglega, en er mjög gott eftir sund og mikla sól.



„Perfecting and correcting eye care“ er augnkrem sem nærir, mýkir og gefur góðan raka.

Saumað upp úr gömlu

Í kvennablaðinu *Le Petit Echo de la Mode* eða *Hið litla bergmál tískunnar sem hóf göngu sína í París 1880 voru leiðbeiningar um saumaskap, þrjónauppskriftir og innanhússkreytingar svo nokkuð sé nefnt.*

Tímariðið *Le Petit Echo de la Mode* var vikublað í eigu þingmannsins Charles Huon de Penanster. Þar voru uppskriftir að ýmsu góðgæti, góð ráð um barnauppleði, innanhússkreytingar, leiðbeiningar um saumaskap, þrjónauppskriftir, útsaumur og póstverslun sem minnir á nútíma netverslun. Árið 1887 fór að birtast þar framhaldsaga og blaðið seldist þá í hundruð þúsund eintökum.

Einhver myndi kannski kalla þetta litla blað kerlingabækur en góð húsráð voru í hverju eintaki sem komu sér vel í tveimur heimstýrjöldum þegar þröngt var í búi og lítið um efni til tískuhönnunar. En meðan á stýrjöldunum stóð var blaðið minnkað vegna pappírskorts. Þá var til dæmis sýnt hvernig rekja mátti upp peysur og þrjóna nýja flik úr garninu eða hvernig á að sauma fót á drengi upp úr notuðum jakkafötum heimilisföðurins. Í skýrtuna var að sjálfsögðu notað hvítt léreft úr blússu af móðurinni!

Tískan var hins vegar fyrirferðarmest í blaðinu og í hverri viku birtust snið svo húsmæður gætu saumað á sig og fjölskylduna eftir nýjustu tískustraumum. Blaðið átti reyndar stóran þátt í að gefa almenningu tækifæri til að fylgja tískunni. Fjöldaframleiðsla á fatnaði, sem á frönsku kallast prêt-à-porter, þekktist ekki á þessum tíma. Reyndar er fjöldaframleiðslan ekki eldra fyrirbæri hjá tískuhúsum en frá sjöunda áratugnum. Það var Yves Saint-Laurent sem var fyrstur til að hefja slíka framleiðslu og opna búðir með þessum varningi. Efnameira fólk hafði sína saumakonu eða klæðskera og seinna meir hátískuna eftir því sem fleiri tískuhús opnuðu á 20. öldinni. Hinir urðu að sauma á sig sjálfir. Þegar best lét fór tímariði *Le Petit*



Forsíða frá 1969. MYNDIR/JEAN-CLAUDE ISARD OG CULTURE ET PATRIMOINE, CENTRE RESSOURCES DU PETIT ECHO DE LA MODE.

Echo de la Mode í eina og hálf milljón eintaka um 1950. Endalok þess má líklega rekja til tískublaðanna sem komu fram á sjónarsviðið á seinni hluta 20. aldar. Elle er til dæmis rúmlega sextugt tískurit. Þau tóku annars vegar við hlutverki þessa litla hagnýta blaðs hvað varðar kynningu strauma og stefna í tískuheiminum og hins vegar má rekja minnkandi sölu þess til fjöldaframleiðslu á fatnaði, bæði ódýrari varnings og framleiðslu finni tískuhúsa. Konur hættu smátt og smátt að sauma og eftir níutíu ára sögu var blaðið selt til helsta keppinautarins, Femmes d'aujourd'hui, sem þótti nútímalegra. Nafnið hélt þó lífi í rúmlega öld, allt til 1983.

Í fjórða hverfi Parísar í byggingu Forney-bókasafnsins, Hôtel de Sens,



Forsíða *Le Petit Echo de la Mode* frá 1959.

hefur um skeið verið hægt að skoða sögu *Le Petit Echo de la Mode*, eins elsta tískublaðs í heimi og um leið er sýndur fatnaður sem tengist hverju tímabili í sögu þess. berg75@free.fr



Ný verzlun í Smáralind

Skart company hefur opnað í Smáralind við búðarkassana í Hagkaup. Flott skart, úr, töskur, belti, hárskraut ofl. Frábært brúðar- og árshátíðar hárskraut og skart.

Opið mán. – sun. 11-19 og til 21 á fimmtudögum.

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga






BIRNA

Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net

heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 17. MAÍ 2008



● HÖNNUN

Ótroðnar
slóðir farnar

● LÍFSSTÍLL

Lagt af stað
í lautarferð

● INNLIT

Rómantíkin
allsráðandi

FRÉTTABLAÐIÐ

Lyf gegn verðbólgu

Stuttur skuldabréfasjóður

Langur skuldabréfasjóður



Stuttur skuldabréfasjóður

Traustur fjárfestingarkostur, litlar sveiflur.

Langur skuldabréfasjóður

Traustur fjárfestingarkostur, meiri sveiflur.

 **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Stuttur- og Langur skuldabréfasjóður eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðanna er Rekstrarfélag SPRON. Útboðsýsingar má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.



HEIMILISHALD
RUT HERMANNSDÓTTIR

Veisluhöld garðálfsins

Vorin eru ansi hressandi í minni fjölskyldu enda margir sem eiga þá afmæli, þar á meðal ég og dóttir mín.

Húsmóðirin kemur fram í mér og hugmyndir um kökuhönnun, þemaveislur og pinnamat streyma um kollinn vikum saman.

Dóttir mín hefur leikinn í lok apríl, og við byrjum strax í febrúar að kíkja í tertubækur og hamstra birgðir. Ég hlusta varfærnislega á óskir um ratleiki, kjóla og kökur í öllum regnbogans litum á meðan ég byrja í laumi að ímynda mér eitthvað mjög nýmóðins kokkteilboð fyrir sjálfa mig tveimur vikum síðar. Eldhúsverkin leika í höndum mér, barnaterturnar eru ævintralegar. Ég er hinn fullkomni gestgjafi, hlæ á viðeigandi stöðum, býð fram það besta úr sælkeraverslunum borgarinnar. Er með óviðjafnanlega lagalista í spilastokknum og hælarnir eru ítalskir.

..... Deir sem þekka vel mig vita að þetta er náttúrliga haugalygi.

Afraksturinn varð marens sem sennilega hentaði frekar til hellulagna en manneldis.

Húsmóðurdyggðir hafa sjaldan verið mín sterka hlið og mér er í fersku minni svipur ömmu minnar þegar ég skræði mig svo á mynd- og handíðabraut í framhaldsskóla. Bútasumurinn vildi frekar festast við peysuna en að verða að pottaleppum, þrjónarnir týndust í hárinu á mér og garnið flaug í allar áttir á meðan saumavélin bræddi úr sér. Enda var það sameiginlegu átaki nokkurra meðlima úr saumaklúbbum hennar ömmu að þakka að ég kolféll ekki í Þrjónum 103.

Eftir að dóttir mín fæddist liðu fyrstu barnaafmælin hjá án þess að upp kæmist um bresti mína, enda miskunnaði amma sig yfir mig með marens. Þegar ég fluttist til útlanda gat amma náttúrliga ekki sent marensinn á milli landa, en til allrar lukku redduðu vinkonurnar mér vitandi af harmi mínum, sem ég bar nánast í hljóði. Litla systir varð fljótlega minn helsti bandamaður og úr ofni hennar runnu stanslaust tertur sem hreinlega björguðu barnæsku dóttur minnar frá þeirri nóturlegu staðreynd að mamma gat ekki bakað.

Með góðsemina eina að vopni langaði mig að sjálfsgöðu að launa systur minni greiðann. Afraksturinn varð marens sem sennilega hentaði frekar til hellulagna en manneldis. Ég lét mér því nægja að fara í Ríkið og brjóta saman servíettur fyrir hana að launum.

Mér hefur margoft verið bent á að hlutir taki tíma, en ég hef enga þolinmæði í að hlusta á slíkar fortölur. Ég hugsa hratt, stundum gleymin, utan við mig og óþolinmóð. Þó er ég öll af vilja gerð og með þrotlausum æfingum og auðmýkt hefur kviknað von í brjósti mér og öðrum. Enda tókst afmæli dótturinnar með eindæmum vel í ár og skreytingarnar alveg í anda Dadaisma sem öll börn kunna vel að meta. Blessunarlega hangir þó ekki sjálfsvirðingin í þræði útsaumsnárinnar eða á kókufati inni í skáp, því mig prýða aðrar mjög góðar dyggðir. Hins vegar átti ég besta afmæli í heimi syngjandi úti í garði í gúmmístígvélum með úfið hár úti í sveit á meðan ég lét mig dreyma um að gerast garðyrkjubóndi sem giftist mjög sætum bakara.



● Forsíðamynd: Daria Scagliola og Stijn Brakkee tóku mynd af stóli eftir Rianne Makkink og Jurgen Bey. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000. **Ritstjórnar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emília Örlýgsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724. **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



Sóley ætlar að sitja við smíðar í sumar og koma áhöldunum í sölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Gamalt munstur fær nýtt líf

● Nýstárleg eldhúshöld sem byggja á gömlum grunni eru lokaverkefni Sóleyjar Þórisdóttur, sem útskrifast úr vöruhönnun frá LHÍ í lok mánaðarins.

„Mig langaði að poppa borðhaldið aðeins upp með skrautlegum áhöldum en vísa á sama tíma í þetta gamla og góða sem allir þekka,“ segir vöruhönnuðurinn Sóley um lokaverkefni sitt í vöruhönnunardeild Listaháskóla Íslands. Sóley hannaði áhöld í eldhúsi úr áli sem skreytt eru gömlu munstri.

„Verkefnið var unnið í samstarfi við tvö fyrirtæki. Gull- og silfursmiðjuna Ernu og Álverið ehf. í Garðabæ,“ útskýrir Sóley en Gull- og silfursmiðjan Erna hefur sérhæft sig í framleiðslu á íslenskum silfurborðbúnaði í ára- raðir.

„Ég ákvað að nýta framleiðslu- aðferðir sem eru nú þegar til staðar en gera hlutina með öðrum hætti. Gull- og silfursmiðjan Erna framleiðir nær eingöngu hluti úr silfri en ég ákvað að nota ál. Ég hannaði lagið á áhöldunum sjálf en nota síðan gömlu munstrin frá Ernu til að skreyta þau,“ útskýrir Sóley og bætir við að engin tvö áhöld séu nákvæmlega eins þótt lagið sé það sama.



Sóley vildi poppa borðhaldið aðeins upp með því að hafa áhöldin í sterkum litum.

„Þarna í Gull- og silfursmiðjunni Ernu eru til óteljandi stansar sem hafa verið notaðir við þessa iðn árum saman en ég nota þá á nýjan hátt og frekar tilviljana- kennt. Þegar búið er að steypa skeiðarnar eru þær rafhúðaðar hjá Álverinu ehf. og það er í því ferli sem álið fær á sig lit og styrkist,“ útskýrir Sóley, sem hefur fengið góð viðbrögð við hönnuninni.

„Ég sýndi verkeið á útskriftar- sýningunni og margir þekktu gömlu munstrin og þótti gaman að sjá þau í nýjum búningi. Allt samstarfið við Ernu gekk líka ofboðs- lega vel og var ákaflega lærdóms- ríkt,“ segir Sóley, sem hyggur nú á framleiðslu og markaðssetningu en áhöldin verða meðal annars til sölu í netversluninni Birkiland.com.

-þó



Þráðlaus þægindi frá Danfoss

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og
framleiðslu gólfhitastýringa

Danfoss stjórnþúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

144
milljónir

Þrefaldur pottur!

**Náðu þér í Lottómiða á næsta
sölustað eða á lotto.is**



lotto.is

Sendibílaþjónusta

Viltu losna við gamla dótið úr skúrnum eða geymslunni?



Stefán - Sími 771 1966



Ertu að flytja?
Við hjálpum þér að bera!

Svanlaugur - Sími 770 5053

Tökum að okkur föst og tilfallandi verkefni
- Snögg og örugg þjónusta



Iðnaðarhurð



Rúlluhurð



Vörulyftur og veðurhlífur



Hraðlyftihurð



Eldvarnarhurð



Hlið



HÖRMANN

Hjá Glófaxa færðu: Iðnaðarhurðir, bæði sem flekahurðir og rúlluhurðir.

Iðnaðarhurðir, með gönguhurðum, með eða án þröskulds. Í hurðunum eru gluggar ísettir plastrúðum sem rispast ekki.

Einnig fást eldvarnar-, öryggis- og bílskúrshurðir.


GLÓFAXI ehf.

Ármúla 42 • Sími 553-4236 / 553-5336
Fax 588-8336 • glofaxi@simnet.is




1



2

Svara kalli náttúru

● Græna byltingin er hafin og margir innanhússarkitektar og hönnuðir eru að leggja sitt á vogaskálarnar. Í krafti skapandi hugsunar leita þeir leiða til að nýta hráefni betur og draga úr úrgangi án þess að slá á kröfurnar um fallett útlit. Allar helstu blogg síður sem fjalla um hönnun hafa ekki farið varhluta af þessu og keppast við að kynna nýja og umhverfisvæna muni fyrir lesendur sína og á þessum myndum getur að líta það helsta sem rak á netfjörur okkar.



3

1. Upptrektar. Ljós frá Nicholas Furrow. En sá ágæti hönnuður leikur sér að því að búa til ljós og aðra muni úr hlutum sem hann finnur. Þetta ljós er gert úr tveimur trektum en hann hefur líka gert ljós úr sigti. Sjá vefsíðuna nicholasfurrow.net.

2. Í friði og ró. Palo Samko er hönnuður sem notar við og gamla muni í húsgögnum sínum. Hann leggur mikla áherslu á handbragðið, en vill þó ekki að hlutirnir séu of tilbúnir og vill helst að þeir falli inn í náttúruna.

3. Bamba-stóllinn. Þessi stóll er allur unninn úr bambusvið. Hann kemur frá fyrirtæki sem heitir Ecosystems og sérhæfir sig í að hanna húsgögn sem eru í fullkominni sátt við umhverfið.

4. Endist um aldur og ævi. Skápurinn Alba er smíðaður úr viði sem kemur úr nytjaskógi og er ætlað að endast lengi. Hann er til sölu á oneecohome.co.uk, hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á umhverfisvænum húsgögnum.

5. Undir nýja bossa. Skiptiborðið frá Argington er allt unnið í sátt við umhverfið. Það er hannað af hjónum sem búa til húsgögn fyrir börn og fjölskyldufólk. Þau leggja áherslu á að vörur þeirra séu umhverfisvænar.

6. Spýtustóll. Þennan stól er að finna í vörulínu One Eco Home (oneecohome.co.uk) og eins og sjá má er búinn til úr trjágreinum. Skemmtileg hugmynd sem auðveld er að útfæra og hægt að búa til nokkra svona úr öllum trjágreinum, sem kliptar eru í gördunum á vorin.

7. Brasilísk feegurð. Brasilífumaðurinn Sergio Fahrer smíðaði hljóðfæri áður en hann fór að búa til húsgögn. Hann hannaði stólinn Charla sem er unninn úr við úr nytjaskógi, stálið í honum er endurunnið og leðrið kemur af kúm sem eru aldar upp undir ströngustu umhverfisverndarskilyrðum. Stóllinn fæst hjá oneecohome.co.uk.



4



5




7



6

LÍNAN



Þú velur...



Coffee línan: 180 tegundir af áklæðum og 50 tegundir af leðri | Verð: 2ja sæta frá 88.000 kr. í áklæði og 138.000 kr. í leðri

Línan ehf | Bæjarlind sex | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16



Herbergi tveggja ára heimasættunnar er innréttað með húsgögnum og munum úr barnalínu Sia.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Margrét er mikið fyrir að hafa blóm og kerti í kringum sig og skiptir þeim gjarnan út eftir árstíðum.

Hlýlegt fyrir heimakæra fjölskyldu

● Margrét Einarsdóttir, eigandi verslunarinnar Sia, á fallett heimili. Hún er mikið fyrir notalegheit og vill hafa hlýlegt í kringum sig.

„Ég hef alltaf verið mikið fyrir að hafa fínt í kringum mig. Það var einmitt þess vegna sem ég keypti verslunina síðastliðið haust og fór út í rekstur,“ segir Margrét sem er viðskiptafræðingur og eigandi verslunarinnar Sia á Laugavegi 86.

Margrét býr ásamt manni sínum og tveimur börnum í

fallegru íbúð í litlu fjölbýlishúsi í Kópavogi. Þar hafa þau verið í fimm ár og líkar vel.

„Íbúðin er opin og björt og útsýnið er fallett. Ég myndi lýsa heimilinu sem hlýlegu og notalegu og eiginlega má segja að Sia-stíllinn sé allsráðandi. Ég er mikið fyrir kerti og blóm og þar sem ég er heimakær skiptir það

mig miklu máli að heimilið sé hlýlegt,“ segir Margrét og bætir við að rómantískur stíll Sia henti sér vel. „Ég held að þessi hlýlega stemning sé að koma inn aftur. Undanfarið hefur tískan verið frekar einföld og mίνimalísk en nú virðist það vera að breytast,“ segir Margrét.

Á heimilinu leynast bæði gamlir og nýir hlutir. „Þetta er eitthvað sem við höfum verið að safna að okkur í gegnum okkar búskap og mér finnst gaman að hafa eldri hluti innan um. Málverkið í stofunni er til dæmis úr búi foreldra minna. Það er eftir listakonuna Tonný og ég fékk það þegar ég flutti að heiman. Mér finnst gott að hafa eitthvað uppi við sem minnir á æskuheimilið,“ segir Margrét.

- þó



Fagurskreytt barnaborð og stólar sem fást í versluninni Sia.



Húsgögnin í stofunni eru úr Tekk-Company en litlu hlutirnir koma flestir úr versluninni Sia. Stóra málverkið er úr búi foreldra Margrétar.



Smáhlutir úr Sia leynast víða, til dæmis þessi falletti kertabakki.



Margrét hefur alltaf verið mikið fyrir fallega hluti og því má segja að gamall draumur hafi ræst þegar hún tók við rekstri Sia.

MIRALE

HÚSGAGNASÝNING

Í tilefni af því að Mirale
hefur tekið við umboði

ligne roset



25% afsláttur

af öllum vörum **ligne roset**
meðan á sýningunni stendur

MIRALE
Síðumúla 33
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.-föstud. 11-18
laugardag 11-16
www.mirale.is

Við stöndum upp úr í nýjstu könnun Capacent

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... ..alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgina, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar-apríl 2008.

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

hönnun

● STRÍÐSTERTUR SKAL ÁVALLT BERA FRÍÐSAMLEGA FRAM

Leirkerasmiðjan Royal Tichelaar Makkum er elsta fyrirtæki Hollands en rætur þess má rekja til ársins 1572. Margir Íslendingar eiga frá Hollandsferðum sínum forlata postulínsklossa sem þeir hafa kippt með sér heim sem minjagrip, en hönnun Makkum er síður en svo gamaldags eða íhaldssöm, þótt enn sé haldið tryggð við gamalt handverk og rótgróin stílbrögð.

Hvíti friðarkökuhjálmurinn ber þess skýr merki, en hann er bæði frumlegur og flottur, og til þess fallinn að bjóða sátt í sætu formi.



Herðatrén eru skorin út úr við og hanga í vir niður úr loftinu.

Krummi passar fötin

● Það er ekki amalegt að geta treyst hinum glysgjarna krumma fyrir uppáhaldsflíkinni.

Krummi eða Raven kallast þessi fallegu og frumlegu herðatré eftir grafíska hönnuðinn Ingibjörgu Hönnu Bjarnadóttur.

Krummarnir eru ekki aðeins hagnýtir sem herðatré heldur eru þeir til mikillar þrýði þar sem þeir hanga niður úr loftinu í stálvír og svífa þannig nánast um í lausu lofti.

Herðatrén eru seld í Kisunni á Laugavegi og á Birkiland.com. Fuglarnir eru skornir út úr krossvið og sprautulakkaðir svartir en sárið skilið eftir ólakkad og látið njóta sín. Í haust koma síðan á markað sömu herðatré úr heilsprautuðu MDF. Einnig eru væntanleg krummaherðatré með venjulegum hanka og herðatré fyrir pils.



MINERAL BUTTER líkamskrem kr. 1490.-
DEAD SEA WATER saltvatn í bað kr. 490.-
BODY SCRUB olíuskrúbb á líkamann kr. 1290.-
BADSALT MEÐ ILMJURTUM kr. 890.-

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 / laugardagar 10:00 til 18:00 / sunnudagar 12:00 til 18:00

Náttúrulegar snyrtivörur

Einstakar snyrtivörur sem innihalda hrein náttúruleg efni úr Dauðahafinu

Allt fyrir andlitsmeðferðir og líkamsmeðferðir

Bjóðum upp á faglega ráðgjöf
 Föstudag 14-18
 Laugardag 13-16
 Sunnudag 14-17

Komdu til okkar og við hjálpum þér að setja saman þinn eigin dekurpakka

the PIER



Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður



Trégluggar og -hurðir



Prodema viðarklæðning



Álprófilar – Sapa Building System



Sólstofur og svalalokanir



Hraðhurðir

Stálhurðir með og án glugga

Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!



Álklæddir trégluggar




Álgluggar og -hurðir



Bílskúrs- og lónaðarhurðalöusnir



Rennihurðir



Alux öryggislokanir



Renson loftunarristar



Gluggasmiðjan

Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is

Stólahönnun með nýjustu tækni

● Bone furniture er stóllína sem vörühönnuðurinn Joris Laarman vann fyrir hollenska hönnunarfyrirtækið Droog og Friedman Benda Gallerí í New York.



Stólarnir eru framleiddir úr stáli og hvítu plastefni.
MYND/JORIS LAARMAN

Hugmyndina að stólunum sótti hann til náttúrunnar og í þá staðreynd að tré geta bætt við þykkt þar sem þörf er á meiri styrk og eins hafa bein þann eiginleika að minnka þykkt þar sem hennar er ekki þörf. Verkfræðingar í bílaiðnaðinum fundu upp tæki sem vinna á svipaðan hátt við framleiðslu bílahluta.

Laarman notaði þessa tækni við hönnun stólanna. Hann vill ekki meina að hann hafi þar með hannað hinn fullkomna stól en tæknin bjóði vissulega upp á skemmtilegan möguleika við að móta hluti. Laarman er einn af efnilegustu ungu vörühönnuðunum í Hollandi. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir hönnun sína og er vinsæll gestakennari í Lista-háskólum í Hollandi. Hann lauk sjálfur námi frá Design Academy Eindhoven árið 2003.



Joris Laarman hannaði stóllínuna bone chair með nýjustu tækni í framleiðslu bílahluta.
-rat



Gaman er að útbúa dýrindis lautarferð, með gómsætum réttum og drykkjum.

NORDICPHOTOS/GETTY

VANDAÐU VALIÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN SEM ENDAST

69.900
FULLT VERÐ
79.900

34.900
FULLT VERÐ
42.900

16,5 kw/h

Petta er aðeins brot af úrvalinu
Skoðið www.grillbudin.is

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

LANDMANN er frá Þýskalandi
Ópið laugardaga til kl. 17:00 www.grillbudin.is

Förum í lautarferð!

● Á góðum sumardegum er upplagt að skella sér í lautarferð með vinum og vandamönnum. Það eina sem þarf að gera er að pakka niður nokkrum gómsætum réttum og svalandi drykkjum. Ekki er vitlaust að taka stórt teppi með til þess að sitja á og kannski nokkur leikföng fyrir yngri kynslóðina. Kaldir kjúklingavængir, pastasalat og gott brauð er líka tilvalið til að taka með í ferðina, svo og auðvitað góðan félagsskap. Svo er ekki verra að hafa nokkra sniðuga hluti við höndina.

- 1. Þessi picnic-taska fæst í lðu.** Í henni er kælibox og matarsett fyrir tvo. Hentar vel fyrir rómantíska lautarferð fyrir þör. Taskan fæst í nokkrum litum og kostar 3.995 krónur.



- 2. Ekki er vitlaust að taka spil með sér í svona ferðir.** Þessar litlu útgáfur af Backgammon og tafla eru með segli þannig að leikmennirnir detta ekki af. Spil-in fást í Tiger og kosta 200 krónur stykkið.



- 3. Gott er að hafa eina stóra tösku með þegar farið er í lautarferðina.** Hér er nóg pláss fyrir teppi og púða, aukaföt eða annað sem nota þarf til að gera daginn betri. Þessi taska fæst í Tiger og kostar 800 krónur.



- 4. Uptakari er ómissandi í lautarferðina,** hvort sem er fyrir gosið eða vínið. Þessi góði uptakari hentar vel fyrir hvoru tveggja. Á honum er einnig hnifur sem nota á til að skera utan af vínflöskunum. Hann fæst í Tiger og kostar 400 krónur.

Einstakt tækifæri til að eignast hágæða kínverska listmuni

30-90% afsláttur vegna flutninga

- Vasar
- Diskar
- Lampar
- Pottar
- Skílrúm
- Myndir
- Gosbrunnar o.m.fl.

Gólfvasar frá kr. 3000.-



Gallery Kína

Ópið laugardag og sunnudag frá kl. 10-17

Ópið mánudaga - föstudaga 10-18

Ármúla 42 · Sími 895 8966

Garðsett
KEROS
5 stykki
39.900,-

Glerborð 564748 kr. 12.900,-
Staflanlegur stóll 564755 kr. 6990,-
Garðsett 5 hlutir 564762 kr. 39.900,-



the
PIER

Full búð af nýjum sumarvörum

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 / laugardagar 10:00 til 18:00 / sunnudagar 12:00 til 18:00



MYND: DROOG IMAGEBANK

Margir þekktja kristallsljósakrónuna Shade eftir Jurgen Bey en hana vann hann fyrir Droog árið 1999.



Ear chairs sem Rianne Makkink og Jurgen Bey framleiða undir merki sínu Proof.

MYND/DARIA SCAGLIOLA & STIJN BRAKKEE

Náttúran og notaðir hlutir

● Nú í vor fer af stað samstarfsverkefni milli framleiðslufyrirtækja í Hafnarfirði og innlendra og erlendra hönnuða.

Átta hönnuðir munu vinna í samstarfi við mismunandi hafnirsk framleiðslufyrirtæki í sumar að því að hanna nýjar vörur fyrir framleiðsluna. Hollensku hjónin Rianne Makkink og Jurgen Bey eru ein af þeim erlendu hönnuðum sem taka þátt í verkefninu. Þau reka saman hönnunarstofuna Studio Makkink&Bey í Rotterdam og verða í samstarfi við málmsteyppuna Hellu. Rianne heimsótti verksmiðjuna á dögunum til að kynna sér framleiðsluna.

„Við erum mjög hrifin af Íslandi. Jurgen Bey kennir við Listaháskóla Íslands og þegar Hrafnkell Birgisson impraði á þessu verkefni við okkur stukkum við á tækifærið,“ segir Rianne um aðdraganda þess að þau taka þátt. Rianne sem er lærður arkitekt kynntist Jurgen Bey árið 2001 en þau hafa unnið saman síðustu fimm ár.

„Hans nafn var löngu orðið þekkt í hönnunarheiminum svo flestir þekktu okkar verk einungis undir hans nafni. Við vinnum mjög vel saman og leitum bæði innblásturs í umhverfið og hluti með sögu frekar en að fletta hönnunartímáritum. Við horfum til dæmis í hluti sem þegar eru til í náttúrunni og reynum að fara ótroðnar slóðir í okkar hönnun.“

Rianne var mjög ánægð með heimsóknina í Hellu og segir þau alltaf eiga í nánú samstarfi við framleiðendur því þeim þyki mikilvægt fyrir hverja þau eru að vinna og hvers vegna.

„Allar okkar vörur verða til í samvinnu og við spinnum ekki eitthvað upp úr engu. Það skiptir okkur máli hvernig hlutirnir verða til og í hvernig umhverfi. Þess vegna vildi ég koma sjálf í málmsteyppuna til að hitta fólk-



Hugmyndin að baki stólunum er að skapa næði án þess að þurfa að hólfa rýmið niður.

MYND/DARIA SCAGLIOLA & STIJN BRAKKEE

id og sjá hvernig það vinnur og hvaða möguleikar liggja í framleiðslunni. Ég held að það sé mikilvægt fyrir hönnuði að vera í beinu sambandi við handverksfólkið og framleiðendurna því þetta er samvinna og við gætum ekkert gert án þeirra.“

Rianne segir að þau muni vinna hugmyndavinnu og skissur á vinnustofunni í Rotterdam en heimsækja málmsteyppuna á milli

til að samræma hugmyndir sínar við mögulega framleiðslu. Hún segir þetta framtak frábært fyrir íslenska hönnun og framleiðslu. „Við fylgjumst vel með íslenski hönnun og það eru spennandi hlutir að gerast núna. Ég held að hönnun á Íslandi sé á mikilvægum tímamótum í dag.“

Aðrir þátttakendur í verkefninu eru Katrín Ólína Pétursdóttir en hún vinnur með Mest, Snæfríð

Þorsteinsdóttir og Prentheimar vinna saman, Borðið vinnur með Rafhitun, Egill Kalevi Karlsson vinnur með Stoð, Páll Einarsson vinnur með Trefjum, spænsku hönnuðirnir El Ultimo Grito vinna með RB-Rúmum og Johannes Fuchs vinnur með Breiður.

Áætlað er að sýna afrakstur verkefnisins í ágústlok í Hafnarborg. Hrafnkell Birgisson vöruhönnuður stýrir verkefninu. -rat



Endurnýting er mikilvæg í hugmyndafræði Jurgens Bey og Rianne Makkink. Þessi bekkur er búinn til úr samanpressuðum úrgangi. Náttúran ræður svo líftíma bekkjarins.

MYND: DROOG IMAGEBANK



Rianne finnst mikilvægt að kynna fólkinn sem mun framleiða vöruna og var heilluð af vinalugu andrúmsloftinu í málmsteyppunni Hellu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VANTAR ÞIG

(HVÍTA) INNRÉTTINGU?

Við bjóðum 12 mismunandi hvítar hurðargerðir.

En það er fleira í boði td. askur, eik, birki, hnota, svart háglans o.fl.

Velkomin í heimsókn og skoðið úrvalið.

Hvít Basic
plastlögð

Hvít slétt
sprautulökkuð

Capri hvít
plast-heithúðuð

Capri hvít háglans
plast-heithúðuð

Hvít með boga
plast-heithúðuð

Hvít Nice
plast-heithúðuð

Beykilíne
hvítt/beyki

Mahognylíne
hvítt/mahogny

Eik Elegant
hvítt/eik

Hnota Format
hvítt/hnota

Pisa hvít
"höldulaus"

Pisa hvít háglans
"höldulaus"



www.nettoline.dk

VERÐIÐ ER EKKERT VANDAMÁL

25% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 24. maí.

ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR



Mán.- föst. kl. 9-18 - Laugardaga 11-16

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Við hönnum og teiknum fyrir þig! Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, anddyrinu, svefnherbergjunum eða þvottahúsinu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

Þú er valið! Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

VANTAR ÞIG

(EIKAR) INNRÉTTINGU?

Þú getur valið um 6 mismunandi eikarhurðir hjá okkur.

Við bjóðum einnig ýmsar aðrar, t.d. ask, eik, birki, hnotu, svartar háglans, gular o.fl.

NETTOLINE eru glæsilegar danskar innréttingar í hæsta gæðaflokki!

Torino eik
harðplastlögð

Fiorini eik
harðplastlögð
áfest álhandfang

Stockholm eik
spónlögð

Capri eik lárétt
plast-heithúðuð

Oslo eik
gegnheil/spónlögð

Kvaðrat eik
gegnheil dökk eik



www.nettoline.dk



VERÐIÐ ER EKKERT VANDAMÁL

25% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 24. maí.

ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR



Mán.- föst. kl. 9-18 - Laugardaga 11-16

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Allt á sama stað!

Þegar þú verslar við Friform færðu alla þjónustu á sama stað, fullkomið úrval innréttinga og raftækja. Sölumenn okkar búa yfir þekkingu og reynslu. Við rekum eigið trésmiðaverkstæði, sömuleiðis eigið raftækjaviðgerðarverkstæði og höfum á að skipa hópi úrvals iðnaðarmanna; trésmiða, rafvirkja og jafnvel pípara ef með þarf. Markmið okkar er að veita úrvalspjónustu.

HVÍTT OG SVART og allt þar á milli



Þú getur valið um 30 hurðargerðir og -liti hjá okkur. Komdu og skoðuðu

VERÐIÐ ER EKKERT VANDAMÁL

25% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 24. maí.

ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR



Mán.- föst. kl. 9-18
Laugardaga 11-16

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDYRT



Rennihurðafataskápar

Afgreiddir eftir máli - sniðnir að þínum óskum

Hurðirnar eru afgreiddar eftir máli, hæð allt að 275 cm og breidd 40-150 cm. Í boði eru 3 rammalitir (hvítur, silfur, messing) og 39 panilgerðir (plastlagðar, spónlagðar, málað gler, speglar o.fl.). Að innan er val um 6 liti (plast - eða spónlagt) og boðið er upp á mikið úrval af hillum, skúffum, körfum o.fl.

Fullkomin þjónusta!

Komdu með málin - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð. Við önnumst líka uppsetningu fyrir þá sem þess óska.



Það er hugsað fyrir öllu, svo allt sé í röð og reglu!

nettoline
ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR

VERÐIÐ ER EKKERT VANDAMÁL

25% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 24. maí.

ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR



Mán.- föst. kl. 9-18 - Laugardaga 11-16

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

URVALIÐ ER HJÁ FRIFORM

URVALIÐ ER HJÁ FRIFORM



Lítið folald hefur eignast nýtt engi í höndum Ragnheiðar.



Hugmyndin að þessari lykklakippu fæddist á baðinu. Nú eiga lykklarnir sinn stað í niðurfalli á símaborðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þægileg viðkomu fyrir augun

● Nýtt líf og endurvinnsla eru kveikjan að sýningu Ragnheiðar Ágústsdóttur, myndlistarmanns og hönnuðar, sem var opnuð nýlega á Skörinni.

„Á þessari sýningu eru hlutir sem hafa orðið á vegi mínum, til dæmis í Góða hirðinum eða Kolaportinu. Þetta eru hlutir sem er búið að afskrifa og ég hanna í kringum þá og reyni að skapa þeim nýja sögu,“ segir Ragnheiður Ágústsdóttir, myndlistarmaður og iðnhönnuður sem opnaði sýninguna Bræðingur á Skörinni í maí.

Ragnheiður stundaði myndlistarnám í Frakklandi en hélt síðan til Milanó á Ítalíu og lauk þaðan mastersnámi í iðnhönnun. Verk hennar bera keim af bæði handverki og hönnun en að þessu sinni hafa gamlir hlutir fengið glænýtt hlutverk og áður óþekkt framhaldslíf. „Endurvinnsla er þema sem liggur svoltið í loftinu núna. Ég er líka mikill náttúruverndarsinni svo endurvinnsla tengist því líka,“ segir Ragnheiður, sem notaði stytturnar sem prýddu áður mörg íslensk heimili sem mikilvægan innblástur. „Verkið hófst með pínustyttum sem sumir kannast við. Bæði magapínu- og tannpínustyttur, en úr henni hannaði ég til dæmis nammiskál,“ útskýrir hún. Í fram-



Ragnheiður Ágústsdóttir, myndlistarkona og iðnhönnuður, er hrifin af danskri hönnun og mjúkum línunum.

haldi af nammiskálinni bættist við verk sem vaknaði til lífsins á baðherberginu. „Maðurinn minn var gjarn á að týna lykklum og þegar ég var að þvo mér um hendurnar einn daginn kviknaði hugmyndin að lykklakippunni með baðtappanum,“ segir Ragnheiður, sem stingur nú lyklinum í litla skál með niðurfalli á símaborðinu hjá sér.

Hugmyndirnar koma úr ýmsum áttum og Ragnheiður nefnir þar bæði íslenska náttúru og aðra hönnuði sem áhrifavald. „Öll falleg hönnun hefur áhrif á mig og kannski sérstaklega hönnun sem er þægileg fyrir augun. Ég er mjög hrifin af danskri hönnun og mjúkum línunum en get einnig nefnt hollenska hönnuðinn Hellu Jongerius, Droog Design-hópin, spænska hönnuðinn Jaime Hayon, hinn ítalska Ettore Sottsass úr Memphis-hópnum og Helen Amy Murray sem hefur verið að gera nýstárlega hluti í textíl.“

Fram undan eru fleiri hugmyndir sem heimta að verða að veruleika, eða eins og Ragnheiður sjálf segir: „Skapandi hugur er stöðugt að og það er enginn stopptakki hjá svoleiðis fólki.“ Sýningin stendur til 27. maí á Skörinni, sem er til húsa í Aðalstræti 10. www.handverkoghonnun.is.

-rh

Málverkasýning í Valhúsgögnum

frá 16. - 24. maí. Verkin eru ýmist til sölu eða í einkaeign - Einstakt tækifæri

Verk eftir: Kjarval - Kristján Davíðsson - Karl Kvaran - Svavar Guðnason - Gunnlaugur Blöndal - Ásgrímur Jónsson - Jóhann Briem - Jón Stefánsson



Kristján Davíðsson



Ásgrímur Jónsson



Kristján Davíðsson



Kristján Davíðsson



Karl Kvaran



Svavar Guðnason

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375

Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16
Sunnudag kl.13-16

BLÖÐRULJÓS Sænski hönnuðurinn Fredrik Mattson, sem á heiðurinn af þessum skrautlegu ljósum, hefur átt velgengi að fagna síðustu ár og unnið til fjölda hönnunarverðlauna í Svíþjóð. Hann var meðal annars valinn hönnuður ársins 2007.

Fredrik, sem leggur höfuðáherslu á húsgagnahönnun, hefur rekið vinnustofu í Stokkhólmi frá árinu 2002 og hannað húsgögn fyrir fjölda framleiðenda. Þessi ljós, sem heita PXL, eru meðal nýjustu verka hans og fást hjá sænsku ljósaversluninni Zero. Þau minna um margt á uppblásna blöðru en um leið og þau eru framúrstefnuleg þá hafa þau augljósa skírskotun til fortíðar og hefðu eflaust sómt sér vel á áttunda áratug síðustu aldar.

Hægt er að fá bæði borðlampa og veggjós en ljósin eru gerð úr lituðu áli og stáli. Sjá nánar á <http://www.zero.se/>



Grasið í stofuna

Grænir og munstraðir púðar færa sumarið inn í stofu. Þegar rigingardagarnir eru orðnir óþarflega margir í röð má færa sumarið inn með því að velja hressandi liti í stofuna. Skelltu grasgrænni mottu á gólfíð og raðaðu blómum í vasa. Grænar pullur á gólfíð til að tylla sér á koma í stað þúfnanna úti í garði og einnig má útvega sér fuglasöng á geisladisk til að fullkomna stemminguna.

húsráð



● **FRÍSKLEGIR GLER-AUGNABAKKAR** Gleraugu eiga til að tynast innan um aðra húsmuni. Með litríkum gleraugnabökkum sem þessum er auðveldara að muna hvar gleraugun voru lögð frá sér, og leikur einn að finna þau aftur. Nauðsynleg húshjálp fyrir alla sem nota gleraugu. Líka þá sem verða fjóreygðir bara yfir sumartímann. Upplagt til að setja við símann, á náttborðið, við vaskinn eða bara hvar sem er. Fæst í 29 mismunandi munstrum og tíu prósent söluhagnaðar renna til rannsókná á brjóstakrabbameini, ef þú velur gleraugnabakka með bleikum borða. Fæst á www.decorative-things.com.

Afmælishelgi 17. & 18. maí

Hirzlan í 15 ár!

15% - 60% afsláttur

af öllum vörum

opið lau. kl. 10 - 18, sun. kl. 10 - 16



veggssamstæður



skrifstofuhúsgögn



barnahúsgögn



kommóður



sjónvarpsskápar



fataskápar



hæðarstillanleg skrifborð

Kaffiveitingar og næg bílastæði !!!

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is



lyfta.is

BYRJADU SUMARIÐ MEÐ THULE®



THULE® 1205S

Vinsælasta heimiliskerran!

Innanmál: 203 x 116 x 35 cm

Heildarþyngd: 750 kg

Burðargeta: 600 kg

Dekk: 13"

**TILBOÐSVERÐ
113.000,-**

THULE® 1205P

Krossviðsskjólborð

Innanmál: 203 x 119 x 35 cm

Heildarþyngd: 750 kg

Burðargeta: 600 kg

Dekk: 13"

**TILBOÐSVERÐ
119.000,-**



THULE® 3205S

Opnanlegur framgafi!

Innanmál: 204 x 142 x 35 cm

Heildarþyngd: 750 kg

Burðargeta: 600 kg

Dekk: 10"

**TILBOÐSVERÐ
125.000,-**

VIÐ SENDUM KERRUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ
ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

yfir mannfall frá því árið 2003, en UNHCR telur að nokkur hundruð Palestínuranna hafi beðið bana í þessum ofsóknum,“ hefur fréttavefur Al Jazeera-sjónvarpsstöðvarinnar eftir Anitu Raman, talsmanni flóttamannaafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, Antonio Guterres. Hann er yfirmaður UNHCR.

Hjálparstofnanir SP giska á að um 19.000 Palestínurmenn hafi flúið Írak. Alls er talið að yfir fjórar milljónir íbúa Íraks hafi flosnað upp frá heimilum sínum vegna átakanna í landinu og séu ýmist á vergangi innan Íraks eða hafi flúið land.

Ísland svarar kalli UNHCR


Aðstæður í búðunum eru sagðar eiga eftir að versna yfir sumarmanuðina. Nú strax í maí hafa komið dagar þar sem hitinn fór yfir 50 gráður. Rottur, snákar og sporðdrekar eru tíðir gestir tjaldbúa. Sandstormar eru líka vá sem vofir stöðugt yfir. Þetta veldur því að Flóttamannahjálpin er að reyna sitt bezta til að finna flóttafólkinu hæli einhvers staðar. Í frétt Al Jazeera segir að enn sem komið er hafi ekkert land lýst sig reiðubúið til þess. En nú liggur það sem sagt fyrir að Ísland mun taka við einstæðum mæðrum úr hópi þeirra. Einnig hefur heyrzt að stjórnvöld í Chile hyggest taka á móti hópi fólks úr búðunum.

Í fréttatilkynningu ríkisstjórnar Íslands um ákvörðunina um að taka við flóttafólkinu segir að aðstæður þess verði nákvæmlega kannaðar og að því loknu muni sendinefnd með fulltrúum flóttamannanefndar og fulltrúa Útlendingastofnunar halda til Al-Waleed-búðanna og taka viðtöl við fólkið.

Í undirbúningi er að hópurinn sem komi til Íslands fái hæli á Akranesi. Bæjarstjórnin hefur þegar samþykkt til bráðabirgða erindi frá flóttamannanefnd um að taka á móti hópnum.

Flóttamenn í og frá Írak

Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, segir yfir fjórar milljónir Íraka hafa flosnað upp frá heimilum sínum vegna átakanna í landinu. Þar af séu um tvær milljónir á vergangi innan Íraks en hinir hafi flúið land. Palestínurmennirnir sem nú hirst í búðum við landamærin að Sýrlandi eru aðeins brot af þessu fólki en hlutskipti þeirra er sérlega slæmt.



TJALDBÚÐALÍF Svona er umhofs bæði í Al-Waleed og Al-Tanf-búðunum þar sem palestínska flóttafólkið bíður þess sem verða vill. NORDICPHOTOS/AFP

Þægindi um land allt

Verið velkomin í Útilegumanninn, Fosshálsi 5-9 alla daga. Við sýnum ykkur fellihýsin, hjólhýsin og bátana okkar fyrir sumarið 2008 ásamt ferðavöru.

Á ferðalögum þínum um landið getur þú notið sams konar þæginda og heima hjá þér á öllum upphaldsstöðunum þínum. Uppbúið rúm og fyrirtaks aðstaða til að framreiða og njóta yndislegra máltíða fylgja þér hvert sem leið þín liggur - en útsýnið er aldrei eins.



OPIÐ
Helgar
12-16
Virka daga
10-18

Ríkulegur staðalbúnaður

- Galvaníseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Góð fjöðrun, hentar vel á ísl. vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kælikápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörðunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftluga m/þriggja hraða víftu
- Skyggðir gluggar
- 2 feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 1 x færnanlegt lesljós með víftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi



Rockwood fellihýsi
Verð frá 1.398.000 kr.



Allt til ferðalagsins



Fosshálsi 5-9 • Sími 551 5600 • www.utilegumadurinn.is



NORDICPHOTOS/AFP

Vopnahléið frá 1949 hélt til ársins 1967, þegar arabísku grannríkin reyndu aftur að ráða niðurlögum Ísraels með hervaldi. Því stríði lauk á sex dögum með sigri Ísraels og hernámi þeirra á Austur-Jerúsalem, Vesturbakkanum, Gólanhæðum, Sín-álskaga og Gazasvæðinu.

Áðurnefndur Eban var á þessum tíma utanríkisráðherra Ísraels. Þótt hann verði stefnuna út á við vildi Eban sjálfur að Ísraelar fengju araba til að semja um frið gegn því að hernumdu svæðunum yrði skilað. Reyndin varð sú að Ísraelar treystu tök sín á hernumdu svæðunum næstu áratugina með því að leyfa þúsundum gyðinga að stofna þar nýjar landtökubýggðir. Sagði Eban að með þessari stefnu væru Ísraelar að „rífa í sundur fæðingarvottorð sitt“. Hann var þó einnig hvassyrstur í garð araba og sagði þá aldrei „missa af tækifæri til að missa af tækifæri“.

Flestir palestínsku flóttamennirnir frá 1948 og afkomendur þeirra lifa enn þann dag í dag í flóttamannabúðum allt í kringum Ísrael. Fjöldi þeirra er nú yfir fjórar milljónir.



„ÞAÐ SEM MÉR FINNST SVO JÁKVÆTT VIÐ SPES ER AÐ BÖRNIN FÁ GOTT UPPELDI Í SÍNU EIGIN LANDI HJÁ SÍNU FÓLKI“ segir Olga Sif Guðmundsdóttir, sem sést hér með börnum á Spes barnaheimilinu í Lomé. Efst til hægri: Olga Sif að mylja niður manjók-rótina sem er mjög næringarrík og er notuð í matargerð í Tógó. Miðja: Ásamt Immaculé Amaganvi, forstöðukonu heimilisins.



Sá hvað hjálparstarf skiptir miklu

Oga Sif Guðmundsdóttir er nýkomin úr þriggja mánaða dvöl í Afríkurlífinu Tógó þar sem hún vann sem sjálfboðaliði í SPES-barnaþorpinu þar sem yfir áttatíu foreldraless börn búa. **Anna Margrét Björnsson** fékk að heyra um reynslu hennar úti sem hún segir ómetanlega.

Ég var að afgreiða í Gamla bakaríinu á Ísafirði þegar Njörður P. Njarðvík og Bera eiginkona hans gengu inn. Þannig atvikaðist það að ég endaði í Tógó,“ segir Olga Sif, tvítug stúlka frá Ísafirði, um ástæðu þess að hún varði þremur mánuðum í Lomé, höfuðborg Tógó. SPES-samtökin voru stofnuð árið 2000 af Njörðvík og barnaheimilið í Tógó í Vestur-Afríku tekur við börnum sem missa báða eða annað hvort foreldri sitt eða eru skilin eftir á götunni af ungun, veikum og ráðþrota mæðrum.

„Ég var að læra samfélags- og hagþróunarfræði við Háskólann á Akureyri og ég hafði alltaf hugsað mér að fara út í þróunarstarf,“ útskýrir Olga sem segir að hinn tilviljanakenndi fundur í bakaríinu hafi gert upp hug hennar um hvert skyldi halda. Misseri síðar var Olga Sif komin upp í flugvél með einn lítinn bakpoka meðferðis og verkefni hennar næstu mánuði var að hjálpa til við umönnun á börnunum. „Ég var í raun dálítið hissa þegar ég kom í barnaþorpið, kannski af því að ég bjóst við einhverju mjög frumstæðu. En það var allt svo snyrtilegt og fínt, ég hafði fínt sérhverbergi með viftu og það fór vel um mig. Öll börnin voru vel til fara og glöð og kát og starfsfólkið sem allt var frá Tógó var verulega indælt.“ Olga Sif segir ekki hafa heyrt sömu sögu frá öðrum vestrænum sjálfboðaliðum í borginni. „Þegar ég rakst á vestrænt fólk var það líka að vinna hjálparstarf enda enginn ferðandi áður í Tógó. Ég heyrði það úr mörgum áttum hversu heppin

þessi börn hjá SPES væru. Fátækt ríkir líka í hjálparstarfinu þar sem var kannski ekki til peningur fyrir fötum eða mat, og hvað þá leikföngum. Einnig hiti ég sjálfboðaliða sem unnu í sjúkrahúsum í borginni og aðbúnaðurinn þar var víst skelfilegur.“

Börnin passa upp á hvert annað

Olga Sif segir að heimilislífið hafi verið reglufast. „Það var vaknað eldsnemma, klukkan fimm þegar sólin kom upp, og þá byrjuðu allir að vinna. Morgunmaturinn var framreiddur og það var þrifið og svo framvegis. Á morgnana var oftast snæddur hrísgrjónagratgur eða eins konar kakósúpa með brauði og að honum loknum var þannig fylgt í skóla og leikskóla. Yngstu börnin voru eftir á heimilinu og ég eyddi deginum í að sinna þeim og leika við þau. Þegar krakkarnir komu heim síðdegis tók við lærdómur, leikur, það og kvöldverður. Í matinn voru oftast grjón eða pasta með fiski en þó var stundum kjöt, rötastöppur og annað grænmeti á boðstólum. Ég varð aldrei veik af mat, kannski örlítið slöpp í tvö skipti en ekkert meir. Það eina óskemmtilega sem ég lenti í var að fá útbrot á hand- og fótleggina en svo kom í ljós að lifur höfðu hreiðrað um sig undir húðinni. Þetta er víst algengt á þessum slóðum og ekki neitt sem heimamenn kippa sér upp við. Því miður tala ég takmarkaða frönsku og gat lítið rætt við krakkana en ég lærði þó bæði dálítið í frönsku og svo í éwe sem er tungumál héraðsins og var oftast talað á heimilinu þrátt fyrir að franska sé opinbert tungumál í Tógó. Á meðan ég var úti bættust níu börn við á heimilið,



ýngsta sex mánaða en hún var skilin eftir fyrir utan nunnuklaustur eins og svo mörg smábörn sem finnast á götunni. Margar tógóskar stúlkur verða barnshafandi þegar þær eru sjálfar börn, kannski ekki nema ellefu, tólf ára og lenda þá í því að verða fátækir auk þess að vera útskúfað úr fjölskyldunni og þær sjá engra annarra kosta völu en að skilja barnið sitt eftir þar sem einhver finnur það. Þegar börnin koma fyrst á SPES-heimilið eru þau óörugg og viðkvæm og ein grét til dæmis mikið og vildi helst vera ein til að byrja með. En stærri krakkarnir voru afskaplega góðir við hana og tóku hana í raun að sér og þá var hún fljót að koma til og taka gleði sína. Börnin passa upp á hvert annað og það er mikill samhugur milli þeirra.“

Forréttindi að kynnast börnunum

„Ég eignaðist svo vin á netkaffinu sem ég sótti og hann var duglegur að sýna mér hitt og þetta utan heimilisins en þá sá maður hversu fátæk þessi þjóð er,“ útskýrir Olga. „Ég heimsótti fólk þar sem fjögurra manna fjölskylda bjó í mjög

”

Hér heima var maður löngu orðinn ónægur fyrir auglýsingum sem segja að fyrir lítinn pening útvegir þú svo og svo mörgum vatn, skólabækur og lífsnauðsynjar. Þarna varð þetta raunverulegra.

litlu rými og svo var sláandi að sjá örkuð fólk betla á götunum.“ Olga segir þó áberandi hversu glaðlynt og vinalegt fólk Tógóbúar eru. „Þeir segja alltaf, velkomin, og kalla alla systur og bræður. Allir virðast hafa mikið sjálfsöruggi og sjálfsvirðingu. Ég bjóst auðvitað við mikilli fátækt, en það sem kom mér á óvart var hve mikla reisn fólkið hefur í þessum erfiðu aðstæðum, hvernig það fegrar litlu heimilin sín og er alltaf vel til fara. Meira að segja götustrákarnir, sem áttu hvernig höfði að halla, voru snyrtilegir. Tógóbúar eru sko ekki feimnir og stökkva gjarnan upp og dansa við lítið tilefni. Tónlistin er mjög sterkur partur af menningu

þeirra.“ Olga segir að dvölin í Lomé hafi verið mikil reynsla, bæði erfið og skemmtileg. „En fyrst og fremst voru það forréttindi að fá að kynnast öllum þessu frábæru börnum.“ Aðspurð hvort hún gæti hugsað sér að fara aftur til dvalar í Afríku verður Olga hugsi. „Ég hreinlega veit það ekki, hver veit nema að ég snúi mér að byggðamála á Íslandi, en þróunarland verða mér áfram hugleikin, það er ekki spurning. Ég hef heyrt svo margar sögur af misheppnaðri þróunaraðstoð en mér finnst mikilvægt að missa ekki trú á öllu hjálparstarfi þess vegna. Það sem skiptir máli er að það sé verið að hjálpa heimamönnum að hjálpa sér sjálfir. Það sem mér finnst svo jákvætt við SPES er að börnin fá gott uppeldi í sínu eigin landi hjá sínu fólk, það er ekki verið að þröngva neinu upp á þau, hvorki menningu né trúarbrögðum.“ Olga Sif segist meta hlutina öðruvísi eftir dvölinni úti. „Það hljómar kannski eins og klisja. En ég mun til dæmis leggja mig meira fram við að leggja pening til þróunaraðstoðar. Ég vil frekar ganga í hræðýrum fötum og leggja fram pening í staðinn. Þarna úti fékk ég beint í æð hversu miklu máli svona aðstoð skiptir. Hér heima var maður löngu orðinn ónægur fyrir auglýsingum sem segja að fyrir lítinn pening útvegir þú svo og svo mörgum vatn, skólabækur eða lífsnauðsynjar. Þarna varð þetta raunverulegra, ég horfði til dæmis á börnin David, Lisou og Afi og gerði mér grein fyrir því að það er einhverjum íslenskum styrktarforeldrum að þakka að þau eru á lífi. Lítil peningur frá okkur getur bjargað og breytt lífi fólks.“

ÚTILEIKFÖNG Í GARÐINN

LOKSINS KOMIN
Í MIÐHRAUNID



Kr. 19.980



Kr. 17.980



Kr. 29.980



Kr. 6.980



Kr. 5.980

MUNID NAMMIBARINN



50% AFSLÁTTUR
ALLAR-HELGAR



JUST 4
KIDS

VIÐ BRÚNA HJÁ IKEA

JUST 4
KIDS
express



FAXAFENI

OPIÐ KL. 11-19 ALLA DAGA



KNÁIR KNATTSPYRNUMENN Það eru ekki allir íþróttamannslega til fara en það segir ekkert til um frammistöðuna sem fer ekki eftir því hvort menn eru í íþróttagalla eða gallabuxum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



ÞESSI SKAL FLJÚGA Í NÆSTA PÓSTNÚMÉR Þessi knái Pakistani kann greinilega til verka þegar kyfla er látin fylgja kasti í þjóðariþróttinni, krikket. Ef einhver finnur bolta í Hlíðunum kann að vera að hann sé frá þessum kyflingi kominn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



KNÖTTURINN Á KASSANN Það getur verið kúnstugt að taka við sendingum knattspyrnumanna. Menn þurfa jafnvel að setja sig í hinar undarlegustu stellingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



GRÍPTU NÚ GÓÐI! Það fylgir ekki sögunni hvort það kom í hlut ljósmyndara að grípa þennan disk. Þeir sem ekki vilja leggja slíkt á aðra gætu skemmt sér á túninu með bjúgverpil í hendi en þá getur hann bæði kastað og gripið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kapp og kæti á Klambratúni

Ef einhver heldur að Klambratún sé einmanalegur staður þar sem skáldin Einar Benediktsson og Þorsteinn Erlingsson stara í sínu bronslíki á tré og græna grundu þá ætti sá hinn sami að kíkja þangað á sólríkum degi. Þá iðar allt af blómlegu og ærslafullu lífi eins og ljósmyndarar Fréttablaðsins gátu staðfest.

Oft vilja staðir þar sem reistir eru minnisvarðar um stolt þjóða verða slegnir of hátíðlegum blæ sem á lítið skylt við ærslafulla borgarbúa og gesti þeirra. Þessu var þó ekki fyrir að fara á Klambratúni í þessari viku þegar sól skein í heiði. Æskan og eldra fólk fjölmenntu þá á túninu. Einir léku með knött, aðrir kyflu og svo eru það alltaf einhverjir sem kjósa að liggja og láta sólina leika um sig eða rölta bara um. Ekki er ólíklegt að þjóðskáldin myndu skerast í leikinn væru þau af holdi og blóði en ekki bronsi.

Klambratúni var breytt í skrudgarð á sjöunda áratugnum og hlaut þá nafnið Miklatún. Það nafn er enn notað en þó virðist íhaldssemi landsmanna hafa leitt til þess að gamla nafnið, Klambratún, máist ekki af tungunni. Heitið er komið frá bænum Klömbrum sem þarna stóð fram á miðja síðustu öld.

Fyrir tveimur árum hélt hljómsveitin Sigur Rós tónleika á túninu og er talið að um 20 þúsund manns hafi komið til að leggja við hlustir. Það hefur því ekki alltaf verið hljótt um þá Þorstein og Einar þó hátíðlegur blær sveipi þá jafnan.

jse@frettabladid.is



KOMDU ÞÉR OFANI! Það skortir ekkert á tilprifin. Þau blasa við hverjum þeim sem gerir sér ferð um Klambratún á sólskinsdegi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Á TALI Á TÚNINU Aðrir láta sér fátt um finnast um kapp og knetti en ræða í rólegheitum í farsímann á leið sinni um Klambratúnið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

4 *fyrir* 2

+40%
afsláttur

**LOKAHELGI
Útsöluverkaður
í Skeifunni 17!**

Óáhrari flíkurar fylgja með.

Opið: Lau: 12 - 18 · Sun: 13 - 17

next

Ómissandi á Listahátíð..

Listahátíð í Reykjavík er hafin og meðan á henni stendur getur allt gerst. Eldfjöll breytast í glerfugla, dularfullar tilraunir fara fram í Hafnarhúsinu og í miðri Reykjavíkurtjörn er hús í hálfu kafi. Dagskráin er fjölbreytt og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þórgunnur Oddsdóttir heyrði í nokkrum listunnendum og fékk að vita hverju þeir ætla ekki að missa af.



Anna Júlía Friðbjörnsdóttir

Spennt að sjá gjörningana

„Ég er búin að kynna mér dagskrána og það eru nokkrir viðburðir sem ég ætla alls ekki að missa af, fyrir utan stóru sýninguna í Hafnarhúsinu sem allir fara auðvitað á,“ segir Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, myndlistarmaður og annar tveggja ritstjóra Sjónaukans. „Ég ætla að fara á sýninguna hennar Helgu Óskarsdóttur í Gallerí Dvergi. Svo ætla ég að sjá sýningu Sirru Sigrúnar Sigurðardóttur í Kling & Bang,“ segir Anna Júlía og bætir því við að þarna séu á ferðinni fulltrúar yngri kynslóðar íslenskra listamanna sem vert sé að athuga. „Svo ætla ég að sjálfsgöðu í Nýlistasafni að sjá Karl Holmqvist. Við höfum ekki séð mikið af honum hingað til og það er gaman að fá listamann eins og hann á þessa hátt. Samhliða hans sýningu verður gjörningadagskrá og yfirlit yfir íslenska gjörninga sem ég hlakka til að sjá,“ segir Anna Júlía.

Anna Júlía segist fylgjast sérstaklega vel með hátíðinni í ár því nú sé áhersla á myndlist. „Það tókst mjög vel upp árið 2005 en þegar áherslurnar eru aðrar er ég ekki eins dugleg að láta sjá mig.“ ■



Þorsteinn J. Vilhjálmsson

Í lagi að missa af sumu

„Ég er reyndar sjálfur að undirbúa aðra listahátíð sem er EM í fótbolta í júní,“ segir Þorsteinn J. Vilhjálmsson fjölmiðlamaður, sem ætlar þó að láta sjá sig á nokkrum völdum viðburðum Listahátíðar. „Það sem mér finnst flottast við Listahátíðina í ár er þessi áhersla á myndlist. Það er skynsamlegt að setja eina listgrein í forgrunn og hafa hátíðina ekki bara í svæðisnúmerum Reykjavíkur heldur fara út um landið líka. Maráponið í Hafnarhúsinu þar sem Ólafur Elíasson er veislustjóri er frábær tilraun til þess að láta listina renna saman við samfélagið og því ætla ég ekki að missa af,“ segir Þorsteinn og bætir því við að hann sé ánægður með þá þróun Listahátíðar að gefa íslenskum listamönnum meiri gaur í samband við þá erlendu.

„Það er margt spennandi í boði. Amiina og Undralandið eru til dæmis flottir viðburðir og svo ætla ég að kíkja í Þjóðminjasafnið til að skoða samtímaljósmyndun,“ segir Þorsteinn, sem nær þó ekki að sjá allt sem hann langar. „Ég missi því miður af tónleikum Wayne Shorter hinn 24. maí því þá verð ég í Washington að taka upp efni fyrir nýja heimildarmynd. En þannig er það bara með Listahátíð, stundum þarf maður að leyfa sér að missa af sumu.“ ■



Margrét Vilhjálmisdóttir

Ætlar að sjá Super Mama Djombo

„Það sem vekur mestan áhuga minn er tilraunamaráponið í Hafnarhúsinu. Mér finnst það hrikalega spennandi og ætla að fylgjast vel með því,“ segir Margrét Vilhjálmisdóttir leikkona. „Upphaldslistakonan mín hún Marina Abronovic verður með gjörning á sunnudaginn sem ég ætla ekki að missa af. Hún hefur lengi verið í upphaldi en ég hef aldrei áður átt kost á að sjá hana með berum augum. Svo verður Dr. Ruth líka með henni svo þetta er allt ofboðslega spennandi. Maður verður að nýta þetta tækifæri enda er ekkert hlaupið að því að hitta svona fólk,“ segir Margrét, sem er nú þegar búin að kíkja á nokkra viðburði Listahátíðar.

„Ég fór á opnunina í Hafnarhúsinu á fimmtudaginn og það var frábært. Þetta er mögnuð og metnaðarfull sýning sem allir verða að sjá. Ég hugsa að ég eigi eftir að fara þangað aftur. Svo kíkir maður auðvitað á Kjarvalsstaði. Það er opnun þar á sunnudaginn og margir góðir listamenn að sýna, til dæmis Hrafnkell Sigurðsson og Sigurður Guðjónsson. Mér sýnist líka vera mikið af spennandi tónlistarviðburðum í boði og ég vona að ég nái að fara á tónleika Super Mama Djombo,“ segir Margrét. ■



Bragi Ólafsson

Fer með syninum á tónleika

„Ég fer að sjá Wayne Shorter í Háskólabíói og hlakka mjög til,“ segir Bragi Ólafsson rithöfundur. Bragi segist hafa hlustað á Shorter síðan hann var unglingur og það hafi því aldrei annað komið til greina en að kaupa miða á tónleikana. „Ég hef reyndar séð hann áður. Það var úti á Spáni fyrir tutugu árum. Það verður gaman að sjá hann aftur, núna ætla ég að taka eldri son minn með mér enda hlustum við báðir mikið á þessa tónlist. Svo getur vel verið að ég kíkji á fleiri viðburði. Ég á eftir að skoða dagskrána betur en mér finnst þetta flott hátíð og hef reynt að sækja viðburði tengda henni undanfarin ár. Það eru þá helst tónleikar og myndlistarsýningar,“ segir Bragi. ■



Auður Ólafsdóttir

Listin breytir eldfjöllum í glerfugla

„Ég ætla á sýningu Íslenska dansflokksins og norska Carte Blanche dansflokksins í Borgarleikhúsinu. Mér skilst að sýningin fjalli um blá-hval og þrjár svo ég hlýt að þurfa að sjá það. Þar fyrir utan er það myndlistarhluti Listahátíðar sem snertir mig mest og ég ætla að sjá talsvert af þeim myndlistaruppláttum sem eru á dagskrá,“ segir Auður Ólafsdóttir listfræðingur.

„Ætli ég byrji ekki í Listasafni ASÍ. Þar ætlar Halldór Ásgeirsson að bræða steina úr eldfjöllum sem ég held mikið upp á og búa til úr þeim glerfugla. Það finnst mér óskaplega spennandi enda er það einmitt þetta sem listin gengur út á – að breyta eldfjöllum í glerfugla. Eftir þá sýningu er vel við hæfi að rölta niður í Start Art á Laugaveginum og skoða verk Rúríar – Sökkvun. Það er flott að fara beint úr eldfjöllum og yfir í fallvötnin,“ segir Auður, sem ætlar að halda ferðinni áfram þaðan og koma við í Kling & Bang til að sjá sýningu Sirru Sigrúnar. „Þar er hún að fást við svoltið mikilvæga hluti. Allt þetta sem er ekki mælanlegt og ekki sýnilegt sem skiptir svo miklu máli á þessum efnishyggjutímum,“ segir Auður og bætir því við að hún eigi hreinlega bágð með að velja á milli viðburða og langi mest að sjá allan myndlistarhluta Listahátíðar.

„Það er svo margt spennandi á dagskrá. Ég ætla til dæmis að sjá sýninguna á Kjarvalsstöðum sem kallast Draumar um ægifygur í íslenski samtímalist. Á boðskortinu er mynd af verki eftir Daníel Magnússon sem heitir So fucking peaceful. Það gefur fyrirheit um að á sýningunni verði engin 19. aldar lognmollu rómantík,“ segir Auður, sem ætlar að sjálfsgöðu að draga fjölskyldu og vini með sér á sýningaröltið. „Það er svo miklu skemmtilegra að hrifast í fleirtölu.“

„Upphaldslistakonan mín hún Marina Abronovic verður með gjörning á sunnudaginn sem ég ætla ekki að missa af. Hún hefur lengi verið í upphaldi en ég hef aldrei áður átt kost á að sjá hana með berum augum“. - Margrét Vilhjálmisdóttir leikkona

Frá Tilraunamaráponinu í Hafnarhúsinu



Ókeypis hlaupagreining




Ef þér líka ekki adidas hlaupaskórnir þínir innan 28 daga, skilaðu þeim þá.

Skilyrðislaust.

Útilíf Holtagörðum,
laugardaginn 17.
maí kl 12-17.

The Adidas logo, consisting of three slanted parallel bars above the word "adidas" in a lowercase, sans-serif font.



Nýttu þér footscan tæknina frá adidas við val á réttum hlaupaskóm.

Sérfræðingur frá adidas veitir ráðgjöf og aðstoðar við val á réttum hlaupaskóm.



MUNDU EFTIR
BOÐSMÍÐANUM



FJÖLSKYLDUDAGUR STÖÐVAR 2

Í DAG KL. 11:00-16:00

Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM

- Áskrifendur í Stöð 2 Vild fá frítt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn fyrir alla fjölskylduna.
- Frítt í öll tæki í garðinum.
- Stærsta rennibraut landsins, risa þrautabraut, hoppukastali og fleira.
- Latabæjarblöðru fyrir börnin.
- Skoppa og Skríttla skemmta börnunum kl. 14:00.
- Algjör Sveppi og Villi mæta á svæðið kl. 12:00, 12:45 og 13:30.
- SS pylsur og ískaldur Svali eða Coke fyrir alla fjölskylduna.

LATTI
BÆR

HEFST Á STÖÐ 2
Í ÁGÚST



skemmtilegri



PENZIM

Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana



Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensim-tækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHERFIS ÍSLAND



Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.

penzim.is

„...fyrst á visir.is“



visir.is

...ég sá það á visir.is



STUÐ MILLI STRÍÐA í návgi við stjórnurnar

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR GERIR SIG AÐ FÍFLI



Ég hef ekki mikinn húmor fyrir því að gera mig að fífla. Ég get verið feimin og forðast yfirleitt vandræðalegar aðstæður.

Þegar ég sá hljómsveitina Jet Black Joe koma saman í sjónvarpinu fyrir stuttu ryfjaðist upp fyrir mér pínlegt atvik og roðinn hljóf fram í kinnarnar.

Þetta var upphaldshljómsveitin mín þegar ég var unglingsstúlka á Akureyri með sítt hár og svartan ælæner. Eitt sinn kom hljómsveitin í bæinn og áritaði diska í plötubúðinni í Sunnuhlíð. Ég kom sjálfri mér á óvart þegar ég dreif mig

upp eftir og keypti diskinn. Stóð svo í biðröð ásamt tugum unglingsstúlkna eftir að stjórnurnar kæmu fram. Taugatitringurinn í loftinu var áþreifanlegur og mér leið eins og kjána að vera að elta við undirskrift þessara gaura en vildi þó ekki snúa frá. Hópurinn var stór og ég vonaði að ég gæti horfið í fjöldann.

Loksins komu meðlimir hljómsveitarinnar fram, síðhærðir og svalir. Stúlknaþvagan bylgaðist tístandi af stað og ég gat ekki annað en fylgt með.

Þegar kom í ljós að flestar voru einungis með bréfmíða til að fá eiginhandararitunina spurði þeir aður umboðsmaðurinn hátt hvort enginn hefði keypt diskinn? Ég

kyngdi og rétti upp hönd eins og auli og samstundis var þvögunni ýtt til hliðar. Leiðin að stjórnunum varð greið og breið. Allra augu beindust að mér og tístið snarþagnaði.

Sjóðheit í kinnum með augun á gólfinu þokaði ég mér að bordinu með öfundsjúkar stúlkurnar á hvora hönd. Ég var svo feimin að ég kom ekki upp orði þegar Rósin-krans spurði mig að nafni.

Ég veit ekki hvernig ég komst út. Næstu klukkutímarnir á eftir eru í móðu. Einhvers staðar í fórum mínum á ég áritaðan diskinn en ég hef ekkert spilað hann að ráði. Kem mér ekki til þess. Ég hef bara ekki húmor fyrir kinnroðanum sem fylgir.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com

COME 2
SCANDINAVIA

Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

GÍTARINN
HLJÓDFÆRAVERSLUN

Stagg

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,
Auka Strengjasett,
eMedia geisladiskur.

Kr. 14.900

Fáanlegir Litir:
Viðarlitaður,
Sunburst,
Svartur,
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125
www.gitarinn.is



Garðborð
Bradford, 150 x 85 sm
3899086

10.995

Garðstóll
Oregon, fellanlegur
3899087

4.549

FRÁBÆRT
VERÐ



ALLT Í GARÐINN

á góðu verði



2.999

Hjólahjálmar
Disney
5872012-9

My Bonnie
12"-16"
12" 11.752
3899962
16" 13.352
3899963



Bob the builder
12"-16"
12" 11.752
3899960
16" 13.352
3899961



20%
AFSLÁTTUR

14.998

Rafmagnssláttuvél, B&D
1200W, 34 sm sláttubreidd, 35 ltr.
grassafnari, 5 hæðarstillingar.
5085134



PALLAOLÍA

Oliubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn. Veitir góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungu- og gráamamyndun. Er sérstaklega hentug á hverskyns palla, verandir og skjólveggi. Fæst í viðargrænum og gullbrúnum staðallitum og hægt að laga í fjölda annarra lita.



Jotun Treolje
Pallaolía 3 ltr.
7049123-37 1.799
~~2.029~~

6.990

Garðstóll
Tonga, ál/ofið
3899132-3



Öflug
á grasið

Fjörgengismótur
munið að setja olíu á
allar nýjar sláttuvélar.

Sláttuvél, Mega
4 Hp, 50 sm sláttubreidd,
50 ltr safnari, miðstýrð
hæðarstilling.
5085239

25.990



HÚSASMÍDJAN

Ekkert mál

Ferðalag um hið ókunna



Kl. 13

Sýningin Augliti til auglitis við Kína verður opnuð í Listasafninu á Akureyri í dag kl. 13. Á henni má sjá málverk og skulptúra eftir níu kínverska samtímalistamenn, þau Chen Qing Qing, Fang Lijun, Liu Ye, Tang Zhigang, Wei Dong, Yang Shaobin, Yue Minjun, Zhang Xiaogang og Zhao Nengzhi. Sýningin er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

Listaverkefnið Ferðalag verður ýtt úr vör í dag, en um er að ræða framtak þriggja listastofnanna á Austurlandi í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Stofnanirnar eru Skaftfell - miðstöð menningar á Austurlandi, Sláturhús - Menningarsetur og Eiðar listasetur.

Ferðalagi er ætlað að drífa áhorfendur með sér á vit hins ókunna og óvænta og leiða þá um hugmyndabanka þeirra listamanna sem taka þátt í verkefni, með drjúgri viðkomu í hugskotum þeirra og sálarkímum. Þannig gefst áhorfendum kostur á að upplifa eftirminnilega listviðburði í fögru umhverfi og björtu vör á Austurlandi.

En hverjir eru þessir listamenn sem veita dýrmæta innsýn í sálarkíma sína? Á Eiðum sýna tveir listamenn verk sín, þeir Lennart Alves og Hrafnkell Sigurðsson. Þeir félagar eiga það sameiginlegt að vinna talsvert með ljósmyndir og því verður forvitnilegt að sjá



SKYR LEE BOB Listahópur sem tekur þátt í Ferðalagi á Austurlandi.

hvort einhver samhljómur myndist á milli sýninga þeirra á Eiðum.

Í Sláturhúsi-Menningarsetri má sjá verk eftir breska listamanninn Paul Harfleet, finnska hljóðlistamanninn Matti Saarinen og Söru Björnsdóttur. Þessir listamenn eiga það sameiginlegt að pólitískur undirtónn er í verkum þeirra, en að öðru leyti má vænta þess að sýningar þeirra verði talsvert ólíkar.

Í Skaftelli verður boðið upp á upptöku og sýningu á vegum listahópsins Skyr Lee Bob, sem í eru þau Erna Ómarsdóttir, Guðni Gunnarsson og Lieven Douselaere. Þar sýna einnig verk sín listamennirnir Cristoph Büchel og Pétur Kristjánsson.

Ljóst er af þessarri upptalningu að Austurland er síður en svo í menningarsveldi um þessar mundir; freistandi er fyrir íbúa annarra landshluta að láta áhyggjur af bensínverði lönd og leið og spæna austur í veislu. - vp

menning

menning@frettabladid.is

FIMMUDAGUR 15. MAÍ KL. 20
FJÖLUTÓNLEIKAR - LHÍ
GRETA SALÓME STEFÁNSDÓTTIR

FÖSTUDAGUR 16. MAÍ
KL.19 OG KL.21
LAUGARDAGUR 17. MAÍ
KL.19 OG KL.21

HVERS VIRÐI ER ÉG?
NÝR GAMANLEIKUR ÚR SMÍÐJU
BJARNA HAUKS ÞÓRSSONAR.
ÖRFÁ SÆTI LAUS!

LAUGARDAGUR 17. MAÍ
KL.8:30-16
MARAPONTÓNLEIKAR
KÁRSNESKÓRANNA VOR 2008
KAFFIHLAÐBORÐ ALLAN DAGINN

ÞRIÐJUDAGUR 20. MAÍ
KL.17 PÍANÓTÓNLEIKAR - LHÍ
GUNNAR GUÐJÓNSSON
KL.20 FJÖLUTÓNLEIKAR - LHÍ
HULDA JÓNSDÓTTIR

Saga að segja frá því

Sunnudaginn 25. maí hefst í Landnámssetrinu í Borgarnesi landskeppni sagnamanna sem ber yfirskriftina Saga til næsta bæjar. Þar munu sagnamenn keppa um titilinn Sagnamaður ársins 2008. Keppninni verður fram haldið þrjá næstu sunnudaga 1., 8. og 15. júní og sunnudaginn 22. júní verður svo keppt til úrslita. Það eru gestir sem velja besta sagnamann hvers kvölds í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Ríkisútvarpið tekur allan flutninginn upp og mun Einar Kárason rithöfundur vinna úr efninu þætti sem fluttir verða fjórtán sunudagskvöld eftir fréttir í sumar. Fyrsta útsending er 1. júní. - vp


Potað í tónleikaumgjörð

Viðburður á mörkum tónlistar og myndlistar á sér stað í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu á mánudagskvöldi. Þar kemur fram slagverkshópurinn Percusemble Berlin og flytur verk eftir sex tónskáld frá Írlandi, Berlín og Íslandi. Myndlistarmaðurinn Egill Sæbjörnsson sér um að skapa tónleikunum nýstárlegan sjónrænan ramma með myndbandsverkum sínum.

Á efniskrá tónleikanna eru verk eftir írsku tónskáldi Ed Bennett, Berlínartónskáldin Jeremy Woodruff og Helmut Zapf og íslensku tónskáldin Úlfar Haraldsson, Atla Heimi Sveinsson og Pál Ivan Pálsson. Í verkum Atla Heimis og Helmut Zapf leikur Freyja Gunnlaugsdóttir einleik á klarínnetu, en verk Atla var samið sérstaklega fyrir Freyju.

„Þetta eru í raun fremur hefðbundnir nútímaklassík-tónleikar, en ég hef þó aðeins potað í umgjörð þeirra,“ segir Egill, aðspurður um aðkomu sína að verkefni. „Ég vann ekki beint út frá sjálfum tónverkunum sem flutt verða, heldur einbeitti ég mér að því hvernig upplifun það er að fara á svona tónleika og reyndi að skoða framsetningu þeirra og vinna út frá henni. Verkin mín skapa þannig möguleika á nýrri upplifun á frekar hefðbundnu tónleikaforni.“

Egill er sjálfur ekki ókunnur tónlistarheiminum; árið 2001 gaf hann út plötuna Tonk of the lawn sem hlaut góðar viðtökur gagnrýnenda. Hvernig þykir Agli að fóta sig á tveimur listsviðum? „Í báðum tilvikum er maður dálítið eins og vísindamaður að prófa sig áfram með tilraunum. Maður hefur vissan grunn sem maður svo byggir á og reynir að finna nýjan flöt á því sem maður þekkir. Frá mínum bæj-



EGILL SÆBJÖRNSSON Skapar tónleikum nýtt umhverfi á mánudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ardyrum séð er því ákaflega svipað ferli sem liggur að baki sköpun myndlistar og tónlistar.“

Egill hefur þó verið afkastameiri á sviði myndlistar en tónlistar undanfarin ár og eru eflaust margir, tónlistargagnrýnendur sem aðrir, sem bíða með öndina í hálsinum eftir næstu tónlistarútgáfu hans. „Ég tók upp plötu síðasta sumar, en ennþá er óvíst hvenær hún kemur út. Það verður vonandi bara sem fyrst,“ segir Egill og veitir þar með addendum sínum örlitla vonargætu um að biðin sé senn á enda. vigdis@frettabladid.is



Geirmundur
Valtýsson
í kvöld

Efjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatsedill á leikfrúskvöldum

Kvennakór Reykjavíkur
syngur djass & dægurlög
í Grensáskirkju
Í DAG!

Vortónleikar kl. 17. Miðapöntun: 896 6468.

Waldorfskólinn Lækjarbotnum KYNNINGARFUNDUR

Mánudaginn 19. maí kl.18.00 verður haldinn kynningarfundur í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum, fyrir áhugasama foreldra 6 ára barna.

Á fundinum verður gefin innsýn í Waldorffuppeldisfræðina og áherslur Waldorfskólans í Lækjarbotnum.

Waldorfskólinn Lækjarbotnum
v. Suðurlandsveg s. 5874499 waldorf@simnet.is

Bluessamband Íslands kynnis: Bláskinnukvöld



BluesAkademian Classic Rock í kvöld

Sérstakur gestur:

Jón „Klettur“ Ólafsson bassi
„A tribute to Chuck Berry“

Classic Rock - Ármúla 5
Klukkan 22.00. Aðgangseyrir 500 kr



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

GARÐVÖRUR

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



9594

HÁPRÝSTIDÆLA 60 BAR

10.794

HÁPRÝSTIDÆLA 100 BAR



2495

SLÁTTUORF 200W



7995

SLÁTTUORF 500W



19.990

SLÁTTUORF, BENSÍN



11.988

LAUFSUGA



6950

ÚÐABRÚSI 15L



2459

ÚÐABRÚSI 5L



7995

HJÓLBÖRUR - VANDABAR



1995

STUNGUSKÓFLA

1399

GARÐHRIFA

2399

GAFFALL

795

STRÁKÚSTUR



12.990

KEDJUSÖG, RAFMAGNS



27.995

SLÁTTURVÉL, BENSÍN-1800W

15.950

SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS



239

GARÐHANSKAR



FRÁ: **119**

VINNUHANSKAR



5900

HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS



299

GARÐKLÓRA



299

GARÐSKÓFLA



594

GRASKLIPPUR

828

GREINAKLIPPUR - 2 STK.

563

GREINAKLIPPUR



2200

FJÓLTENGI, VATNSPÉTT M/ 4 TENGLUM



SNÚRKEFLI, RAKAPOLIN ÝMSAR GERDIR



948

SLÖNGUTENGJASETT - 4 HLUTIR

191

SLÖNGUTENGI



1495

GARÐÚÐARI



11.994

SLÖNGUKEFLI



1668

GARÐSLANGA MEÐ STÚT OG TENGLUM

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16



INNSETNING OG LISTAMAÐUR Ernesto Neto við verk sitt í Gallerí i8. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Punnar álplötur, lífrænt form

Hið framsækna sýningarrými Gallerí i8, til húsa að Klapparstíg 33, tekur að sjálfsögðu þátt í Listahátíð í Reykjavík með spennandi sýningu. Þar var í gær opnuð sýning brasilíska listamannsins Ernesto Neto, en hann er einn virtasti samtímalistamaður sinnar kynslóðar í heimalandinu. Hann vinnur gjarnan með næfurþunn efni og skapar úr þeim stórar innsetningar úr lífrænum formum og rýmum sem skapa sterk hughrif hjá áhorfandanum.

Verk Neto eru óhlutbundin en um leið munúðarfull en hann kallar þau rannsókn á landslagi líkamans séð innan frá. Verkin eru fest í loft, á gólf og á vegg rýmisins og geta vel virkað dálítið villandi á áhorfandann, svo honum finnst hann eins og á kafi í sjálfum sér.

Brasilísk samtímalist er sannarlega ekki á boðstólum hér á hverjum degi og því er ástæða til þess að bregða sér í miðbæinn og upplifa töfrandi heim Ernesto Neto. -vp

Harpa og slagverk hittast

Síðustu tónleikarnir í 15.15 tónleikasýrþunni í Norræna húsinu á þessu vori fara fram á morgun kl. 15.15, eins og lög gera ráð fyrir. Um merkan menningarviðburð er að ræða þar sem að heimsfrumflutt verða hvorki meira né minna en fimm ný tónverk fyrir heldur óvenjulega hljóðfæraskipan, hörpu og slagverk.

Flytjendur eru þau Katie Elizabeth Buckley hörpuleikari og Frank Aarnik slagverksleikari sem saman skipa Duo Harpverk. Samstarf þeirra Katie og Frank er tiltölulega nýtt af nálinni; það hófst í fyrra, en þrátt fyrir það hefur nú þegar fjöldi tónverka verið saminn sérlega fyrir þau.

„Við leikum bæði með Sinfóníuhljómsveit Íslands og erum þar oftast á sínum enda sviðsins. Við leikum vel saman og langaði til þess að prófa að koma fram á tónleikum bara tvö, sem við gerðum í fyrsta skipti á 15.15 tónleikum í fyrra. Við rákumst þó fljótlega á það að það er ekki til mikið af tónlist fyrir slagverk og hörpu; við leituðum á netinu að slíkum tónverkum og fundum aðeins tvö eða þrjú,“ segir Frank. „Okkur varð því snemma ljóst að við þyrftum að leita til tónskálda og fá þau til að semja verk fyrir okkur. Almennt hafa tónskáldin sem við höfum leitað til tekið afskaplega vel í hugmyndina, enda virðist þeim þykja spennandi að semja verk fyrir þessa hljóðfæraskipan og þá sérstaklega hörpuna.“



DUO HARPVERK Katie Elizabeth Buckley og Frank Aarnik koma fram á 15.15 tónleikum í Norræna húsinu á sunnudag.

Verkin sem Duo Harpverk flytur á sunnudag eru 328° eftir Áka Ásgeirson, nýtt verk eftir Báru Sigurjónsdóttur, Ballet 5 eftir Jónas Tómasson, Dubhghall eftir Pál Ivan Pálsson og Shadows and Silhouettes fyrir hörpu, slagverk og rafhljóð eftir Úlfar Inga Haraldsson. Frank kveður verkin afar fjölbreytt. „Verkin eru jafn ólík og þau eru mörg og það er gaman að heyra hvað tónskáldin hafa nálgast hljóðfærin út frá mismunandi forsendum. Verkin eftir Úlfar, Báru og Jónas komast líkast til næst því að vera hefðbundin

nýklassísk, ef svo mætti komast að orði, og verkið eftir Pál er hálfgerð Doom-metal þar sem hörpuhljómurinn er bjagaður upp úr öllu valdi.“

Þau Frank og Katie halda tónleikahaldi sínu ótrauð áfram í sumar; þau koma fram í Hafnarfirði í lok mánaðarins og leika á Sólheimum í Grímsnesi 12. júlí næstkomandi.

Miðaverð á tónleikana á morgun er 1.500 kr., en eldri borgarar, öryrkjar og námsmenn fá miðann á hálfvirði.

vigdis@frettabladid.is

GOSI FER Í SUMARFRÍ

Síðustu tvær sýningar vorsins um helgina, örfá sæti laus! Ævintýrið um spýtuþrákinn hefur notið fádæma vinsælda en nú er komið að leiðarlokum í bíli. Sýningar hefjast aftur næsta haust.

25.000
GESTIR

GOSI

Sunnudagur 18. maí kl. 14.00 - Örfá sæti laus
Sunnudagur 18. maí kl. 17.00 - Örfá sæti laus

EFTIR KARL ÁGÚST ÚLFSSON
BYGGT Á SÖGU CARLO COLLODI

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Heimildir og greinar Kórar syngja í allan dag



SAFNASAFNIÐ Á SVALBARÐSSTRÖND Hýsir sýninguna Greinasafn.

Landsbyggðin fer ekki varhluta af Listahátíð í Reykjavík. Í Safnasafninu á Svalbarðsströnd verður í dag kl. 14 opnuð sýningin Greinasafn. Þar eiga verk þau Anna Lína, Bjarki Bragason og Hildigunnur Birgisdóttir, en sýningin byggir á heimildum, umhverfisskoðun, ljósmyndun og rannsóknunum í nágrenni safnsins og innan veggja þess.

Sýningin er í Norðursölum safnsins og stendur yfir til 8. júlí næstkomandi. - vþ

Marþontónleikar Kársneskóranna fara fram í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, í dag frá kl. 9 til kl. 16. Þar munu hvorki meira né minna en 300 börn og ungmenni standa fyrir samfelldri og fjölbreyttri söngdagskrá sem gleður eyrað. Þetta er í sjöunda sinn sem Kársneskórarnir efna til marþontónleika, en þeir eru haldnir annað hvert ár og hafa notið mikilla vinsælda hjá bæjarbúum og öðrum velunnurum kóranna.

Verð aðgöngumiða er 1.500 kr. og eru kaffiveitingar innifaldar í verðinu. Ókeypis er fyrir börn í fylgd með fullorðnum. Sami aðgöngumiði gildir allan daginn og er fólki frjálst að koma og fara að vild.



SÖNGELSKIR KRAKKAR Kársneskórarnir standa fyrir marþontónleikum í dag.

Stjórnandi kóranna er Þórunn Björnsdóttir en undirleik annast Marteinn H. Friðriksson og nokkrir fjölskylduvinir. - vþ

Landslag og brýr

Sýningin Brýr eftir myndlistarkonuna Ingu Björk Harðardóttur var opnuð í Dalí Gallery á Akureyri í gær. Þar má sjá stórar landslagsmyndir málaðar með olíulitum, en myndirnar eru hluti af útskriftaverkefni Ingu Bjarkar frá Myndlistaskólanum á Akureyri.

Landslag er Ingu Björk hugleikið og þá sérstaklega brýr sem þar koma fyrir. Inga telur brýr vera táknrænar fyrir þær hindranir og erfiðleika sem við þurfum öll að yfirstíga á lífsleiðinni. Sýning Ingu Bjarkar stendur til 31. maí næstkomandi. - vþ

LJÓSA SALA

HÖFUM OPNAÐ RISA LAGERÚTSÖLU Í SKIPHOLI 33 (VIÐ HLÍÐINA Á VINABÆ)

LUMEX

OPIÐ VIRKA FRÁ 12 - 18
LAUGARDAGA FRÁ 10 - 16

BETRA VERÐ Í BT

HAZE™

18+

UBISOFT

**EINGÖNGU
FYRIR PS3**

Leikurinn gerist árið 2048 í heimi þar sem ríkisstjórnir eru ekki lengur með hervald heldur hafa fengið einkafyrirtæki í þau mál fyrir sig. Þú spilar hlutverk Shane Carpenter, sem er nýliði í einkaher Mantel lyfjafyrirtækisins sem berst gegn málaliðum eða svo heldur fólkið.

Haze er eingöngu fánlegur á Playstation 3.

7.999,-

> TÍSKUFRETTIR VIKUNNAR

Hipp og kúl krakkar New York borgar halda ekki vatni yfir merkinu **Off Bowery Productions** sem **Aaron Bonduras** setti á fót í fyrra. Merkið hefur listamenn, tónlistarmenn og ljósmyndara á sínum snærum og hefur staðið í bóka- og tónlistarútgáfu ásamt því að gera boli sem þykja það flottasta á götum borgarinnar. Að sögn stílístans **Önnu Clausen** sem einnig rekur verslunina Belleville fangar Off Bowery anda New York og alls hins kraftmikla og áhrifamikla fólks sem þar er að finna. Í Belleville er nú að finna skemmtilega boli frá Off Bowery.



stíll

utlit@frettabladid.is



Æðislega og ævintýralega tösku frá Germain Puech, fæst í Kisunni, Laugavegi

OKKUR LANGAR Í ...



Sokka fyrir strákana frá Bernhard Wilhelm, fást í Belleville, Laugavegi

Platta sem hressir upp á hvaða heimili sem er, eftir John Derian, fæst í Kisunni, Laugavegi



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Frá Elvis til nútímans

Þegar maður flettir tiskublöðum þessa dagana er eins og það sé umtalsverður „Rockabilly Revival“ í gangi og að bæði hátískuhönnuðir, tiskuverslanir og götutískan stíli inn á rokk og ról sumar. Áhrifin eru augljós hjá hönnuðum eins og Luella Bartley og Gucci þar sem fyrirsætur gengu eftir pöllunum í svörtum fötum fyrir sumarið, í leðurjökkum og jafnvel í stuttum víðum blómapilsnum við. Mikið er ég eiginlega fegin, þar sem mér finnst sumartískan alltaf dálítið væmin fyrir mína parta og ágætt að hrista upp í henni með svörtum leðurjakka, ökklassokkum og rauðum varalit. Reyndar er einmitt upphaldsflíkin mín í þessu ágæta vorveðri svona mjúkur og sjúskaður mótörhólajakki sem ég nota bæði við gallabuxur og finni kjóla. Rokkabíllíúkkið goðsagnakennda einkennist af sveipuðu „Elvis“-hári, þröngum gallabuxum, „brothel creeper“-skóm, mjóum bindum og slatta af hlébarðamynstri og stelpur geta líka sótt innblástur til „pin-up“-stjarna sjötta áratugarins eins og til dæmis Betty Page. Sólgleraugu, víð pils og þröngar buxur eru því algjört möst, og leðurjakki og netsokkar mega slæðast með líka. Fyrirsætur beggja vegna hafsinns sáust líka á síðustu tiskuvikum næstum allar í sama einkennisbúningnum - þröngum gallabuxum, hvítum bol, leðurjakka og gjarnan með rauðan klút eða í rauðum skóm svona til að fullkomna hina heilögu litaprenningu rokk og rólsins. Það sem er auðvitað svo skemmtilegt við rokkabíll er að það er jafn töff og það er hressandi og því fullkomið fyrir sumarið. Þeir sem eru hrifnari af villtari hlið lífsins geta sótt innblástur til hljómsveita eins og The Cramps sem kom út úr pönksenu New York borgar á áttunda áratugnum, jú eða The Stray Cats með Brian Setzer í fararbroddi sem var svona meira „kommersíal“ línan í rokkabíll og gerði í því að skarta háum hárgreiðslum og fjölda af tattúum. Ein skærasta stjarna rokksins um þessar mundir er hljómsveitin The Kills en hún var meðal annars fengin til að spila í Chloé-partíinu í París eftir síðustu tiskusýningar þar í borg. Eitt hefur áhrif á annað og Alison Mosshart, annar hluti Kills dúósins er einmitt spurð um stílinn sinn í nýjustu útgáfu breska Elle. Þar ljóstrar hún í raun upp leyndarmálinu að svalasta útliti sumarsins: „Gyllt stígvél, leðurjakki, síðir treflar, klaufaleg líkamstilling, sigaretta, slatti af Detroit og slatti af New York.“ Þá vitum við það.



ASYMMETRÍSKT Flottur svartur kjóll frá Lanvin fyrir sumar 2008.



SAMFESTINGUR Töff dress frá Three as Four fyrir sumar 2008.

Sumarsýning • Gler



Gler

Hönnunarsafn Íslands

Opnun sýningarinnar verður laugardaginn 17. maí kl. 14

Íslensk, bandarísk og norræn glerlist í sýningarsal Hönnunarsafns Íslands að Garðatorgi í Garðabæ.

Sýningin verður opin frá maí til júlí alla daga frá kl. 14-18 nema mánudaga

Hönnunarsafn Íslands • Sýningarsalur, Garðatorgi 7
210 Garðabæ • sími 544 2434

KVENLEG MÝKT OG ERMALAU SAR FLÍKUR HJÁ HÖNNUÐUM Í SUMAR

BERAR AXLIR

Nú þegar sólin er farin að skína og hitastig fer hækkandi er um að gera að leyfa fallegum herðum að njóta sín. Axlir koma sterkt inn hjá hönnuðum í sumar hvort sem það eru ermalausar skyrtur, bolir með opnum axlarstykjum eða hlíralausir kvenlegir kjólar í rómverskum stíl.

- amb



STELPULEGT Sætur rauður og kremlitur skokkur frá Marc Jacobs fyrir sumar 2008.



SEXÍ Hér sést Edda Pétursdóttir í fallegum topp frá Three as Four.




LILLABLÁTT Kvenleg skyrtu við leggings með skemmtilega útklipptum áherslum frá Three as Four.



RAUTT Fallegur toppur við ferskjubleikar buxur hjá New York-hönnuðunum Three as Four fyrir sumarið 2008.

GYÐJULEGUR Kvenlegur og flottur hvítur kjóll með belti frá franska tiskuhúsinu Lanvin.



alain
mikli[®]

Alain Mikli sýning í Linsunni

Einstök sýning á nýjustu gleraugum og sólgleraugum frá
Alain Mikli og Philippe Starck í dag

Frábær, falleg og flott hönnun

Komdu – Mátaðu – Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

Föndraði plötuumslagið

„Mér finnst þetta bara fullkominn tími fyrir útgáfuna, hefði hvorki mátt vera fyrr né seinna,“ segir Bryndís Jakobsdóttir, eða Dísu, um samnefnda breiðskífu sína sem kom út í gær. „Ég gaf mér góðan tíma í plötuumslagið því mér finnst það skipta mjög miklu máli. Ég saumaði til dæmis út lagalistann sem er aftan á umslaginu, föndraði textabókina og mamma heklaði kraga sem er á einni myndinni. Það má segja að plötuumslagið sé jafn persónulegt og tónlistin,“ segir Bryndís um sína fyrstu plötu.

En hvernig er tilhugsunin um plötudóma og hugsanlega gagnrýni? „Þetta er það persónulegasta sem ég hef gert og auðvitað vonar maður að fólk fli þáð sem maður er búinn að leggja allt í, en ég er líka undir það búið að fá óþægilega gagnrýni því maður getur ekki verið allra. Ég gerði allavega mitt besta á þessari plötu og hún sýnir alveg hvar ég stend tónlistarlega séð,“ segir Bryndís.

Aðspurð um framtíðaráform segist hún ætla að taka eitt skref í einu. „Ég ætla í læknisfræðinám í framtíðinni en fyrst langar mig að semja meira og gefa út aðra



GEFUR ÚT SÍNA FYRSTU PLÖTU Lögin Anniversary og Temptation af plötu Dísu hafa fengið góða útlitsspilun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

plötu. Svo langar mig líka að læra að þrjóna því ég lærði ekki handmennt sem krakki þegar ég bjó í London,“ segir Bryndís sem mun fylgja eftir sinni fyrstu plötu á komandi mánuðum.

Skilnaður í vændum

Kanadíska sveitasöngkonan Shania Twain og eiginmaður hennar, upptökustjórinn Robert „Mutt“ Lange, eru að skilja eftir fjórtán ára hjónaband. Hin 42 ára Twain og Lange, sem er sautján árum eldri, giftust árið 1993 og eiga sex ára son sem heitir Eja.

Twain, sem er fimmfaldur Grammy-verðlaunahafi, er þekktust fyrir lögin Man! I Feel Like A Woman og You're Still the One. Lange hefur stjórnað upptökum á þremur plötum hennar: The Woman in Me, Come on Over og Up! sem kom út árið 2002.

SHANIA TWAIN Sveitasöngkonan snjalla ætlar að skilja við eiginmann sinn til fjórtán ára.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Áfengismeðferðin sem **Kirsten Dunst** fór í fyrr á árinu, þegar hún dvaldist á Cirque Lodge í Utah í nokkrar vikur, virðist ekki hafa skilað miklum árangri. Dunst er nú við tölur á kvikmynd í New York, og fyrr í mánuðinum sást hún sletta hressilega úr klaufunum á bar þar í borg, meðal annars í fylgd **Fabrizio Moretti** úr The Strokes, fyrrverandi kærasta **Drew Barrymore**. „Hún var gjörsamlega út úr heiminum,“ segja sjónarvottar. „Það var augljóst að hvað sem gekk á í meðferðinni virkaði ekki.“



Móðir og systir **Lindsay Lohan**, **Dina** og **Ali**, hafa vísað því á bug að stjarnan eigi í ástarsambandi við plötusnúðinn **Samönthu Ronson**. Lohan og Ronson hafa verið óaðskiljanlegar upp á síðkastið, og hafa margir velt því fyrir sér hvort samband þeirra sé annars eðlis en vinasamband. „Þær eru bestu vinkonur. Bara vinkonur. Það er ómurlagt hvað fólk segir,“ segir Ali, yngri systir Lohan.

Lögum í Kaliforníu var í vikunni breytt, svo að samkynhneigð þör geti gift sig í ríkinu. Breytingunni er tekið fagnandi af mörgum íbúum ríkisins, og einna fyrst til að nýta sér nýju lögin verður spjallþáttadrottningin **Ellen DeGeneres**. Hún hefur tilkynnt að hún og kærasta hennar, Ally McBeal-leikkonan **Portia di Rossi**, hyggist ganga upp að altarinu, en þær hafa verið saman í nokkur ár.

Kate Hudson og **Owen Wilson** eru hætt saman á ný, en heimildir herma að þetta verði líklega í síðasta skiptið. Þau hafa verið sundur og saman undanfarin ár, en ákváðu að láta aftur reyna á sambandið fyrr á árinu, nokkrum mánuðum eftir að upp komst um eiturfjaneyslu Wilson og sjálfsmorðstíraun hans. „Þetta voru erfið sambandslit,“ segir vinur Wilson.

„Kate finnst hún vitlaus að hafa haldið að það væri svona mikil alvara í þessu,“ segir vinur leikkonunnar.

„Kate finnst hún vitlaus að hafa haldið að það væri svona mikil alvara í þessu,“ segir vinur leikkonunnar.

„Kate finnst hún vitlaus að hafa haldið að það væri svona mikil alvara í þessu,“ segir vinur leikkonunnar.

BT BETRA VERÐ Í BT



2.299,-

TVÖ HÆTTULEGUSTU SKRÍMSLI KVIKMYNDASÖGUNNAR Í TVEIMUR FRÁBÆRUM MYNDUM. NÚ Á DVD Í BT!

EINNIG FÁANLEGI!



999,-

Kraumur efnir til Innrásar

Tónlistarsjóðurinn Kraumur hefur sett á fót verkefnið Innrásin sem mun styðja hljómsveitir og tónlistarmenn við tónleikahald á landsbyggðinni. Stundum virðist auðveldara fyrir flytjendur að spila erlendis frekar en hérlendis og ætlar Innrásin að ráða bót á því.

„Það liggur ákveðin rannsóknarvinna að baki þessu. Við gerðum könnun hjá þeim listamönnum sem hafa farið út á land og hafa lagt heilmikið undir með því að halda tónleika þar. Það hefur oft verið fjárhagslegur baggi að ráðast í þetta,“ segir Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Kraums. „Við teljum þetta mikilvægt, ekki bara fyrir þekktu listamenn, heldur líka fyrir þá sem vilja koma



ELDAR ÁSTÞÓRSSON Framkvæmdastjóri Kraums hefur umsjón með verkefninu Innrásin. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

sér á framfæri. Að spila úti á landi er mikilvægur þáttur í því að koma sér upp aðdáendahóp og það

eru dæmi um að þeir sem hafa bitið á jaxlinn og farið þennan rúnt hafi náð að selja plötur í auknum mæli.“

Eldar segist hafa fengið mjög góð viðbrögð hjá tónlistarmönnum við verkefninu, sem telja þetta þarft framtak. „Þessi heimamarkaður vill kannski gleymast. Menn telja að þessi reynsla að spila á tónleikum víðar en á höfuðborgarsvæðinu sé til dæmis mjög gott veganesti fyrir frekari landvinnunga úti í heimi.“

Kraumur auglýsir eftir umsóknum í Innrásina og geta áhugasamir sent póst á netfangið kraumur@aurorafund.is. Tilgreina þarf nafn flytjanda, símanúmer og fyrirhugaða tónleikastaði.

- fb

Day-Lewis syngur

Breski leikarinn Daniel Day-Lewis er í viðræðum um að taka að sér aðalhlutverkið í söngvamyndinni Nine. Hún er byggð á hinni frægu mynd Ítalans Federicos Fellini, 8 1/2, sem kom út árið 1963. Fjallar hún um þekktan leikstjóra sem glímir við vandamál bæði í starfi sínu og ástarlífi.

Javier Bardem átti upphaflega að leika í Nine en hætti við og nú virðist sem Day-Lewis muni hlaupa í skarðið fyrir hann. Mótleikkonur Day-Lewis í myndinni verða Penélope Cruz, Marion Cotillard, Sophia Loren, Nicole Kidman og Judi Dench. Leikstjóri verður Rob Marshall, sem leikstýrði söngvamyndinni Chicago með góðum árangri árið 2002.



DANIEL DAY-LEWIS Breski leikarinn Daniel Day-Lewis mun hugsanlega leika í söngvamyndinni Nine.



PEARL JAM Rokkarnir gera nýja plötu.

Undirbúa nýja plötu

Bandaríska rokkveitin Pearl Jam er byrjuð að semja lög á nýja plötu. Tvö ár eru liðin síðan síðasta plata sveitarinnar, sem hét einfaldlega Pearl Jam, kom út.

Gítarleikarinn Mike McCready segir að platan sé á byrjunarreit og sveitin hafi aðeins hist einu sinni til að bera saman bækur sínar. „Sumar lagahugmyndirnar eru poppaðar en aðrar eru harðari,“ segir hann. Pearl Jam er á leiðinni í tónleikaferð um Norður-Ameríku sem hefst 11. júní á Flórída. Premur dögum síðar spilar sveitin á Bonnaroo-hátíðinni í Tennessee.

Aftur á rúntinn

Sumardagskrá Rásar 2 er nú óðum að komast í gang og á fimmtudagskvöldum eftir tíufréttir hefur umhverfissvæni útvarpsþátturinn Rúnturinn verið ræstur á ný. Kristinn Pálsson sér um þáttinn og segir helsta markmið þáttarins að koma hlustendum í rétta helgargírinn, en þó ekki með yfirborðskennndum útvarpshressleika. „Lagavalið miðast við fjölbreytta flóru af athyglisverðri og sígildri rokk- og dægurtónlist allra tíma og sérstaklega er leitast við að hafa uppi á kunnuglegum númerum sem ekki hafa heyrst í langan tíma,“ segir Kristinn.



ÚTSKRIFT NEMENDA AF KVIKMYNDABRAUT



KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS

Laugardaginn 17. maí í Laugarásbíói kl. 13:00. Öllum heimill aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

10 NÝJAR STUTTMYNDIR



Pétur Kjærnsted
ID
Óttastu sjálfíð



Sölvi Mar Guðjónsson
Tómur strigi
Málarinn



Guðrún Lína Thoroddsen
Álfablót
Úr álfheimum á enginn afturkvæmt



Ólafur Már Jónsson
Allt fyrir ástina
Ert þú tilbúinn að leggja allt í sölurnar?



Úlfur Karlsson
Einskonar Alaska
Mögnuðustu myndirnar sem þú hefur séð, sástu með lokuð augun



Óttar Vignisson
Hinsti túrinn

Fast land undir fótum. Fullar hendur fjár. Fjandinn er laus.



Steinþór Einarsson
Stóra frumsýningin

Ný upplifun



Þorsteinn Einarsson
Steini's Inferno

The Myth - The Legend - The Music



Stefán Friðrik Friðriksson
Yfirborð

Trúir þú á tilviljanir?



Ragnar Pétur Pétursson
Þjófur þjófur

Hvað ungur nemur...





100 Eurovision lög!

Með öllum Sony BRAVIA sjónvörpum fylgir nú vandaður 4GB mp3 spilarinn með 100 Eurovision lögum á. Vertu með í alvöru Eurovision stemningu með frábæru sjónvarpi og vönduðum mp3 spilara fullum af tónlist.



NW-A806
 Sony Network Walkman A806 4GB mp3
 4GB minni 2700 lög eða 15 tímar af vídeó
 Vönduð heimatöl fylgja
 STAMNA rathlaða með 30 klst. endingu
 3 mín. hleðsla dugur fyrir 3 klst. afspilun
 2" QVGA skjár 240x320 línur

Verð áður 24.990,-

*ef keyptur með sjónvarpi að eigin vali



0 kr. *



249.900

KDL-40D3550
 Sony BRAVIA 40" LCD flatsjónvarp
 Full HD 1080p upplausn
 BRAVIA Engine • Theater Sync
 24p True Cinema • Live Colour Creation
 2 HDMI tengi • Photo TV HD
 Hægt að nota sem tölvuskjón VGA tengi

249.900,-

M&I cm 98.1 x 64.5 x 11.0

www.sonycenter.is

Kringlan
 103 Reykjavík
 Sími: 558-7669
info@sonycenter.is

Gætt á meðan birgðir endast

Sony Center



GUNNLEIFUR Tognaði lítillga í leiknum gegn Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnleifur Gunnleifsson: Stefnir að því að spila á mánudag

FÓTBOLTI Gunnleifur Gunnleifsson hefur ekki misst af deildarleik með HK frá árinu 1999 og ætlar ekki að byrja á því núna, að eigin sögn. Ökklinn á Gunnleifi er tognður á litlu svæði á ökklanum og er fyrirliðinn bjartsýnn á að ná leiknum gegn Keflavík á mánudag.

„Við verðum að sjá til á síðustu stundu. Ég hef hugsað vel um mig með kælingum og ég ætla að halda því áfram um helgina. En ég stefni að því að spila, ekki spurning,“ sagði Gunnleifur við Fréttablaðið í gær. - hph

Erla Dögg Haraldsdóttir: Bætti enn eitt Íslandsmetið

SUND Sundkonan Erla Dögg Haraldsdóttir setti enn eitt Íslandsmetið þegar hún synti 200 metra bringusund á 2.26,64 mínútum á Sparisjóðsmóttinu í Vatnaveröld í Keflavík í gær.

Erla Dögg bætti þar fjögurra ára met Láru Hrunnar Bjargardóttur um tæpar fjórar sekúndur en hún hafði sett stefnuna á að vera fyrst kvenna á Íslandi til að synda undir 2:30.00 í 200m bringusundi og gerði gott betur.

Karlasveit ÍRB setti einnig Íslandsmet í 4x100m fjórundi og var sveitin skipuð þeim Davíð Hildiberg Aðalsteinsyni, Guðna Emilssyni, Birki Má Jónssyni og Árna Má Árnasyni. - óó

Framarar fögnuðu Íslandsmeistararitli þegar þeir voru síðast í sömu stöðu:

Besta byrjun Framara í 18 ár

FÓTBOLTI Framarar eru með fullt hús og hreint mark eftir tvær fyrstu umferðirnar í Landsbankadeild karla og hafa ekki byrjað betur í efstu deild síðan sumarið 1990, eða síðast þegar þeir fögnuðu Íslandsmeistararitlinum.

Síðustu tvö skipti sem Fram hefur unnið fyrstu tvo leiki sína hefur liðið unnið titilinn því Framarar unnu líka fyrstu tvo leiki sína sumarið 1988.

Fram vann Fylki 3-0 á útivelli í fyrsta leik og fylgdi því síðan eftir með 2-0 heimasigri á HK.

Fyrir átján árum vann Framliðið 4-0 útisigri á ÍBV í 1. leik og fylgdi því síðan eftir með 4-0 heimasigri á ÍA. - óó

AÐ SPILA VEL Auðun Helgason hefur byrjað vel í Fram og liðið hefur ekki enn fengið á sig mark. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



Hermann vill skrá sig og klúbbinn á spjöld sögunnar

Bikarúrslitaleikur númer 126 fer fram á Wembley í dag. „Ekkert vanmat í gangi,“ segir Hermann Hreiðarsson sem verður væntanlega í byrjunarliði Portsmouth.

FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson verður að öllum líkindum á sínum stað í byrjunarliði Portsmouth í dag. Í húfi er sjálfur bikarmeistararitillinn á Englandi og andstæðingurinn er 1. deildarliðið Cardiff. Flestir hallast að sigri Portsmouth.

„Við reynum að haga undirbúningi eins og venja er og nálgumst leikinn eins og um hvern annan leik væri að ræða. Menn hafa komið sér inn í ákveðna rútnu og við viljum ekki breyta of miklu út af vananum,“ sagði Hermann en þó eru smávægilegar áherslubreytingar hjá Harry Redknapp.

Liðið fór snemma til London og fór meðal annars út að borða saman á fimmtudagskvöld og skemmti sér svo um kvöldið. „Það er verið að kýla hópinn aðeins saman og þetta mannskapinn. Þetta er bara létt og skemmtilegt og reynt að halda mönnum á jörðinni,“ sagði Eyjamaðurinn sem á góðar minningar frá Wembley.

„Við könnumst við umhverfið frá undanúrslitaleiknum og allir eiga góðar minningar frá þeim degi. Við fáum sama búningsherbergi og okkar búninga,“ segir Hermann en liðið æfir ekki á Wembley fyrir leikinn.

Cardiff leikur í ensku 1. deildinni og segir Hermann lyklatríði að vanmeta ekki andstæðingana. „Að vera sterkari á pappírnum telur ekki neitt. Dagsformið er



SAMRÝMDIR David James og Hermann Hreiðarsson féllust í faðma eftir að sætið í úrslitaleiknum var tryggt. Fagna þeir í dag? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

það eina sem skiptir og ef við spilum vel eigum við að vinna,“ sagði Hermann sem gat lítið gefið upp um leikaðferð Portsmouth í leiknum. „Það kemur í ljós, en það er lyklatríði að byrja vel.“

Portsmouth á einn stóran titil í

bikarasafninu, enska bikarinn sem félagið vann árið 1939. „Það er óhætt að segja að þetta sé stór dagur. Við getum skráð klúbbinn á spjöld sögunnar og við viljum vera þátttakendur í því,“ sagði Hermann. hjalti@frettabladid.is



BESTI MAÐUR VALLARSINS Garðar Jóhannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Norska úrvalsdeildin:

Garðar frábær

FÓTBOLTI Garðar Jóhannsson átti frábæran leik í 5-0 sigri Fredrikstad á Haraldi Guðmundssyni og félagum í Aalesund í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta í gær.

Garðar skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik og lagði síðan upp tvö síðustu mörk liðsins í þeim seinni. Fyrri markið skoraði Garðar með skalla á 39. mínútu en seinna markið gerði hann á lokamínútu fyrri hálfleiks eftir að hafa sloppið í gegnum vörðina.

Veigar Páll Gunnarsson var maðurinn á bak við bæði mörk Stabæk í 2-0 sigri á Lyn, það fyrri skoraði Daniel Nannskog þegar hann fylgdi á eftir skoti Veigars en það síðara gerði Johan Andersson eftir stoðsendingu Veigars.

Gylfi Einarsson lagði síðan upp sigurmark Thorstein Helstad í 1-0 sigri Brann á Vålerenga. - óó

Úrslit danska handboltans: Arnór og félagar höfðu betur

HANDBOLTI Arnór Atlason (2 mörk) og félagar í FCK Handbold höfðu unnu sjö marka sigur á GOG Svendborg, 36-29, í fyrsta úrslitaleiknum um danska meistararitilinn í handbolta í gærkvöldi. FCK var 19-13 yfir í hálfleik en maðurinn á bak við sigurinn var norsk landsliðsmarkvörðurinn Steinar Ege sem varði meðal annars fjögur víti.

Með GOG spila þeir Snorri Steinn Guðjónsson (3 mörk) og Ásgeir Örn Hallgrímsson (0 mörk) en þeir áttu engin svör við góðum leik deildarmeistaranna. Næsti leikur er á heimavelli GOG á þriðjudag. - óó

“Spilaðu í Ecco golfskóm eins og meistararnir!”



Björg Leifur Halþósson

Sigurpáll Geir Sveinsson

Örn Evar Hjartarson

Ólaf María Jónsdóttir

Ólafur Már Sigurðsson

Ragnhildur Sigurðardóttir

Heiðar Davíð Bragason

Verðum með kynningu á ecco golfskóm í Básunum í dag frá kl. 10-18.

Sérfræðingur verður á staðnum.



2008 línan komin í verslanir.

ecco

Árþing HSÍ fer fram í dag þar sem formannslagur verður meðal stærstu mála: Úrslitakeppnin tekin upp aftur?

HANDBOLTI Í dag fer fram 51. árþing HSÍ þar sem búast má við miklum hasar. Skeggrætt hefur verið um deildafyrirkomulagið en Einar Þorvarðarson, framkvæmdarstjóri HSÍ, segir að framtíðarstefnan sé alltaf að hafa tvær deildir. Spurningin er aftur á móti hversu stórar deildirnar verða og hvort úrslitakeppni verði tekin upp á nýjan leik.

Einar segir að framtíðarsýnin sé að stækka úrvalsdeildina, hvenær sem það gerist. Í vetur léku sextán meistaraflokkslið á Íslandsmóttinu, átta í hvorri deild. Með fjölgun í átján lið yrðu tíu lið í efri deild en áfram yrði spiluð þreföld umferð, eins og í vetur. Þegar liðum fjölgað upp í 22 meistaraflokkslið yrði efri deildin spiluð með tólf liðum og tvöfaldri umferð.

„Niðurstaðan finnst mér vera að það þurfi alltaf að vera undirdeild. Stærðin á úrvalsdeildinni var minnkuð til að fá ný lið inn og það hefur tekist vel upp. Að hafa úrslitakeppni er síðan möguleiki sem hægt er að bæta við. Það verður rætt á þinginu,“ sagði Einar. Stjórnin

leggur einnig til að hún fái meiri vald, líkt og þekkist til dæmis hjá KSÍ. „Þá er hægt að



STÖKKBREYTINGAR FRAMUNDAN Miklar breytingar gætu orðið á deildafyrirkomulagi bæði hjá körlunum og konunum um helgina á árþingi HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

bregðast hraðar við ýmsum málum. Það felst til að mynda í reglugerðarbreytingum. Þannig getur stjórn HSÍ breytt ýmsu án þess að það þurfi að fara í gegnum árþingið,“ sagði Einar.

Hlynur Sigmarsson staðfesti í gær að hann ætlaði sér að taka fullan þátt í formannslagnum. Hann býður sig fram gegn sitjandi formanni, Guðmundi Ingvarssyni. „Það er aldrei auðvelt að fara í

svona slag,“ sagði Hlynur í gær.

„Ég vil að stjórnin komist nær grasrótinni. Svo vil ég laga útbreiðslu- og markaðsmál, þetta er það sem ég vil leggja áherslu á. Svo vil ég vinna gott og dugmikið starf áfram. Ég hef metnað til að lyfta handboltanum á hærra plajni og ég hef fulla trú á því að ég geti það,“ sagði Hlynur sem hefur fundið fyrir vaxandi stuðningi undanfarið. - hph



ecco®



Dömu

Herra

RXP 1000 - 29033
Stærðir 36-42



Nirvana - 68993
Stærðir 36-42



Xpedition - 68024
Stærðir 40-47



Xpedition - 68804
Stærðir 40-47



R. Ultra Ter - 26183
Stærðir 36-42



Spark - 16393
Stærðir 36-42



Exorcise - 69354
Stærðir 40-47



Cas.Sandal - 45214
Stærðir 40-47



Crossport - 29703
Stærðir 36-42



Spark - 16273
Stærðir 36-42



R.Range - 28214
Stærðir 40-47



Cas.Sandal - 45234
Stærðir 40-47



Offroad - 69533
Stærðir 36-42



Spark - 16363
Stærðir 36-42



A-Traction - 68404
Stærðir 40-47



Offroad - 69534
Stærðir 40-50



ecco®

KRINGLAN - LAUGAVEGUR - SMÁRALIND

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Saved!

Stórskemmtileg gamanmynd og lúmsk ádeila með Mandý Moore og Macaulay Culkin úr Home Alone í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um stelpu í sannkristnum skóla sem verður ólétt eftir að hafa reynt að „snúa“ besta vini sínum sem hún hrædd er um að sé samkynhneigður. Þetta setur skólafarir á annan endann og skyndilega er allt farið að snúast um allt það sem ekki má.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Portsmouth-Cardiff Bein útsending

Stöð 2 sport kl. 13:00

Hermann Hreiðarson og félagar í Portsmouth mæta 1. deildarliðinu Cardiff í úrslitaleik elstu bikarkeppni í heimi. Þetta er 127. úrslitaleikur keppinnar og Hermann verður fyrsti Íslendingurinn sem spilar bikarúrslitaleik á Wembley. Það eru liðin 17 ár síðan Guðni Bergsson varð bikarmeistari með Tottenham en Guðni fékk þá ekki að koma inn á í úrslitaleikum og Hermann getur því komist lengra en hann í dag.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregni
06.50 Bæn
07.05 Óskastundin
08.05 Útúr nóttinni... og inni daginn
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregni
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Þjóðbrók
15.20 Það vorar fyrir vestan
16.00 Síðdegisfréttir

16.08 Veðurfregni
16.10 Söguþula, sögð af einu fífla
17.00 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Hundur í útvarpsall
19.00 Heimur óperunnar
20.00 Sagnaslóð
20.40 Og svo átti maður að horfa á þetta
21.30 Hugleiðingar um skáld og skáldskap
22.07 Veðurfregni
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Brynja
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtonar
00.50 Veðurfregni
01.03 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

15.00 Hollyoaks

15.25 Hollyoaks

15.50 Hollyoaks

16.15 Hollyoaks

16.40 Hollyoaks

17.05 Skífulistinn X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögina í Íslandi í hverri viku.

▶ 19.00 Talk Show With Spike Feresten (10:22) Þáttastjórnandinn Spike Feresten fær til sín allar stjórnurarnar í Hollywood þar sem þær taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi furðuleg.

19.30 Comedy Inc. (15:22) Sprenghlæglur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

20.00 So You Think You Can Dance

20.45 So You Think You Can Dance

21.30 Entourage (6:20) Raunalegt framapöt Vincents og félagar í Hollywood heldur áfram.

22.00 The Class (6:19) Gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár.

22.25 Talk Show With Spike Feresten

22.55 Comedy Inc.

23.20 So You Think You Can Dance

00.05 So You Think You Can Dance

00.50 Entourage (6:20)

01.15 The Class (6:19)

01.40 Tónlistarmyndbönd frá Skifan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link 11.00 Ballykissangel 12.00 Ballykissangel 13.00 Ballykissangel 14.00 Ballykissangel 15.00 Ballykissangel 16.00 Ballykissangel 17.00 Ray Mears' Extreme Survival 18.00 The Weakest Link 19.00 Mr Harvey Lights a Candle 20.30 Next of Kin 21.00 Only Fools and Horses 21.30 Coupling 22.00 Ray Mears' Extreme Survival 23.00 Mr Harvey Lights a Candle 0.30 Next of Kin 1.00 Only Fools and Horses 1.30 Coupling 2.00 Mr Harvey Lights a Candle

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Troldspejlet 10.30 Boogie Lørdag 11.00 Pigerne mod drengene 11.35 Family Guy 12.00 Truslen fra dybet 12.40 Ønskehaven 13.15 Optaktsudsendelse til det Europæiske Melodi Grand Prix 14.05 På togt med kongeskibet 15.05 OBS 15.10 For søndagen 15.20 Held og Lotto 15.30 Lunas hemmelige plan 16.00 Natur til hele banden 16.30 TV Avisen med vejret 16.55 SportNyt 17.05 Naturens dyrebørn 18.00 Sommer i Tyrrol 19.40 Kriminalkommissær Barnaby 21.15 Kodenavn: Jane Doe 22.40 Conviction

NRK1

8.00 Gratulerer med dagen! 12.05 Egil Monn-Iversen 80 år 13.05 Adresse Beograd 13.35 Giro d'Italia direkte: 8. etappe 15.25 Geiranger - verdens vakreste fjord 15.50 Ømme føtter, såre lepper 16.00 Barnas supershow 16.30 To norske kortfilmer 16.40 Baluba Runa 17.00 Dagsrevyen 17.30 Lotto-trekning 17.40 Gratulerer med dagen! 18.30 Fredrikssons fabrikk 19.55 Hva ville Wergeland? 20.25 Sjukehuset i Aidsensfield 21.15 Kveldsnytt 21.30 Erin Brockovich 23.35 Dansefot jukeboks med chat

SVT 1

10.20 Morgonsoffan 10.50 Kobra 11.20 Andra Avenyn 11.50 Andra Avenyn 12.20 Andra Avenyn 12.50 Eurovision Countdown 2008 13.15 Uppdrag Granskning 14.15 Sthlm 15.00 Så ska det låta 16.00 Bolibompa 16.05 Disneydags 17.00 Eva och Adam 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Glasklart 19.00 Sixties 19.30 Solia 20.00 Brottskod: Försvunnen 20.45 Rapport 20.50 Jazzens stjärnor i Europa 22.25 Det amerikanska imperiets fall



GOTT Á HAUS
NOTUM HJÁLM

HVITA HÚSÍÐ/SÍJA - 08-0763

MOTORS

á horni Laugavegar og Nóatúns



Allur skalinn í mótórhjólábúnaði, allt frá ódýrum en vönduðum hlífðarfatnaði upp í klæðskera-saumuð hágæða leðurföt, handsmíðaða skó og hjálma og allt þar á milli.

Ótrúlegt úrval fatnaðar fyrir konur og karla.

**Sumarið er tíminn
- Motors er staðurinn!**

Opnunartími: Alla virka daga 12-18 :: Laugardaga 12-16

RICHA

SEGURA

BLU

WEST COAST SHOE COMPANY
Wesco
SINCE 1918

Aviator Goggle
BY LÉON JEANTET
DISTRIBUTED BY DAVIDA

DAVIDA
MADE IN ENGLAND

MOTORS

Sérverslun vélhjólafólks
Laugavegi 168, gengið inn frá Nóatúni :: Sími 511 2121



BAKÞANKAR
Guðmundur
Steingrímssonar

Íslenska sólin

Í vikunni skein sólin loksins á Höfuðborgarsvæðinu. Eins og margir aðrir fór ég niður á Austurvöll og sat þar og borðaði hádegismat, skeggræddi við félagana og leið dálítið eins og ég væri heimsborgari. Svo hjólaði ég um bæinn í sólinni í mínum erindagjörðum, hitti fullt af fólki og var hress.

UM kvöldið kom náttúrlega í ljós að ég var eins og tómatúr í framan. Ég hafði sólbrúnið um allt andlitið, en bar þó hvíta Zorrogrímu á þeim stað sem sólgeraugun höfðu verið. Dálítið smart, en þó ekki. Mín fyrsta hugsun varðaði hið óréttláta hlutskipti. Hvað á þetta að þýða? Á maður virkilega, svona rétt þegar kemur smá sólarglæta á þessu landi, að fara að kafa inn í baðherbergisskáp til að leita að sólarvörn? Á það að vera manns fyrsta hugsun? Sólarvörn á Íslandi?

SLÍKT hefur ekki hvarflað að mér nema mögulega í hitabylgjunni í ágúst árið 2004, þegar Ríkisskattstjóri gaf frí og snákur fannst í Grindavík. Og nú er það ekki ætlun mín að skrifa hér um nýja rannsókn á tíðni sortuæxla, en vísbendingar virðast gefa til kynna að margir Íslendingar séu svipað þenkjandi og ég. Fólk er hér meira og minna skaðbrunnið vegna þess að það trúir því ekki að íslenska sólin geri nokkrum mein.

ÞAÐ er nefnilega þetta með íslensku sólinu. Ég átti einhvern tímann samræðu um hana við einhvern. Hún fjallaði um það, að íslenska sólin væri á einhvern hátt frábrugðin öðrum sólum. Ég man að ég jánkæði þessu. Núna þegar ég hugsa um þetta sé ég auðvitað hversu fáránlegt þetta er. Íslensk sól? Þjóðarsól?

ÞAÐ er bara ein sól í þessu sólkerfi. Hún brennir hér og brennir þar. Jafnt á Akureyri sem Abu Dhabi. En villa þessi er lævis. Hugmyndin um íslensku sólinu, sem brennir á einhvern hátt minna, stingur upp kollinum reglulega í þjóðfélagsmæðunni.

ÞEGAR við erum beðin um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda erum við gjörn á að stökkva upp á nef okkar og segja: Hva, okkar mengun er öðruvísi! Þetta er íslensk mengun! Góð mengun! Og þegar krónan okkar verður alþjóðleg kaupahéðnum að bráð eigum við til að undrast, því við héldum kannski að krónan væri spes, og þyrfti engar varnir gegn alþjóðlegri vá.

ÞETTA er íslenska sólarheilkennið (e. The Icelandic Sun Syndrome). Það leiðir til þess að fólk sól-brennur og gengur um með hvíta Zorrogrímu.

GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn 17. maí, 139. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	4.09	13.24
Akureyri	3.30	13.09

Heimild: Almanak Háskólans

Úti á túni

Öll garðhúsgögnin eru úr gegnheilum akasívið.

3.990,-/settið

TÄRNÖ borð B54xL55, H70 cm 1.590,-
TÄRNÖ stólar B54xL55, H70 cm 1.200,-/stk.

GRENÖ púðar, ýmsir litir 65x65 cm 1.690,-/stk.

SOMMAR lampi f/kubbakerti, ýmsir litir H41 cm 1.490,-

SOMMAR skurðarbretti m/hníf, beyki L20xB16 cm 395,-

SALVIA fata/blómapottur, galvaniserað 10 l. 695,-

BOLLÖ bekkur B90, sætishæð 47 cm 6.490,-
BOLLÖ felliborð L113xB64, H72 cm 5.290,-
BOLLÖ fellistóll, sætishæð 46 cm 2.490,-

VÄDERÖ bekkur sætishæð 35, B114 cm 9.990,-
VÄDERÖ borð B114xD59, H36 cm 5.990,-
Fæst einnig í rauðu.

2.990,-
VÄDERÖ púði á bekk, ýmsir litir 110x40 cm
Passar á VÄDERÖ bekk.

995,-
SKINA hangandi útiskraut Ø20 blóm/rafhlöðuknúið

SANDIG sandkassadót, 4 hlutir 450,-

7.990,-
KARLSÖ sólllíf, ýmsir litir Ø300 cm

SANDIG skóflur, 195,-/stk.

SOMMAR brauðkarfa, ólitað Ø23 cm 195,-

STORÖN borð B200xD100, H73 cm 19.990,-
STORÖN hægindastóll, sætishæð 41 cm 8.990,-

ÄPPLARÖ fellistóll, sætishæð 44 cm 4.890,-
ÄPPLARÖ felliborð B20/133xD62, H71 cm 8.990,-

Sænskar kjötbollur með kartöflum, týtuberjasultu og rjómasósu (10 stk.)

540,-

IKEA FOOD

NÝR BÆKLINGUR!

SUMARID ER KOMID
Taktu það með þú þess

Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00
Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrir en verslun

www.IKEA.is